allt
Guðjón Rúnarsson:
*Gott að hugsa í þvottahúsinu*
• heimili • matur • tíska
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Helga Vala yfir á Gufuna:
*Starfsfólk talmálsútvarps þegir*
• óvissa með ingva hrafn
SÍÐA 38 ▶







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20 janúar 2005 – 18. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**FIMMTUDAGUR**



**EFTIRLAUN SENDIHERRA** Fyrrverandi utanríkisráðherra og núverandi sendiherra í Finnlandi hefur rétt á tæplega 400.000 króna eftirlaunum á mánuði auk fullra launa vegna sendiherrastöðu sinnar. Sjá síðu 2

**FÍNA FÓLKIÐ NOTAR KÓKAÍN** Yfirlögregluþjónn í Reykjavík segir fíkniefnaneytendur vera fjölbreyttari nú en áður. Margir kókaínneytenda séu þekkt og fínt fólk. Sjá síðu 6

**NÝ SÓKN FYRIR EYJAGÖNGUM** Árni Johnsen blæs til sóknar í dag í samgöngumálum Vestmannaeyinga. Hann ætlar að kynna gjörbreyttar forsendur fyrir göngum til Eyja. Sjá síðu 8

**225 ÞÚSUND LÁTNIR** Ljóst er orðið að minnst 225 þúsund manns létu lífið af völdum flóðbylgjunnar í Asíu. Hún er því orðin að næstmannskæðustu náttúruhamförum í rúma öld. Sjá síðu 10

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÉLJAGANGUR NYRÐRA** Bjart með köflum syðra. Frost víðast 1-8 stig. Sjá síðu 4.

**DAGURINN Í DAG**



**KR MÆTIR NJARÐVÍK** Fjórir leikir verða í Intersport-deild karla í körfubolta klukkan 19.15. KFÍ mætir Tindastól, KR tekur á móti Njarðvík, Fjölnir sækir ÍR heim og Snæfell mætir Hamari/Selfossi. Í 1. deild kvenna mætast Haukar og Grindavík klukkan 19.15.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 26 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |


# Stuðningurinn aldrei ræddur

## Utanríkismálanefnd fjallaði aldrei um hugsanlegan stuðning Íslendinga við innrás Bandaríkjamanna og Breta á fundum sínum veturinn 2002 til 2003. Málefni Íraks komu til umræðu á tveimur fundum.

**ÍRAKSMÁLIÐ** Veturinn 2002 til 2003 voru málefni tengd Írak einungis til umræðu á tveimur fundum utanríkismálanefndar. Á hvorugum þeirra var ræddur hugsanlegur stuðningur Íslendinga við innrásina í Írak heldur var einungis rætt um tiltekin mál er vörðuðu skýrslu vopnaleitarmanna og þingsályktunartillögu Vinstri grænna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sat Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, fund utanríkismálanefndar 19. febrúar. Hann gerði nefndinni grein fyrir skýrslu Hans Blix, yfirmanns vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna, til öryggisráðs SÞ. Ekki var rætt um það á fundinum hvort Íslendingar ættu að styðja innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak eða til hennar kæmi.

Síðari fundurinn fór fram 2. mars þar sem rætt var um þingsályktunartillögu Vinstri grænna um að ríkisstjórnin beitti sér gegn áformum um innrás í Írak og að Ísland stæði utan við hvers kyns hernaðaraðgerðir gegn Írak. Ekki var rætt um það á fundinum hvort Íslendingar ættu að styðja innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak ef til hennar kæmi.

„Ég hef farið yfir málið í mínum gögnum og fæ ekki betur séð en að umræður um ástandið í Írak hafi farið fram tvisvar sinnum í nefndinni þennan vetur. Hinn einfaldi sannleikur er sá að það var aldrei rætt um stuðning við innrás Breta og Bandaríkjamanna í nefndinni,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

- sda

sjá síðu 4.

Hætt við innrás:

# Ísraelar ræða við Abbas

**ÍSRAEL, AP** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, aflétti í gær samskiptabanni við Mahmoud Abbas, forseta Palestínu. Í kjölfarið funduðu yfirmenn öryggismála Ísraels og Palestínu um hvernig hægt væri að sporna við auknu ofbeldi. Sharon bannaði ráðamönnum að hafa samskipti við Abbas eftir sjálfsmorðsárás palestínskra öfgamanna í síðustu viku.

Mikil spenna ríkti fyrir botni Miðjarðarhafs í gær. Um miðjan dag heimilaði Sharon hershöfðingjum Ísraelshers að hefja undirbúning innrásar á Gaza-svæðið. Þau áform voru lögð í salt eftir að fregnir bárust af því að Abbas væri að ná samkomulagi við leiðtoga Hamas og Jihad um að hætta árásum og óskaði einnig eftir viðræðum við ísraelsk stjórnvöld um að binda enda á ölduna. Þessi viðleitni Palestínumanna og sú ákvörðun þeirra að senda hundruð lögreglumanna að landamærunum varð til þess að Sharon hætti við undirbúning innrásar. ■




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SIGURINN Í HÖFN** Borghyltingar héldu ekki vatni eftir góðan sigur á Menntaskólanum í Reykjavík í Gettu betur spurningakeppninni í gær. Í liði Borgarholtsskóla eru frá vinstri: Björgólfur Guðni Guðbjörnsson, Steinþór Helgi Arnsteinsson og Baldvin Már Baldvinsson.

Gettu betur:

# MR úr leik

**SPURNINGAKEPPNI** „Þetta var góður sigur og við ætlum að vinna keppnina í ár,“ segir Steinþór H. Arnsteinsson úr spurningaliði Borgarholtsskóla sem sló lið Menntaskólans í Reykjavík út úr spurningakeppninni Gettu betur í gærkvöld. Lið MR kemst því ekki áfram í fjórðungsúrslit í sjónvarpi en það hefur ekki gerst síðan 1991.

Borghyltingar náðu mest fimm stiga forystu en MR-ingar náðu að saxa á muninn og þegar fjögur stig voru eftir í pottinum skildi eitt stig liðin að. Borgarholtsskóli tryggði sér þá sigurinn með því að fá tvö stig fyrir að svara spurningu með tóndæmi rétt.

Borghyltingar slógu MR einnig út í keppninni í fyrra en fyrir það hafði lið MR unnið keppnina ellefu ár í röð. Borgarholtsskóli komst í úrslit í fyrra en tapaði þar fyrir Verzlunarskóla Íslands. - bs


**Meðallestur dagblaða**




Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups nóvember 2004


Framkvæmdastjóri Alþjóðasambands byggingaverkamanna skoðar aðstæður í dag:

# Ætlar ekki blanda sér í deiluna

**KJARAMÁL** Fulltrúar ítölsku verkalýðshreyfingarinnar og Alþjóðasambands byggingaverkamanna komu til Egilsstaða í gærkvöld. Ítalarnir eru fjórir og skoða þeir aðbúnað verkamanna hjá Impregilo í dag.

Marion Hellmann, framkvæmdastjóri Alþjóðasambandsins, sagði við komuna til Egilsstaða í gærkvöld að þeir myndu láta skoðun sína í ljós eftir skoðunarferðina í dag.

„Við verðum ekki hlutlausir en við munum heldur ekki blanda okkur í deiluna. Við munum hinsvegar segja skoðun okkar hreinskilnislega í lok dagsins,“ sagði hann.

Heimsókn Ítalanna var skipulögð í framhaldi af rammasamkomulagi sem þeir náðu við Impregilo í lok nóvember. Markmið þess var að auka gagnsæi í aðstæðum verkamanna.

„Íslenska verkalýðshreyfingin tilheyrir alþjóðasamtökunum, hún er hluti af fjölskyldunni. Við komum fyrst hingað til lands því að hér er erfiður tími fyrir verkamenn, allar aðstæður erfiðar og veðráttan sömuleiðis. Síðar munum við skoða aðstæður í öðrum löndum,“ sagði Hellmann.

- ghs



**Á EGILSSTAÐAFLUGVELLI**
Þrír fulltrúar ítölsku verkalýðshreyfingarinnar og einn fulltrúi Alþjóðasambands byggingaverkamanna á tali við blaðamann Fréttablaðsins á Egilsstaðaflugvelli í gærkvöld. Þeir skoða aðstæður á Kárahnjúkum í dag.






## SPURNING DAGSINS

*Skúli, hitti skrattinn þarna ömmu sína?*

**„Nei, þetta var bara einhver aulabrandari hjá 10-11.“**

Skúli Einarsson, formaður Matsveinafélags Íslands, hefur mótmælt auglýsingum verslana 10-11 þar sem segir að Guð hafi skapað lambakjöt en djöfullinn kokka og segist ekki vera getinn af djöflinum frekar en aðrir kokkar.

Björgólfur Guðmundsson og Þóra Hallgrímsson:

# Stofna minningarsjóð um dóttur sína

**MINNINGARSJÓÐUR** Hjónin Þóra Hallgrímsson og Björgólfur Guðmundsson hafa stofnað minningarsjóð um dóttur sína, Margréti, og lagt fram stofnfé að upphæð 500 milljónir króna. Markmið sjóðsins er að stuðla að heilbrigðu líferni og bættu mannlífi og efla menntir, menningu og íþróttir. Sjóðurinn mun styrkja einstaklinga, verkefni og félög til mennta og athafna, ekki síst á alþjóðlegum vettvangi. Áætlað er að styrkveitingar nemi um 75 til 100 milljónum króna á ári.

Margrét Björgólfsdóttir var fædd árið 1955 en lést af slysförum árið 1989. Hún lauk meðal annars einsöngvaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík og lagði stund á nám í austurlenskum lækningum erlendis. Hún stofnaði og rak fyrirtæki sem framleiddi og dreifði hollustuvörum og rak um tíma matstofu hjá Náttúrulækningafélagi Íslands. Eiginmaður Margrétar var Jónas Sen píanóleikari.

Stjórn minningarsjóðsins skipa Björgólfur Guðmundsson, formaður, Bentína Björgólfsdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður. Sjóðurinn auglýsir tvisvar á ári eftir umsóknum, nú fyrst í febrúar á þessu ári.

- bs



**MARGRÉT BJÖRGÓLFSDÓTTIR**
Margrét lést af slysförum aðeins 33 ára gömul. Hún var listhneigð og var annt um heilsu og vellíðan sína og annarra.

Ófært víða:

# Margir fastir á Hellisheiði

**ÓFÆRÐ** Hjálparsveit skáta í Hveragerði var kölluð út um hádegi í gær til að aðstoða bíla sem voru í vandræðum á Hellisheiði. Margir bílar lentu í vandræðum í gær vegna ófærðar. Þá voru björgunarsveitarmenn úr Hveragerði beðnir um aðstoð innanbæjar í Hveragerði við að koma skólabörnum til síns heima og aðstoða heilbrigðisstarfsfólk við að komast leiðar sinnar.

Hellisheiði var lokað í gær vegna ófærðar og þæfingsfærð var á Sandskeiði, í Þrengslum og víða á Suðurlandi. Þá var stórhríð á Kleifaheiði og vonskuveður á Steingrímsfjarðarheiði.

- bs

Nígeríumaður látinn laus:

# Fór strax úr landi

**LÖGREGLA** Nígeríumaður sem handtekinn var í tengslum við innflutning á tæpu kílói af kókaíni fyrir tveimur vikum hefur verið látinn laus. Sá sem flutti kókaínið inn er tæplega þrítugur Ungverji en hann situr enn í gæsluvarðhaldi.

Ekki þótti ástæða til að halda Nígeríumanninum lengur og var hann látinn laus á þriðjudagsmorgun. Hann fór úr landi strax sama dag. Rannsókn málsins stendur enn yfir.

Met var sett í magni innvortisinnflutnings þegar efnin komu til landsins en Ungverjinn hafði þurft að gleypa hluta þeirra aftur eftir að pakkningarnar höfðu skilað sér niður úr honum.

- hrs

Eþíópíumaður dæmdur:

# Fjögurra mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Eþíópíumaður með sænskt ríkisfang var í dag dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að aðstoða par frá Eþíópíu við að komast ólöglega inn í landið. Maðurinn var handtekinn í Leifsstöð skömmu fyrir áramót ásamt fólkinu sem kom hingað frá Osló, en ferðinni var heitið áfram vestur til Bandaríkjanna.

Parið var dæmt í mánaðarlangt fangelsi fyrir viku en maðurinn með sænska ríkisfangið var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir sinn þátt í málinu. Eyjólfur Kristjánsson, lögfræðingur hjá sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli, segir að fólkið verði sent til heimalanda sinna að lokinni afplánun.

-bs

# Opinberir starfsmenn með rétt á sérkjörum

**Samkvæmt útreikningum á Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og núverandi sendiherra, rétt á 630.000 króna eftirlaunum við 65 ára aldur. Það er óháð því hvort hann verður enn í starfi sem sendiherra. Jón Baldvin Hannibalsson á nú rétt á tæpum 400.000 krónum.**

**KJARAMÁL** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og núverandi sendiherra í Finnlandi, hefur rétt á tæplega 400.000 króna eftirlaunum á mánuði auk fullra launa vegna sendiherrastöðu sinnar, sem nema tæpri milljón króna sem er að stórum hluta skattfrjáls. Sjö fyrrverandi ráðherrar fá greidd eftirlaun þrátt fyrir að vera í fullu starfi á vegum ríkisins og samtals þáðu þeir sautján milljónir í eftirlaunagreiðslur á liðnu ári.

Lög um eftirlaun sem samþykkt voru á Alþingi í árslok 2003 gera ráð fyrir því að ráðherrar og alþingismenn geti farið á eftirlaun um sextugt. Eftirlaun þeirra eru þá þrjú prósent af þingfararkaupi fyrir hvert ár á þingi og sex prósent af ráðherraviðbót fyrir hvert ár á ráðherrastóli. Með lögunum voru heimildir til töku eftirlauna rýmkaðar og aðeins einn þeirra sjö sem nú þiggja eftirlaun hafði öðlast réttindi til þeirra fyrir gildistöku nýju laganna.

Þorsteinn Pálsson, sendiherra í Kaupmannahöfn og fyrrverandi forsætisráðherra, á nú rétt á svipuðum eftirlaunum og Jón Baldvin en um 65 ára aldur á hann rétt á um 630.000 krónum, óháð því hvort hann verður enn í starfi á vegum hins opinbera. Svavar Gestsson, fyrrverandi ráðherra og núverandi sendiherra í Svíþjóð, á rétt á um 350.000 krónum á mánuði í eftirlaunagreiðslur meðfram um milljón króna sendiherralaununum. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvort þessir einstaklingar hafa þegar nýtt sér rétt til eftirlauna.

Halldór Blöndal, forseti Alþingis, mælti fyrir frumvarpinu á sínum tíma og sagði að eitt af markmiðum þess væri að draga úr sókn gamalla þingmanna í embætti í stjórnkerfinu. Samþykkt laganna var umdeild á sínum tíma og taldi forusta Alþýðusambands Íslands að aukin réttindi ráðherra og þingmanna væru ekki í réttu hlutfalli við það sem almenningur ætti að venjast.

ghg@frettabladid.is



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON**
Sendiherra í Finnlandi. Þingmaður Alþýðuflokks 1982 til 1998, fjármálaráðherra 1987 til 1988 og utanríkisráðherra 1988 til 1995. Eftirlaunaréttur um **370.000** krónur.



**ÞORSTEINN PÁLSSON**
Sendiherra í Kaupmannahöfn. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1983 til 1999. Fjármálaráðherra 1985 til 1987, forsætisráðherra 1987 til 1988, sjávarútvegsráðherra og dómsmálaráðherra 1991 til 1999. Núverandi eftirlaunaréttur um **360.000** krónur. 42 prósenta skerðing til 65 ára aldurs. Eftir það verður eftirlaunarétturinn um 630.000.



**SVAVAR GESTSSON**
Sendiherra í Svíþjóð. Þingmaður Alþýðubandalags og Samfylkingar frá 1978 til 1999. Viðskiptaráðherra 1978 til 1979, félags- og heilbrigðismálaráðherra 1980 til 1983 og menntamálaráðherra 1988 til 1991. Núverandi eftirlaunaréttur um **350.000** krónur. 24 prósenta skerðing til 65 ára aldurs.



**GUÐMUNDUR BJARNASON**
Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs. Þingmaður Framsóknarflokksins frá 1979 til 1999. Heilbrigðisráðherra 1987 til 1991. Landbúnaðar- og umhverfisráðherra 1995 til 1999. Núverandi réttur um **330.000** krónur. 24 prósenta skerðing til 65 ára aldurs.





BORÐREIKNIVÉL

**Skrifstofumarkaður:**
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

**Verslanir Pennans:**
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

Penninn
www.penninn.is




**FRIÐRIK SOPHUSSON**
Forstjóri Landsvirkjunar. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1978 til 1998. Iðnaðarráðherra 1987 til 1988 og fjármálaráðherra 1991 til 1998. Eftirlaunaréttur um um **330.000** krónur.

**SIGHVATUR BJÖRGVINSSON**
Framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þingmaður Alþýðuflokks og Samfylkingar 1974 til 1983 og 1987 til 2001. Fjármálaráðherra 1979 til 1980, heilbrigðisráðherra 1991 til 1993 og 1994 til 1995 og viðskiptaráðherra 1993 til 1995. Núverandi eftirlaunaréttur um **290.000** krónur. Tólf prósenta skerðing til 65 ára aldurs.



**KJARTAN JÓHANNSSON**
Sendiherra í Belgíu. Þingmaður Alþýðuflokks frá 1978 til 1989. Sjávarútvegsráðherra 1978 til 1979 og sjávarútvegs- og viðskiptaráðherra 1979 til 1980. Eftirlaunaréttur um **210.000** krónur.



**EIÐUR GUÐNASON**
Sendiherra í Kína. Þingmaður Alþýðuflokks 1978 til 1993. Umhverfisráðherra frá 1991 til 1993. Eftirlaunaréttur um **250.000** krónur.



**TÓMAS INGI OLRICH**
Sendiherra í Frakklandi. Þingmaður Sjálfstæðisflokks frá 1991 til 2003. Menntamálaráðherra 2002 til 2003. Núverandi eftirlaunaréttur um **150.000** krónur. Átján prósenta skerðing til 65 ára aldurs.



# „Þetta er ekki grín"




Næstkomandi þriðjudag fá 10 miðaeigendur hjá Happdrætti Háskólans einnar milljónar króna vinning. Í kjölfarið verður hringt í þá alla og þeim færðar fréttirnar. Á síðasta ári voru 224 miðar dregnir út með milljónavinning og 780 milljónir króna greiddar út til miðaeigenda. Það getur því margborgað sig að eiga miða.

Þú þarft bara að hringja eitt símtal eða fara á vefinn til að eignast miða. Við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

**Fáðu þér miða í 800 6611 eða á www.hhi.is**

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.01.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,00 | 62,30 |
| Sterlingspund | GBP | 116,49 | 117,05 |
| Evra | EUR | 81,08 | 1,54 |
| Dönsk króna | DKK | 10,90 | 10,96 |
| Norsk króna | NOK | 9,95 | 10,01 |
| Sænsk króna | SEK | 8,99 | 9,04 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,61 |
| SDR | XDR | 94,44 | 95,00 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,53 -0,30%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Prestadeila í Garðabæ:

# Nauðugur einn kostur

**KIRKJAN** Sr. Hans Markús Hafsteinsson, sóknarprestur í Garðasókn, hefur vísað ágreiningi sínum við formann og varaformann sóknarnefndar, auk sóknarprests og djákna, til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.

Að sögn sr. Hans Markúsar er ástæðan sú að eftir ágreining í sókninni, boðaði biskup sættir í málinu 14. júlí og auk boðs um handleiðslu, úrskurðaði að ekki væri tilefni til breytingar á ráðningu sr. Hans Markúsar. Þessu höfnuðu fjórmenningarnir og skrifuðu greinargerðir til biskups þar að lútandi.

Sr. Hans Markús segir að þar af leiðandi hafi honum verið nauðugur kostur einn að leita til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar þar sem málið er nú í löglegum farvegi, en harmar þann ágreining sem upp er kominn.

Þá hefur einn sóknarnefndarmanna í Garðabæ, Sigmundur Hermundsson, lýst yfir að hann sé ósáttur við vinnubrögð formanns og varaformanns sóknarnefndar og segist vita um fleiri sóknarnefndarmenn sem séu sama sinnis. Í yfirlýsingunni kemur fram að ákvörðunin um að hafna úrskurði biskups hafi ekki verið gert með samráði eða vitund sóknarnefndar. **- ss**



**SR. HANS MARKÚS HAFSTEINSSON** Segir formann og varaformann sóknarnefndar, auk prests og djákna í Garðabæ, ekki hafa sætt sig við úrskurð biskups um sættir.

Prestadeila í Garðabæ:

# Bara bréf frá biskupi

**KIRKJAN** Matthías G. Pétursson, formaður sóknarnefndar Garðabæjar, segir að greinargerð verði send úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar 8. febrúar. Á meðan málið er enn í þeim farvegi sé ekki rétt að gefa upp hvaða ávirðingum hann og aðrir sitji undir.

Þá segir Matthías að biskup hafi ekki úrskurðað um neitt þann 14. júlí. Hann hafi einungis sent sér bréf. Á þriðjudagskvöld fundaði sóknarnefnd Garðabæjar, þar sem samþykkt var að styðja sóknarnefndarmennina og starfsmenn kirkjunnar í málinu gegn sr. Hans Markúsi Hafsteinssyni. **-ss**

Æðsti klerkur:

# Vígaferli helsta ógnin

**SÁDI-ARABÍA, AP** Ungir menn sem eru lokkaðir til vígaferla eru helsta þolraun íslams, sagði Sheik Abdul-Aziz al-Sheik, æðsti klerkur Sádi-Arabíu, þegar hann ávarpaði hluta þeirra tveggja milljóna múslima sem lögðu leið sína til Arafat-fjalls í Sádi-Arabíu í pílagrímsför við upphaf Hajj, trúarhátíðar múslima.



**FYRIRGEFNINGAR LEITAÐ** Fjöldi pílagríma kleif hið helga fjall Jabal al Rahma, fjall fyrirgefningarinnar.

Al-Sheik vísaði til ofbeldisverkja al-Kaídahreyfingarinnar og annarra hópa með sömu áherslur. „Hvernig myndir þú mæta Allah? Með blóð sakleysingja á höndum þínum eða hafandi neitað hjálp?“ spurði hann unga múslima. ■

Eistland:

# Stuðningur Finna lítill

**FINNLAND** Fyrrverandi forsætisráðherra Eistlands, Edgar Savisaar, gagnrýnir Finna í nýútkominni minningabók sinni fyrir að styðja land sitt ekki nægjanlega til sjálfstæðis. Í bókinni, þar sem hann rifjar upp atburði áranna 1990-1992, segir Savisaar að sumir finnskir stjórnmálamenn hafi frekar staðið í vegi Eistlands í átt að sjálfstæði en aðstoðað. Hann nefnir þar sérstaklega Mauno Koivisto, fyrrum forseta Finnlands, sem hann segir að hafi ekki getað tekið ákvarðanir án samþykkis Moskvu, en gagnrýnir einnig þáverandi utanríkisráðherra Finnlands, Paavo Väyrynen, og þáverandi forsætisráðherra Finnlands, Harri Holkeri. ■



**SIGRÍÐUR:** „Ég hef ekkert um þetta að segja.“



**EINAR K.:** „Ég tel að málefni Íraks hafi verið rædd.“



**ÞÓRUNN:** „Ákvörðunin um að styðja innrásina var aldrei rædd.“



**STEINGRÍMUR:** „Ákvörðunin sem slík var ekki til staðar.“



**MAGNÚS:** „Ég held að þetta hafi komið mjög snöggt upp.“



**BJÖRN:** „Ég ætla ekki að taka þátt í þessum „leik“.

# Breytir engu um vald ráðherra

**Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segist ekki taka þátt í því sem hann kallar „leik“ sem skipti engu máli. Fulltrúum stjórnarandstöðu og Framsóknarflokksins í utanríkismálanefnd ber saman um að ákvörðunin um stuðninginn við innrásina í Írak hafi aldrei verið rædd í utanríkismálanefnd.**

**ÍRAKSMÁLIÐ** „Það er algjörlega á hreinu að þótt staðan í Írak hafi verið rædd var stuðningur okkar við innrásina og vera okkar á listanum aldrei rætt í utanríkismálanefnd,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sem átti sæti í nefndinni á tímabilinu. „Ákvörðunin sem slík var ekki til staðar, né hafði verið boðað að hún væri í vændum,“ segir Steingrímur.

Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sat í utanríkismálanefnd á þessum tíma. „Ég man ekki til þess að það hafi verið lagt fyrir utanríkismálanefnd hvort Íslendingar ættu að styðja innrásina í Írak, ég held að þetta hafi komið mjög snöggt upp,“ segir Magnús. Jónína Bjartmarz hefur sagt hið sama opinberlega. Aðspurður segir Magnús að ákvörðunin hafi heldur aldrei verið rædd í þingflokknum.

Sigríður Anna Þórðardóttir var þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður nefndarinnar á umræddum tíma. Hún segist ekkert hafa um málið að segja. Björn Bjarnason sat fyrir Sjálfstæðisflokk í nefndinni. „Ég ætla ekki að taka þátt í þessum „leik“ sem skiptir engu máli og breytir engu um vald ráðherra eða annarra og svara því ekki spurningum þínum um þetta mál,“ segir Björn.

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, átti sæti í nefndinni. „Ég tel að málefni Íraks hafi verið rædd á breiðum grundvelli í utanríkismálanefnd og á Alþingi og fyrir innrásina og á eftir. Ég tel að með þeim umræðum hafi þingskaparákvæði, þar sem kveður á um samráðsgildi við utanríkismálanefnd, verið fullnægt að öllu leyti.“ Spurður hvort hugsanlegur stuðningur Íslendinga við innrásina hafi verið ræddur segist hann ekki vilja fara ofan í það efnislega sem rætt var á fundunum.

„Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn geta haldið því fram í sífellu að Íraksmálin hafi verið rædd þennan vetur,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. „Þegar rætt var um málefni Íraks var það alltaf að frumkvæði stjórnarandstöðunnar, bæði í þinginu og í utanríkismálanefnd. Það fyrir liggur að ákvörðunin um að styðja innrásina var aldrei rædd í utanríkismálanefnd, enda hefur forsætisráðherra, þáverandi utanríkisráðherra, margsagt að hann teldi að ekki hafi verið þörf á því,“ segir Þórunn.

**sda@frettabladid.is**





BORÐREIKNIVÉL

**Skrifstofumarkaður:**
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

**Verslanir Pennans:**
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

Penninn
www.penninn.is


## Veðrið

**KULDABOLI**
Norðlægar áttir leika um okkur. Hvassar fyrir austan en mun hægari um sunnan- og vestanvert landið. Éljagangur á Norður- og Austurlandi.

**HORFUR UM HELGINA**
Laugardagur: Norðvestlægar áttir, víðast hægar með stöku éljum hér og hvar. Frost 2-7 stig.
Sunnudagur: Vaxandi suðaustanátt og þykknar upp þegar líður á daginn. Ört hlýnandi veður um kvöldið með rigningu um sunnan- og vestanvert landið. Hiti allt að 6 stigum undir kvöld.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Hæg breytileg átt.

### Laugardagur




Sumstaðar strekkingur, síst þó vestan til. Stöku él víða um land.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C | skúrir | Frankfurt | 9°C | léttskýjað | Torrevieja | 20°C | skýjað |
| Osló | 0°C | snjóél | Prag | 3°C | léttskýjað | Róm | 13°C | skýjað |
| London | 12°C | léttskýjað | Amsterdam | 4°C | skúrir | New York | 2°C | léttskýjað |
| París | 12°C | skúrir | Varsjá | 3°C | alskýjað | Miami | 21°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# ADSL reikningurinn þinn kemur þér aldrei framar á óvart!

ENNEMM / SÍA / NM14786

**Tilboð á búnaði fyrir þráðlaust Internet**



**Verð:**

**2.490 kr.**

BÚNAÐURINN

Miðað við 12 mánaða bindingu



Tilboðið gildir út febrúar 2005.

Veldu úr nýjum áskriftarleiðum fyrir Internet um ADSL hjá Símanum þar sem reikningurinn þinn fer aldrei yfir ákveðna hámarksupphæð en þú getur notað netið eins og þú vilt.*

**Núverandi ADSL áskrifendur Símans ganga sjálfkrafa inn í nýju þjónustuna.**

Síminn býður þráðlausan endabúnað á tilboðsverði til þeirra sem hann þurfa.
Í öllum áskriftarleiðum er innifalin fyrirtaks vörn gegn vírusum og ruslpósti.

**Kynntu þér málið á siminn.is**

Síminn

*Kynntu þér nánar skilmála á siminn.is



## KJÖRKASSINN

*Ferðu til tannlæknis á hverju ári?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Heldurðu að kosningarnar í Írak eigi eftir að ganga vel fyrir sig?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Um 250 Kínverjar bíða atvinnuleyfis vegna Kárahnjúka:

# Koma fjörutíu Kínverja stöðvuð

**KÁRAHNJÚKAR** Koma rúmlega 40 Kínverja sem hugðust starfa á Kárahnjúkum hefur verið stöðvuð. Þeir fá ekki atvinnuleyfi meðan rannsókn ráðuneyta á starfsmannamálum Impregilo fer fram. Kínverjarnir höfðu fengið dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun þrátt fyrir að atvinnuleyfi lægi ekki fyrir.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir unnið að lausn málsins sem taki vonandi innan við vikutíma. Um 250 umsóknir Impregilo á atvinnu- og dvalarleyfum fyrir erlenda starfsmenn bíði afgreiðslu yfirvalda, flestar fyrir kínverska menn.

Gissur segir að Kínverjarnir séu ekki ráðnir í gegnum starfsmannaleigur. Þeir muni vinna án nokkurs milliliðs hjá fyrirtækinu. Þeim sé ætlað að sinna ólíkum störfum og þeir hafi allir reynslu af virkjunarframkvæmdum. Umsóknirnar nái til ólíks tíma. Þær fari eftir umfangi framkvæmdanna.

Ekki náðist í Ómar R. Valdimarsson talsmann Impregilo. ■



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM**
Um 200 Kínverjar starfa á Kárahnjúkum. Fyrirtækið Impregilo hefur sótt um starfsleyfi fyrir um 250 til viðbótar. Kínverjarnir eru þaulvanir virkjanaframkvæmdum.

Barentshaf:

# Mikla olíu að finna

**POLITIKEN, DANMÖRK** Norska olíufyrirtækið Statoil heldur því fram að olíu sem sé rúmlega 27 milljarða króna virði sé að finna í Barentshafi. Eftir því sem fram kemur í dagblaðinu Politiken gera Rússar kröfur til hluta af olíulindunum.

Talið er að olían sé á 155.000 ferkílómetra svæði, sem er um helmingur af stærð Noregs. Norðmenn og Rússar hafa deilt um mörk efnahagslögsögu landanna tveggja í 35 ár og munu hvorki norsk né rússnesk fyrirtæki fá aðgang að olíunni fyrr en deilan hefur verið leyst. ■

Gripinn með 400 grömm:

# Fleygði hassinu fram af svölum

**FÍKNIEFNI** Fjögur hundruð grömm af hassi fundust í húsleit á heimili tuttugu og fimm ára manns í Reykjavík seinni partinn á þriðjudag. Maðurinn var handtekinn og færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu.



**HASS**
Tæplega 800 fíkniefnabrot komu upp á síðasta ári í Reykjavík.

Maðurinn reyndi að losa sig við hassið þegar lögregluna bar að garði. Hann sást henda tveimur plötum af hassi fram af svölum íbúðarinnar sem er í fjölbýlishúsi. Honum var sleppt að loknum yfirheyrslum í fyrrakvöld en ekki þótti ástæða til að fara fram á gæsluvarðhald yfir manninum vegna rannsóknarhagsmuna. Maðurinn hefur lítillega komið áður við sögu lögreglu. Rannsókn málsins beinist að því hvort um sölu hafi verið að ræða.

Húsleitir sem þessar eru nær daglegt brauð en tæplega átta hundruð fíkniefnabrot komu upp í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík á síðasta ári. - hrs

# Þekkta og fína fólkið neytir kókaíns

**Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir fíkniefnaneytendur vera fjölbreyttari nú en áður. Margir kókaínneytenda séu þekkt og fínt fólk. Smáþjófar hafa ekki efni á dýrasta fíkniefninu, kókaíni.**

**KÓKAÍN** Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir hóp fíkniefnaneytenda orðinn breiðari. Áður hafi verið litið á fíkniefnaneytendur sem hálfgerða aumingja en annað eigi við þá sem eru í kókaínneyslu sem eru mikið til þekkta og fína fólkið.

Fyrir nokkrum árum hefðu langflestir landsmenn staðið saman með lögreglunni og talið fíkniefnaneyslu vera vandamál, að sögn Harðar. Nú sé neyslan orðin hluti af skemmtanamynstrinu. „Kókaín er dýrasta fíkniefnið og það eru ekki ræflarnir á götunni sem hafa efni á því, þetta er fína fólkið sem er að neyta þess. Eins og Stefán Máni rithöfundur sagði svo réttilega þá er þetta siðferðisvandamál,“ segir Hörður.

> „Það getur enginn treyst neinum í þessum bransa.

Hörður segir kókaínneytendurna hafa vit á því að nota lengri leiðir til að fá efnið. Lögreglan viti þó hverjir margir þeirra eru þó að ekki sé hægt að sanna það. „Það getur enginn treyst neinum í þessum bransa,“ segir Hörður. Hann telur breyttan opnunartíma eflaust hafa áhrif á aukna neyslu þar sem menn kýli sig út af kókaíni til að halda út allan tíma. Þeir sem það geri gangi með efnin á sér og neyti þeirra inni á stöðunum.

Hörður segist telja að neysla e-taflna hafi minnkað og vonar að því sé neytendunum sjálfum að þakka með minnkandi eftirspurn. Eins gæti ástæðan verið minnkandi framboð í kjölfar strangari dóma. Þá segir hann innflytjendur vilja þjóna þeim sem borga best og einnig sé kókaínið langdýrasta efnið. Grammið af kókaíni hefur kostað upp í fimmtán þúsund krónur og segir Hörður enga smáþjófa eða rúðubrjóta hafa efni á því. Eins segir hann að búast hafi mátt við því hér að fína fólkið hér myndi leita að tilbreytingu í kókaíni eins og gerst hefur annars staðar.

„Við einbeitum okkur að því að takmarka framboðið, innflutning, notkun, sölu og dreifingu. Vandinn er sá að markaðurinn hefur stækkað,“ segir Hörður.

hrs@frettabladid.is



**HÖRÐUR JÓHANNESSON**
Innflytjendur vilja þjóna þeim sem borga best og hafa peningana. Kókaín er dýrt og smákrimmar hafa ekki efni á því að öllu jöfnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Tungumálavandi innflytjenda:

# Stjórnvöld vilja auka íslenskunám

**MENNTAMÁL** Stjórnvöld hafa ákveðið að efna til samstarfs við Kennaraháskólann um úttekt á íslenskukennslu innflytjenda, að sögn Árna Magnússonar félagsmálaráðherra. Hann kvaðst frekar eiga von á að bætt yrði úr vankötnum sem kynnu að koma fram. Hann teldi að úrbóta væri þörf.

Í könnuninni á viðhorfum innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi kom fram að stór hluti þeirra áttu í miklum erfiðleikum með íslenskuna. Félagsmálaráðherra sagði niðurstöður könnunarinnar í mörgum atriðum athyglisverðar. Þar kæmi meðal annars fram, að innflytjendur teldu að þeir þyrftu virkilega á því að halda að læra meiri íslensku til að verða virkari þátttakendur í samfélaginu og væru mjög viljugir til þess. hann gat þess að starfandi væri samráðshópur ráðuneyta félagsmála, dómsmála og menntamála um þennan málaflokk.

„Það er kannski það sem kemur hvað ánægjulegast á óvart í könnuninni er að um 90 prósent þeirra sem svara eru viljugir til að læra meira í málinu,“ sagði Árni. „Við höfum heyrt af því að það er miklu meira brottfall á nemendum á þessum hópum heldur en almennt gerist, eflaust að minnsta kosti að hluta til vegna þess að íslenskukunnáttan er nægilega mikil.“ -jss



**ÍSLENSKUKUNNÁTTA**
Innflytjendur hafa kvartað undan ónógri íslenskukunnáttu. Á myndinni er flóttamannahópurinn sem fluttist hingað til lands árið 2003.

Svíþjóð:

# Forstjóri týndur

**SVÍÞJÓÐ** Forstjóra og eins af erfingjum sænsku raftækjaverslanakeðjunnar Siba, hins 32 ára margmilljónamærings Fabians Bengtsson, er saknað og óttast lögreglan í Gautaborg að honum hafi verið rænt. Þó hefur ekki komið fram krafa um lausnargjald.

Bengtsson hefur ekki sést síðan á sunnudag þegar hann var á heimili sínu í Gautaborg. Hann fór til vinnu á mánudagsmorgun, en mætti aldrei. Bíll hans fannst á þriðjudag. Fjölskylda Bengtssons er ein sú ríkasta í Svíþjóð. ■

Noregur:

# Lóan komin

**VORBOÐI** Vorboðinn kom óvenjusnemma til Noregs í ár, en það sást til fyrstu lóunnar síðasta laugardag á suðvesturströnd landsins. Daginn eftir sást svo til stórs hóps af lóum, auk þess sem nokkrir spóar voru á stjá.

Norska útvarpið veltir því fyrir sér hvort óveðrið sem gekk yfir Norður-Evrópu í síðustu viku, hafi getað blásið þeim yfir til Noregs. Fuglafræðingurinn Alf Otto Folkestad sem útvarpið ræddi við telur það líklega ástæðu, líklegri en að vorboðarnir hafi skilað sér snemma í óvenjuhlýjan vetur í Noregi. ■




**2.990** ~~6.990~~

Beinhvít málning á frábæru verði

**Innimálning, Jotun, 10 ltr.**
Hefðbundin plastmálning á stofur og herbergi
gljástig 7
7119867



**45.900**

e6 TILBOÐ engin greiðsla í 6 mánuði

**Þvottavél, Amica**
1000 sn.
1805213



**1.999** ~~4.845~~

Dúndur tilboð

**Útiljós**
Globo
6010056



Allar úlpur á útsölu

**Úlpa**
5868930-34
Verð frá **2.995**



**Kælir, 85 sm.** **28.900**
1808304

e6 TILBOÐ engin greiðsla í 6 mánuði

Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum.
**e6 tilboðið** stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.



**995** verð frá

**Flísfatnaður**

ALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSA

# Lokadagar útsölunnar

Allt að **-70%** af völdum vörum

***Athugið að tilboðin gilda til sunnudagsins 23. janúar meðan birgðir endast.**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hverjir hafa veitt Íslenskri erfðagreiningu og SÁÁ styrk til að rannsaka erfðafræði alkóhólisma og fíknar?*

2 *Hvaða Íslendingur verður líklega á lista Forbes yfir ríkustu menn heims?*

3 *Hvaða Norðurlandaþjóð heldur þingkosningar eftir þrjár vikur?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Essó afturkallaði hækkun á bensínverði:

# Lækkuðu vegna samkeppninnar

**BENSÍN** Essó hefur afturkallað tveggja krónu hækkun á eldsneyti.

Olíufélagið hækkaði á mánudaginn verð á 95 oktana bensíni um tvær krónur á lítra, en dísilolíu, flotaolíu og svartolíu um eina krónu. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Essó var hækkun á heimsmarkaðsverði ástæðan fyrir hækkuninni á mánudaginn. Í fyrradag afturkallaði Essó þessar hækkanir án frekari skýringa á heimasíðu sinni. Í kjölfar hækkunar Essó hækkaði Olís verð á eldsneyti hjá sér en dró hækkunina síðan til baka líkt og Essó.

Hugi Hreiðarsson, upplýsingafulltrúi Atlantsolíu, segir þetta vissulega vekja athygli því ljóst sé að heimsmarkaðsverð hafi ekki lækkað á þessum eina sólarhring.



**HJÖRLEIFUR JAKOBSSON**
Forstjóri Essó segir að full ástæða hafi verið fyrir hækkuninni á mánudaginn.

Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Essó, segir að verðið hafi verið lækkað aftur vegna samkeppninnar á markaðnum.

„Það var alveg full ástæða fyrir þessari hækkun á mánudaginn,“ segir Hjörleifur. „Ef samkeppnisaðilar fylgja hins vegar ekki hækkunum eftir þá verðum við að bregðast við því og það gerum við venjulega innan tuttugu og fjögurra tíma. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem þetta gerist á bensínmarkaðnum.“ - th




# Ný sókn fyrir Eyjagöng

## Árni Johnsen boðar gjörbreyttar forsendur fyrir jarðgöngum og borgarafund í Vestmannaeyjum. Segist ekki vera að lýsa yfir framboði á ný: „Ég hef aldrei verið í pólitík“. Fullyrt er að 8-10 fjölskyldur séu að flytja frá Eyjum.

**STJÓRNMÁL** Árni Johnsen blæs til sóknar í dag í samgöngumálum Vestmannaeyinga: „Ég ætla að kynna gjörbreyttar forsendur fyrir göngum til Eyja“. Boðaður blaðamannafundur Árna í Reykjavík og borgarafundur í Eyjum í kjölfarið þykja til marks um að Árni ætli að láta til sín taka í stjórnmálum á ný. „Ég hef aldrei verið í pólitík. Hins vegar lagði ég fram þessar hugmyndir um göng, Bakkafjöru og fleira á þingi og ég er vanur að fylgja eftir mínum hugmyndum á hvaða vettvangi sem er.“

Útspil Árna kemur á sama tíma og þingmenn Suðurkjördæmis hafa legið undir ámæli fyrir úrræðaleysi í atvinnu- og samgöngumálum Vestmannaeyja. Guðni Ágústsson og Hjálmar Árnason, þingmenn Framsóknarflokksins, héldu fund með Eyjamönnum í fyrrakvöld og kannski var það táknrænt að þeir urðu veðurtepptir í kjölfarið. Hjálmar bendir á að atvinnu- og samgöngumálin séu nátengd, ekki síst til að efla ferðaþjónustu í Eyjunum. „Jarðgangagerð er hins vegar langtímalausn og sama má segja um höfn í Bakkafjöru. Bæta má flugsamgöngur en vegna veðurskilyrða er ekki síður brýnt að efla siglingar, þannig að farnar séu tvær ferðir, sex daga vikunnar.“

Hjálmar og Guðni tilkynntu á fundinum að þeir myndu leggja til við forsætisráðherra að skipaðar yrðu tvær nefndir til að kanna hvaða möguleikar væru fyrir hendi annars vegar í Vestmannaeyjum og hins vegar öðrum hlutum Suðurkjördæmis en slík úttekt hefur verið gerð á Norðvesturkjördæmi.

Athygli vekur að Eyverjar, félag ungra sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum, gagnrýndi Árna Mathiesen sjávarútvegsráðherra harkalega eftir fund í Eyjum á sunnudag. „Það eru ekki samgöngur eða skattamál sem brenna helst á Eyjamönnum. Atvinnumál, eða öllu heldur sjávarútvegurinn, eru í forgrunni. Eyverjar og aðrir Eyjamenn eru orðnir langþreyttir á aðgerðaleysi þingmanna Suðurlands og áhugaleysi sjávarútvegsráðherra í þeim efnum. Öruggar heimildir herma að um 8-10 fjölskyldur flytjist frá Eyjum í janúarmánuði af þessum ástæðum og ekki er ólíklegt að fleiri fylgi í kjölfarið ef ekkert verður að gert.“

a.snaevarr@frettabladid.is

| 1956: | 1973: | 1990: | 2004: |
|---|---|---|---|
| 4.224 | 5.303 | 4.926 | 4.227 |
| 2,6% | 2,48% | 1,92% | 1,44% |

**ÞRÓUN ÍBÚAFJÖLDA Í VESTMANNAEYJUM**
Eyjamenn hafa ekki verið jafn fáir síðan 1956. Þá voru þeir 2,6% landsmanna en 1,44% í dag.



**HERJÓLFUR**
Hægt er að fara til Eyja með Herjólfi eða með flugi. Ferðin með Herjólfi til Vestmannaeyja tekur tæpar þrjár klukkustundir.

Um þrjátíu manns féllu í sprengjuárásum:

# Ofbeldið færist enn í aukana

**ÍRAK** Í það minnsta 26 manns létust í fjórum sprengjuárásum sem gerðar voru á einni og hálfri klukkustund í og við Bagdad í gær. Þá létust tveir starfsmenn bresks öryggisfyrirtækis í árás vígamanna og hollenskir hermenn skutu íraskan bílstjóra til bana eftir að hann stöðvaði bifreið sína ekki við vegatálma.

Ástralska sendiráðið í Bagdad var skotmark fyrstu sprengjuárásarinnar í gær. Þar lést einn íraskur borgari og margt fólk særðist, þeirra á meðal tveir ástralskir hermenn. Næsta sprengjuárás var mun mannskæðari. Þá sprakk bílsprengja við sjúkrahúsið al-Alahi í Bagdad og létust átján manns, þar af fimm lögreglumenn.

Síðar voru gerðar árásir við alþjóðaflugvöllinn í Bagdad og flugvöll sem íraski herinn notar.

Bandalag íslamskra fræðimanna, sem eru samtök súnníska klerka, hétu í gær á vígamenn, sem eru að stórum hluta súnnímúslimar, að sleppa gíslum sínum í tilefni af trúarhátíðinni Eid al-Adha sem hefst í vikunni. „Trú okkar leyfir ekki gjörðir sem leiða til morða og auðmýkingar,“ sagði Omar Raghib, talsmaður bandalagsins. ■



**VIÐ ÁSTRALSKA SENDIRÁÐIÐ**
Bandarískir hermenn sjást hér á vakt við ástralska sendiráðið eftir sprengjuárásina í gær.





Fyrir hann
á bóndadaginn

Falleg dökkblá herrataska sem inniheldur
BLUE LAGOON sturtugel og rakakrem.

Verð 2.590 kr.

Boðskort í Bláa Lónið – heilsulind
fylgir með.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Bláa Lónið – verslun, Aðalstræti 2

Herrataskan er fáanleg í
verslunum Bláa Lónsins í heilsulind,
að Aðalstræti 2 í Reykjavík
og á www.bluelagoon.is.
Einnig í Lyf og heilsu, Kringlunni.

Minnum á gjafakortin
– ávísun á einstaka upplifun.

BLUE LAGOON ICELAND

bluelagoon@bluelagoon.is • www.bluelagoon.is • 420 8800


HONDA
The Power of Dreams

4x4xfrumsýning

Nýr fjölskyldubíll 22. janúar

www.utilif.is

# Vetrar útsala

## ...og haltu þér nú

# 20%

## viðbótarafsláttur!

**Reiknast við kassa, til viðbótar áður auglýstum 30-70% afslætti**

*vetrarfatnaður - skór - sportfatnaður*

ESPRIT
killtec
BELOWZERO
FIVE seasons
O'NEILL
OSHKOSH EST. 1895
MEXXSPORT
AUTHENTIC USA PRO EQUIPMENT
adidas
Reebok
PUMA
hummel

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 27110 01/2005

**Smáralind**
**Sími 545 1550**

**Glæsibæ**
**Sími 545 1500**

**Kringlunni**
**Sími 575 5100**

# ÚTILÍF

Bónda-dagurinn 21. janúar



Á bóndadaginn – gleður lambakjötið best

Það er öruggt mál að langflestir karlmenn verða glaðir þegar þeir fá góða og safaríka lambasteik. Hér fylgir uppskrift að ljúffengu lambalæri og á www.lambakjot.is eru enn fleiri góðar uppskriftir.

Lambalæri með rósmaríni

1 lambalæri, um 2,2 kg
2–3 rósmaríngreinar, skipt í um 20 búta
3–4 hvítlauksgeirar, afhýddir og skornir í um 20 flísar
nýmalaður pipar
salt
1 laukur, skorinn í þykkar sneiðar
olía

Ofninn hitaður í 180 gráður. Beittum hnífsoddi stungið í lærið á um 20 stöðum og hvítlauksflís og rósmaríngrein stungið í hverja (*best er að stinga hvítlauknum alveg inn en rósmaríninu aðeins að hálfu*).
Kryddað vel með pipar og salti.
Lauksneiðunum raðað í olíuborið steikarform og lærið lagt ofan á.
Álpappírsörk breidd lauslega yfir lærið og steikt í miðjum ofni í um 1 klst.
Þá er álpappírinn tekinn af og steikt í hálftíma í viðbót.
Lærið tekið úr ofninum og látið standa undir álpappír í um 15 mínútur áður en það er borið fram.

Fíton/SÍA F011713

lambakjöt – léttur réttur
Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Íslenskt ríkisfang Bobby Fischer:

# Gæti fengið flýtimeðferð þings

**STJÓRNMÁL** Bobby Fischer hefur beðið ríkisstjórn Íslands um ríkisborgararétt að sögn Sæmundar Pálssonar, vinar skákheimsmeistarans fyrrverandi, eftir að japönsk stjórnvöld höfnuðu ósk hans um að fá að nýta sér dvalarleyfi á Íslandi. Samkvæmt stjórnarskránni þarf lagasetningu Alþingis til að veita erlendum manni ríkisborgarétt á Íslandi. Það mál kemur til kasta allsherjarnefndar þingsins að fengnum tillögum dómsmálaráðuneytis. „Það er gert tvisvar á ári en það er ekkert því til fyrirstöðu að halda sérstakan fund ef nauðsyn krefur,“ segir formaður nefndarinnar, Bjarni Benediktsson. Guðríður Lilja Grétarsdóttir, talsmaður íslensku Fischer-nefndarinnar, segir afstöðu japanskra stjórnvalda valda vonbrigðum en nú muni vinir Fischers hvetja stjórnvöld til að veita honum ríkisborgararétt. Lagaákvæði virðast í fljótu bragði ekki veita stjórnvöldum mikið svigrúm enda meðal annars krafist langrar búsetu á Íslandi og að viðkomandi sé ekki „sakaður um refsiverða háttsemi“. Á hinn bóginn hefur Vladimir Azhkenazy píanóleikara og mörgum íþróttamönnum verið veittur ríkisborgararéttur með skjótum hætti.

- ás



DVALARLEYFI DUGÐI EKKI
Fylgismenn Fischers ætla að hvetja íslensk stjórnvöld til að veita honum ríkisborgararétt.

# Næstmannskæðustu hamfarir í hundrað ár

**Ljóst er orðið að minnst 225 þúsund manns létu lífið af völdum flóðbylgjunnar í Asíu. Hún er því næstmannskæðustu náttúruhamfarir sem hafa átt sér stað undanfarna öld. Óttast að enn verr geti farið ef hamfarir verða í stærstu borgum heims.**

**HAMFARIR** Flóðbylgjurnar sem skullu á ellefu ríkjum Suður-Asíu og austanverðrar Afríku kostaði fleiri menn lífið en allar nema einar náttúruhamfarir síðustu rúmlega hundrað ára. Indónesar staðfestu í gær andlát rúmlega 50 þúsund manns sem fram að því höfðu verið flokkaðir sem týndir. Eftir þetta er ljóst að í það minnsta 225 þúsund manns lét lífið af völdum flóðbylgjunnar.

Einu náttúruhamfarirnar síðustu rúmlega hundrað árin sem hafa kostað fleira fólk lífið en flóðbylgjan í Asíu var jarðskjálftinn sem skók Tangshan í Kína í júlí 1976. Þá létu 255 þúsund manns lífið, 30 þúsund fleiri en nú er vitað til að hafi látið lífið af völdum flóðbylgjunnar.

Tala látinna getur enn hækkað, þrátt fyrir að ljóst sé að aldrei fæst endanlega úr því skorið hversu margir nákvæmlega létust. Tölur um fjölda látinna á Sri Lanka eru til að mynda mjög á reiki. Ráðuneyti almannavarna segir rúmlega 38 þúsund manns hafa látist af völdum flóðbylgjunnar en Hamfaraviðbragðastofnunin segir tæplega 31 þúsund manns hafa látist. Fundi þeirra í gær þar sem fá átti á hreint hversu margir hefðu látist lauk án niðurstöðu. „Báðir staðhæfa að þeirra tölur séu réttar,“ sagði Niranjan de Soysa, talsmaður Hamfaraviðbragðastofnunarinnar, í samtali við AP-fréttastofuna.

Þrátt fyrir að mannfallið af völdum flóðbylgjunnar sé gríðarlegt voru mannskæðustu náttúruhamfarir mannkynssögunnar miklu mun verri. Jarðskjálftinn sem reið yfir Shensi-hérað í Kína árið 1556 er talið hafa kostað 830 þúsund manns lífið.

150 fulltrúar sitja alþjóðlega ráðstefnu um varnir við náttúruhamförum sem hófst í Tókýó, höfuðborg Japan, í gær. Jan Egeland, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna á ráðstefnunni, sagði að margar af fjölmennustu borgum heims væru viðkvæmar fyrir náttúruhamförum. „Ógnvænlegasta tilhugsunin væri sú að gríðarlegar náttúruhamfarir riðu yfir tugmilljónaborg,“ sagði hann. Hann sagði að við verstu mögulegu aðstæður kynni mannfallið að verða hundrað sinnum meira en af völdum flóðbylgjunnar.

brynjolfur@frettabladid.is

## Mannskæðir jarðskjálftar

Jarðskjálftar eru meðal mannskæðustu náttúruhamfara sem verða á jörðinni. Síðan árið 1900 hefur orðið fjöldi öflugra jarðskjálfta og hundruð þúsunda manna látist. Þrír mannskæðustu skjálftarnir urðu í Kína.




| DAGSETNING | STAÐUR | RICHTER | LÁTNIR |
|---|---|---|---|
| 1. 27. júlí 1976 | Tangshan, Kína | 7,5 | 255.000 |
| 2. 26. des. 2004 | Indónesía | 8,6 | 225.000** |
| 3. 16. des. 1920 | Gansu, Kína | 8,6 | 200.000 |
| 4. 22 maí 1927 | Tsinghai, Kína | 7,9 | 200.000 |
| 5. 1. sept. 1923 | Kanto, Japan | 7,9 | 143.000 |
| 6. 5. okt. 1948 | Túrkmenistan | 7,3 | 110.000 |
| 7. 28. des. 1908 | Messina, Ítalía | 7,2 | 70.000* |
| 8. 25. des. 1932 | Gansu, Kína | 7,6 | 70.000 |
| 9. 31. maí 1970 | Perú | 7,9 | 66.000 |
| 10. 20. júní 1990 | Íran | 7,7 | 40.000* |

*að minnsta kosti **talan miðast við 19. janúar.
HEIMILD: U.S. Geological Survey

Kaþólska kirkjan á Spáni kúvendir í afstöðu sinni:

# Leyfir notkun smokksins gegn alnæmi

**SPÁNN, AP** Kaþólska kirkjan á Spáni hefur kúvent í afstöðu sinni til smokka og er nú samþykk því að fólk noti þá til að verja sig gegn HIV-veirunni sem veldur alnæmi. Þetta er þvert á afstöðu Jóhannesar Páls páfa II, æðsta yfirmanns kaþólsku kirkjunnar, sem er alfarið andvígur notkun smokka.

Juan Antonio Martinez Camino, talsmaður spænsku kirkjunnar, greindi frá sinnaskiptum kaþólsku kirkjunnar eftir fund með Elena Salgado, heilbrigðisráðherra Spánar. Camino sagði að besta leiðin til að verjast alnæmi væri í fyrsta lagi að stunda ekki kynlíf utan hjónabands, í öðru lagi að vera trúr maka sínum og aðeins í þriðja og síðasta lagi með því að nota smokkinn.

Camino sagði ástæðuna fyrir breyttri afstöðu vera þá hversu alvarlegur alnæmisvandinn væri. „Kirkjan hefur miklar áhyggjur af og mikinn áhuga á þessu vandamáli,“ sagði hann.

Spænska kirkjan hefur löngum verið andvíg notkun smokksins, líkt og kaþólska kirkjan á heimsvísu. Ekki þarf að leita lengra aftur en til nóvember til að finna dæmi þess að forystumenn kirkjunnar dragi í efa hversu góða vörn smokkurinn veitti gegn alnæmi. ■



JÓHANNES PÁLL PÁFI II
Páfi hefur löngum barist hatrammlega gegn notkun getnaðarvarna, þar á meðal smokksins. Nú hefur spænska kirkjan sagt sig undan leiðsögn hans hvað smokkinn varðar.

Hagstofa:

# Atvinnuleysi minnkar

**ATVINNA** Á fjórða ársfjórðungi 2004 var atvinnuleysi 2,5 prósent samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar. Á sama tíma í fyrra var atvinnuleysið 2,9 prósent. Aðeins stærra hlutfall kvenna, 2,9 prósent, var án vinnu á tímabilinu á móti 2,1 prósenti karla. Atvinnuleysið var mest meðal fólks á aldrinum 16-24 eða 6,9 prósent.

Meðalfjöldi vinnustunda hefur minnkað um 0,3 stundir í viku á milli ára. Nú er meðalfjöldinn 41,2 klukkustundir en var 41,5 stundir. Karlar vinna nokkuð fleiri stundir en konur eða 46,7 stundir á móti 34,6 klukkustundum sem konur vinna í launuðu starfi á viku hverri. - ss

Loðnuveiðar ganga vel:

# Veiðarfæralaus með mokafla

**LOÐNA** Ekkert lát er á góðri loðnuveiði en veiðisvæðið er nú um 50 mílur út af Austfjörðum. Til að koma í veg fyrir að útgerðirnar brenni inni með óveiddan kvóta í lok vertíðar hafa sumar útgerðir, sem einnig eiga verksmiðjur, brugðið að það ráð að senda veiðarfæralaus skip á miðin til að sækja afla sem önnur skip hafa veitt. Með þeim hætti eykst einnig nýting þeirra verksmiðja sem standa lengst frá miðunum en a.m.k. tvö veiðarfæralaus skip hafa verið í loðnuflutningum af miðunum að undanförnu, Seley ÞH og Örn KE. Síldarvinnslan sendi Örn KE í loðnuflutningana en fimm eru í áhöfn og allir á föstu kaupi, segir Freysteinn Bjarnason hjá Síldarvinnslunni.

Önnur leið sem útgerðir eru að fara til að freista þess að ná öllum kvótanum er að kaupa skip með skilarétti. Þá leið fór Samherji þegar Högaberg var keypt nýlega frá Færeyjum en í kaupsamningi er ákvæði um endursölurétt innan þriggja mánaða frá undirritun. - kk



**BEÐIÐ EFTIR LÖNDUN**
Fjölmörg skip voru við bryggju eða biðu eftir því að komast að á Norðfirði í gær. Hákon frá Grenivík þurfti að bíða í sólarhring eftir löndun. Fremst á myndinni má sjá grænlenska skipið Siku og aftar eru Hákon og norska skipið Kvannöy.



**HJÁLPARGÖGNUM BJARGAÐ**
Þessi indónesíski piltur var allur útataður í leðju þegar honum hafði tekist að ná á þurrt land hjálpargögnum sem áströlsk þyrla varpaði.



**FRÁ ÍSAFJARÐARBÆ**
Ánægja er fyrir vestan með samstarf við Veðurstofuna.

Vestfirðir:

# Sátt um fyrirkomulag

**SNJÓFLÓÐAHÆTTA** Sýslumenn, bæjarstjórar og sveitarstjórar á þéttbýlisstöðum á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum lýsa yfir að þeir hafi góða reynslu af því fyrirkomulagi sem er um rýmingu húsa. Ástæða yfirlýsingarinnar er umfjöllun í fjölmiðlum um að Veðurstofan hafi of mikið vald til rýmingar.

Ráðamennirnir segja samstarf við Veðurstofuna hafa reynst afar vel og því ástæðulaust að hrófla við því fyrirkomulagi. Þá hafi Veðurstofan ekki lögregluvald til að framkvæma rýmingu heldur beri henni að hafa samráð við lögreglustjóra og almannavarnanefndir þegar gefin er út viðvörun um snjóflóðahættu og rýmingu húsa lýst yfir. - hrs

Botnfiskveiði:

# Afkoman versnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Afkoma botnfiskveiða versnaði frá árinu 2002 til ársins 2003 en afkoma botnfiskvinnslu batnaði. Þetta kemur fram í hefti Hagstofunnar um sjávarútveg. Helstu botnfisktegundir eru þorskur, ýsa og karfi.

Hagur rækjuvinnslu batnaði en hagur hörpudiskvinnslu versnaði á árinu enda reyndist hún lítil. Hagnaður var áfram á rekstri mjölvinnslu en tap varð á rekstri loðnuskipa á árinu 2003.

Heildareignir sjávarútvegs í árslok 2003 voru 255 milljarðar króna, heildarskuldir námu 179 milljörðum og eigið fé var 76 milljarðar. ■

Íbúar í Fjarðabyggð:

# Vilja sameinast Austurbyggð

**SAMEINING** Tæplega 63 prósent íbúa Fjarðabyggðar vilja sameinast nágrönnum sínum í Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppi og Mjóafjarðarhreppi, samkvæmt nýrri könnun sem IMG-Gallup vann fyrir Fjarðabyggð.

Í könnuninni voru íbúarnir einnig spurðir hvort selja ætti félagsheimilin í Fjarðabyggð og kváðust 49,7 prósent vera því andvíg. Konur eru almennt andvígari sölu félagsheimilanna sem og sameiningu sveitarfélaganna. Alls var úrtakið 500 íbúar á aldrinum 16 til 75 ára og svarhlutfall um 70 prósent. ■



# SKIP

## Dagana



**BRANÄS** karfa
23x25x15 sm **795,-**
32x35x16 sm **995,-**



**FIRA** smáhirsla
35x26 sm **1.190,-**



**KASSETT** kassar 2 stk.
45x36x17 sm **1.490,-**



**LINGO CIRKEL** kassar
2 stk. 32x24x15 sm **295,-**



**ANTONIUS** skúffueining **4.875,-**



**1.190,-**
**SKUBB** hilluhengi
15x120x35 sm



**KARBO** lyklaskápur
18x5,5x26 sm **795,-**



**REBUS** karfa
46x34x10 sm **995,-**



**SKUBB** geymslupoki/hirsla
95x46x15 sm **990,-**




Lax
Kryddjurtabakaður
lax með grænmeti
490,-



IKEA Restaurant



**LINNAN** skóhilla
35x50x39 sm **1.890,-**



**390,-**
**GLIS** kassi m/loki
34x21 sm

# JLAG

## 20/01-20/02



# 990,-

**GORM** hillueining
77x174x31 sm



**BRANÄS** karfa
32x35x32 sm **1.290,-**



## 250,-

**HÅBOL** kassar 2 stk.
39x26x17,5 sm



**SVAJS** fatapokar 3 stk. **245,-**



**BUMERANG** herðatré 8 stk. **490,-**



**REBUS** rekki
38x25x30 sm **995,-**



**PYRE** leikfangakarfa **790,-**



**BJARNUM** hilluberar
19 sm **1.490,-**
**JARPEN** hilla 79x19 sm
ýmsir litir **895,-**



## 490,-

**JÄLL** þvottakarfa



## 550,-

**LINNAN** hirsla
30x22x34 sm



**REBUS** bréfakarfa **995,-**

IKEA®

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 18:30 | www.IKEA.is

24 stundir

**EFTIRMÁL** – LÖG UM DÍSILKNÚNAR BIFREIÐAR

# Markaðurinn undirbýr breytingar

Alþingi samþykkti í haust lög um dísilknúnar bifreiðar til að gera þær að raunverulegum valkosti fyrir almenning með því að taka upp sérstakt olíugjald í stað þungaskatts. Lögin taka gildi 1. júlí og nú stendur yfir undirbúningur fyrir breytingar á markaðnum.

Nú er fjöldi dísilbifreiða innan við fjórðungur af bílaflota landsmanna en erlendis er algengt að helmingur bifreiða sé útbúinn dísilvél.

Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir að bílgreinin sé að búa sig undir breytinguna. Almenningur hringi mikið á skrifstofu félagsins til að fá upplýsingar um breytingarnar. „Það er að vísu orðrómur um að menn ætli að



fresta gildistökunni, meðal annars vegna þess að olíufélögin telja að aðlögunartíminn sé of stuttur.“

Hann segist sjá fram á breytt neyslumynstur og olíufélögin kunni að óttast það. „Þetta gæti minnkað veltuna hjá olíufélögunum.“

Guðmundur Gústafsson, sölumaður hjá Heklu, segir fyrirtækið farið að huga að breytingunum. „Við höfum alltaf verið með nokkrar tegundir dísilbíla en erum núna að fjölga þeim.“ Hann segir fyrirspurnum um slíka bíla fara fjölgandi en hann býst þó ekki við sprengingu á markaðnum. Dísilbílar verða dýrari en bensínbílar. „Það munar um 300.000 krónum á Golfinum hjá okkur. En dísilbíllinn er sparneytnari og kraftmeiri.“

## SVONA ERUM VIÐ



**2.530 BRAUTSKRÁÐUST FRÁ FRAMHALDSSKÓLUM SKÓLAÁRIÐ 2002/3**

Þar af 974 karlar og 1.556 konur.

HEIMILD: HAGSTOFAN

## SJÓNARHÓLL
**EFTIRLAUN RÁÐHERRA**

### Reiður

Fréttablaðið hefur greint frá því að sjö fyrrverandi ráðherrar fengu samtals rúmar sautján milljónir króna í eftirlaun á liðnu ári þrátt fyrir að vera enn í fullu starfi á vegum hins opinbera. Þetta má að miklu leyti rekja til nýrra laga um eftirlaun þingmanna og ráðherra sem samþykkt voru á Alþingi í desember árið 2003.



KRISTJÁN GUNNARSSON

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir vel í lagt fyrir þessa menn. „Mér leist bölvanlega á það þegar þetta var samþykkt og geri það enn. Það voru formenn flokkanna sem sátu einhverja sellufundi og ákváðu sjálfir að auka við réttindi sín. Ég varð mjög reiður yfir þessu.“ Kristján segist hafa sagt sig úr Samfylkingunni í fússi vegna málsins.

Hann segir eftirlaunaréttindi ráðherra úr öllum takti við almenning í landinu. „Fólk á almennum vinnumarkaði sem heldur þessari þjóð uppi hefur ekkert í líkingu við þetta. Það er gott að menn geti notið ágætra eftirlauna en menn eiga ekki að hafa ofurtekjur á kostnað almennings. Þetta er ekkert annað en græðgi.“

# Handboltalandsliðið og strákarnir okkar

**Handboltaáhugi Íslendinga sveiflast upp og niður. HM í Túnis hefst á sunnudag en óhætt er að segja að þjóðin haldi ró sinni. Þjálfarinn er bjartsýnn og metnaðarfullur en gengið í æfingaleikjum heldur dapurt. Úrslit fyrstu leikja á HM skera úr um hvort Íslendingar verða handboltaþjóð á þorranum eða ekki.**

Aðeins tíu til fimmtán manns ætla til Túnis að fylgjast með Heimsmeistaramótinu í handbolta sem hefst á sunnudag. Ferðaskrifstofan Kuoni og Flugleiðir bjóða upp á hópferð á mótið en áhuginn er takmarkaður. Tómas Tómasson hjá Kuoni segir þátttökuna minni en menn hafi gert sér vonir um. Boðið var upp á heimferð 4. og 7. febrúar og kusu flestir fyrri ferðina. Af því má ráða að þeir sem þó ætla utan búist ekki við að íslenska liðið leiki um verðlaunasæti.

Fjöldi iðkenda í yngri flokkum félagsliðanna þykir ágætur mælikvarði á handboltaáhugann í landinu. Lausleg athugun bendir til að nokkuð hafi fækkað í röðum ungra handboltamanna og röktu forráðamenn félaganna sem rætt var við það til árangurs landsliðsins á stórmótunum tveimur á síðasta ári. Liðið lék á Evrópumótinu í janúar og hafnaði í þrettánda sæti og á Ólympíuleikunum í ágúst þar sem níunda sætið náðist.

Þór Björnsson, gamall refur úr markinu hjá Fram og nú íþróttafulltrúi félagsins, vekur þó athygli á að árangurinn einn og sér skipti ekki öllu. Í tengslum við EM í fyrra efndi Íþróttabandalag Reykjavíkur til átaks sem skilaði dágóðum fjölda krakka á æfingar og ekki skemmdi fyrir að KB banki og Visa gáfu hverjum og einum handbolta að gjöf.

**Strákarnir okkar**

Áhugi á íþróttagreinum birtist einnig í fyrirspurnum og viðskiptum í íþróttaverslunum. Athuganir Fréttablaðsins leiddu í ljós að heldur lítið er spurt um sérhæfðar vörur til handboltaiðkunar og til dæmis fannst engin verslun sem taldi ástæðu til að bjóða íslenska handboltalandsliðsbúninginn til sölu. „Almennt virðist ekki mikill áhugi á handbolta og það er hending ef spurt er um landsliðsbúninginn,“ segir Valgeir Ólafsson í Intersport í Smáralind og svör annarra íþróttavörukaupmanna voru á sömu lund.

Bjarni Felixson íþróttafréttamaður segist ekki merkja mikinn handboltaáhuga í samfélaginu þessa dagana en bendir á að vanalega vakni hann ekki fyrr en mótið séu hafin og liðið hafi farið vel af stað. „Íslendingar byrja ekki að fylgjast með og hvetja sína menn fyrr en vel gengur, öfugt við margar aðrar þjóðir sem einmitt styðja lið sín þegar þau þurfa virkilega á því að halda,“ segir Bjarni sem fyrstur notaði hugtakið „strákarnir okkar“ um handboltalandsliðið. Hann minnir helst á að það hafi verið eftir níu marka sigur á Dönum á Heimsmeistaramótinu í Sviss 1986 sem hann tók sér þessi orð í munn. Síðan eru þeir strákarnir okkar ef vel gengur en annars bara handboltalandsliðið.



**Hæðir og lægðir**

Uppgangur handboltans á Íslandi var hvað mestur þegar Bogdan Kowalzyk þjálfaði liðið. Undir hans stjórn hafnaði það í sjötta sæti á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984 og á Heimsmeistaramótinu í Sviss tveimur árum síðar. Þjóðinni þótti þessi lágvaxni en jafnframt stórgerði Pólverji forvitnilegur og ekki spillti fyrir að leikmenn kvörtuðu sáran undan miklu álagi á æfingum. Fjölmiðlar fylgdust grannt með undirbúningi liðsins fyrir stórmót og vissu allt um leikmenn, til dæmis hæð, þyngd og skónúmer. Mæður leikmanna og eiginkonur röktu kosti þeirra á síðum glanstímarita og hvert mannsbarn kunni textana við hvatningarlögin sem samin voru.

En svo hallaði undan fæti og gengið hefur verið upp og niður síðan. Áhuginn varð vitaskuld gríðarlegur þegar ljóst varð að góður árangur var í aðsigi á B-heimsmeistarakeppninni í Frakklandi 1989 og vonast var til að Íslendingar yrðu loksins almesta handboltaþjóð í heimi þegar okkur hlotnaðist að halda Heimsmeistaramótið 1995. Jafnvel svartsýnustu menn trúðu að Ísland gæti hreppt sjálfan heimsmeistaratitilinn á heimavelli en heldur fór það á annan veg og 13.–16. sæti varð okkar hlutskipti.

Þó að áhugi á handbolta mælist í minna lagi nú, nokkrum dögum fyrir Heimsmeistaramót, er ekki þar með sagt að landsmenn ætli ekki að fylgjast með. Greinilegt er á öllu að það er íslenska landsliðið sem er á leið til Túnis en aldrei að vita nema þaðan komi strákarnir okkar.

bjorn@frettabladid.is




Landbúnaðurinn sér sóknarfæri í brugginu:

# Íslenskt bygg í þorrabjórnum

Ölgerðin Egill Skallagrímsson bruggar þorrabjór sinn þetta árið að hluta úr íslensku byggi. Íslenskt bygg hefur ekki áður verið notað til bjórframleiðslu en landbúnaðarforystan sér fram á bjarta tíma í þessum efnum og vonast til að þetta sé aðeins upphafið að einhverju meira.

Byggið sem Ölgerðin notast við er ræktað á bænum Leirá í Borgarfirði þar sem Ásgeir Kristinsson er bóndi. Hann hefur ræktað bygg í átta ár og var það hátt kjarnfóðurverð, vilji til að nýta land og tæki og áhugi á hvort hægt væri að bæta ræktuninni við annan búrekstur sem rak hann út í þetta.

Sjálfur er Ásgeir ekki mikill bjórþambari. „Nei ég er það nú ekki en finnst gott að smakka hann til tilbreytingar eins og annað.“ Engu að síður er hann ánægður með bjórinn, sem að hluta til er bruggaður úr bygginu af ökrum Leirár. „Já, ég get ekki sagt annað. Þetta höfðar ágætlega til mín.“ Hann vonast til að framhald verði á bjórbruggun úr íslensku byggi en segir það undir neytendum komið. „Við skulum sjá til um viðtökurnar, hvort ég er einn um þennan smekk eða hvort fleiri hafa svipaðan smekk,“ segir byggbóndinn sem hlakkar til þorrans, sem hann segir tilbreytingu í skammdeginu.

- bþs



**ÞORRABJÓR ÚR BORGFIRSKU BYGGI** Ásgeir Kristinsson bóndi, Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari Ölgerðarinnar, og Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna.



Tilboðin gilda frá fimmtudegi 20. jan. til sunnudags 23. jan. eða meðan birgðir endast
Ekkert bruðl!
KOLSÝRT VATN HREINT EÐA MEÐ SÍTRÓNUBRAGÐI
2 LÍTRAR
89 KR.
COLA OG LÉTT COLA
2 LÍTRAR
89 KR.
HOLTA kjúklingavængir
179 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.
40% afsláttur við kassann
Ferskir bitar
HOLTA kjúklingalæri/leggir
359 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.
30-50% afsláttur við kassann
LAMBA SALTKJÖT
BLANDAÐ SALTKJÖT
50% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
249 kg KR.
Merkt verð 499kr.
FYRSTI FLOKKUR
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
564 kg KR.
Merkt verð 806kr.
Bónus býður betur!
49
2000g KR.
359
500 ml KR.
BÓNUS MÚSLÍ
199 KÍLÓ KR.
OXY MAGIC
BLETTAHREINSIR 800g
OXY MAGIC
259
800g KR.
5 PÖR FYRIR BÓNDANN
499
5 PÖR KR.
KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
99
350g KR.
40% afsláttur við kassann
KF londonlamb
839 kg KR.
Merkt verð 1399kr.
London LAMB
Ferskar bringur
40% afsláttur við kassann
HOLTA bringur ferskar
1314 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 2190kr.kg
FOLALDA SALTKJÖT
FOLALDASALTKJÖT
299 kg KR.
GOLDEN JASMINE HRÍSGRJÓN
5x100g
99 KR.
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
KJARNAFÆÐIS SVEITABJÚGU
299
KÍLÓVERÐ KR.
79
385g KR.
Klárt í pottinn
HANGI LÆRI
20% afsláttur við kassann
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
1599 kg KR.
Merkt verð 1999.
20% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
KF HANGIFRAMPARTUR
699 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Frosin ósoðin lifrarpylsa og blóðmör
KF FROSIN LIFRARPYLSA
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
425 kg KR.
Merkt verð 607kr.
FROSINN BLÓÐMÖR
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
361 kg KR.
Merkt verð 516kr.
HREINN SAFI
69
1 lítri KR.
Þjóðlegt og gott
ERAN/Landlist

# MEIRA FYRIR

## TÖLVUR • FERÐATÖLVUR • UPPFÆRSLUR

Öll verð eru staðgreiðsluverð með virðisaukaskatti og birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl.

**16xDVD**
- DVD-16x, DVD+16x, CD-R 40x
- Skrifar bæði + og - staðla
- Skrifar Dual Layer diska að 4x
- Ótrúlega hljóðlátur

**ÓTRÚLEGT TILBOÐ 9.990**

**acer**
- 17" Acer AL1711S TFT LCD
- 16ms Response Time
- 1280x1024 upplausn
- 450:1 Contrast Ratio
- Framúrskarandi hönnun og gæði

17"

**17"LCD SKJÁR - VERÐ 29.900**

**11 in 1 kortalesari**
Utanáliggjandi kortalesari fyrir flestar tegundir minniskorta
**VERÐ 2.990**

**HÁGÆÐA HEYRNATÓL**
Sennheiser HD 202, lokuð og einangruð heyrnatól, létt og þægileg
**VERÐ 2.990**

**COMBO**
Útskiptanlegar framhliðar
Hugbúnaður fylgir með
52x/24x/52x skrifari og 16x DVD drif frá MSI
**VERÐ 5.990**

**8X HRAÐA**
**25STK DVD+R**
DVD + R 4,7GB, 8x hraða, 25 stk. í spindle pakkningu
**VERÐ 4.990**

**Canon**
- Einstök gæði og hraði
- Prentar á geisladiska
- 4 hylkja prentkerfi
- Fullnýtir A4 síðu
- 4800dpi upplausn

**CANON iP3000 - VERÐ 17.900**

**MSI NX6600GT**
Hraðvirkt 128MB DDR AGP þrívíddar-skjákort frá MSI með TV-út, Video-inn og DVI tengi. Eitt það besta í dag!
**VERÐ 26.900**

**CORSAIR**
- 100% prófað
- 100% öruggt
- Lífstíðarábyrgð

**512MB**
Corsair DDR400
**VERÐ 8.990**

**SanDisk**
**USB2 MINNISLYKILL**
128MB USB 2.0 minnislykill.
**VERÐ 2.790**

**Select WD**
Western Digital

**200GB**
**Ný tegund** harðdiska frá Western Digital með Fluid Dynamic Bearing tækni sem skilar mun **hljóðlátari** og **endingarbetri** harðdiskum auk þess að vera **7200RPM** og **8MB buffer** fyrir hámarks hraða og áreiðanleika.

**WD HARÐDISKUR - VERÐ 11.900**

**FORTRON**
**300W AFLGJAFI**
Ofur-hljóðlátur aflgjafi með 12cm viftu frá Fortron
**VERÐ 4.990**

**LOGITECH MX500 MÚS**
Vönduð Optical mús, stórglæsileg og þægileg með fullt af tökkum.
**VERÐ 3.990**

**PRO SJÓNVARPSKORT**
Kworld Pro með MPEG 1 og 2. Útvarp og fjarstýring, BT878 kubbasettið.
**VERÐ 7.990**

**PLANET**
Þráðlaust 802.11g PCI eða PCMCIA netkort fyrir ferðatölvur, einstakt verð.
**VERÐ 3.990**

4.990 | 7.990 | 11.900 | 12.900

**LANDSINS MESTA ÚRVAL AF TURNKÖSSUM**

PC-Cillin Internet Security 2005, öflug vírusvörn, eldveggur, ruslpóstsía, verndar persónulegar upplýsingar ofl. ofl.
**VERÐ 4.990**

**ÞJÓNUSTUBORÐ**
- Uppsetning á vélbúnaði
- Ísetning á vélbúnaði
- Ókeypis ráðgjöf
- Á milli 9-15

Eingöngu fyrir vélbúnað keyptan í Tölvulistanum
Aðeins einfaldar ísetningar og uppsetningar á reklum.
Miðast við hámark 15 mín.

**FRÍTTFRÍTTFRÍTT**

**Dragon CHIEFTEC**
Glæsileg ál harðdiskhýsing sem er bæði fyrir augað og tryggir einnig betri kælingu og áræðanlegri vinnslu (3 Amper)
Hægt að raða nokkrum saman.

SÉRTILBOÐ ÚT VIKUNA

**DRAGON HÝSING - VERÐ 4.990**

# TÖLVULISTINN

**SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR**

*Opið alla virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 11-16*

## SÚPERUPPFÆRSLUR OG TURNAR

**1330 MHz**
- 1.3GHz ThunderBird örgjörvi
- Hágæða móðurborð
- Tekur DDR 266 og 333
- Innbyggt hljóðkort
- 3x PCI raufar, 1xAGP rauf
- Innbyggt 10/100 netkort

**VERÐ 9.990**

SÚPER TILBOÐ

**2500+**
- 2500+ AMD Sempron, 384k
- MSI K7N2GM- ILSR móðurborð
- 512MB Dual DDR 333 MHz
- Geforce 4 skjákort að 128MB
- 3xPCI, AGP8x, 6xUSB2.0
- 5.1 hljóðkort, Serial ATA

**VERÐ 26.900**

**2200+**

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 2200+ AMD Sempron, 384k |
| Móðurborð | MSI KM3M - V, 4xUSB2 |
| Vinnsluminni | 256MB 333MHz DDR |
| Harðdiskur | 80 GB 7200 RPM - 8MB |
| Skjákort | Unichrome 2D/3D, 32MB |
| Hljóðkort | Dolby Digital 5.1 |
| Netkort | 10/100 netkort |
| Turnkassi | 300W medium turn |

**29.900**

SÚPER TURN

**3000 Prescott**

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 3.0 GHz P4, 1MB, 800 FSB |
| Móðurborð | MSI 848 P NEO-V - 6xUSB2 |
| Vinnsluminni | 512MB 400MHz DDR |
| Harðdiskur | 200GB 7200RPM - 8MB |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon RX9250 |
| Hljóðkort | Dolby Digital 5.1 |
| Netkort | 10/100 netkort |
| Turnkassi | Hljóðlátur 300W Dragon |

**64.900**

**Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730 •**

# PENINGANA

www.tolvulistinn.is

• ÍHLUTIR • MYNDAVÉLAR • PRENTARAR

TÖLVULISTINN




# 1.5GHz Dothan

## ACER TRAVELMATE 4001LMi CENTRINO

## ACER 1.5GHz CENTRINO FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU

**INTEL CENTRINO**
Intel Centrino Dothan er með 2MB flýtiminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni

**DVD +/- SKRIFARI**
Vandaður DVD+/- geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**ÞRÁÐLAUST NET**
Centrino ferðatölvan kemur með þráðlausu 54Mbps netkorti og er loftnetið innbyggt í skjáinn

**ATI RADEON 9700**
Mobility Radeon 9700 skjákortið er með sjálfstætt 64MB DDR minni og eitt öflugasta í dag

**MJÖG HLJÓÐLÁT**
Intel Centrino tæknin skilar því að Acer Centrino ferðatölvan er mun lágværari en eldri ferðatölvur

**ALLT AÐ 5 TÍMA**
Acer fartölvan er aðeins 2.9kg og með Centrino tækni endist rafhlaðan í allt að 5 tíma

# 139.900

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **1.5 GHz Pentium M Dothan715** Intel Centrino Dothan er með 2MB |
| Vinnsluminni | **512MB 333MHz DDR** Stækkanlegt í 1GB |
| Harðdiskur | **60GB Ultra ATA100** 4200 RPM hraður og hljóðlátur |
| Skjákort | **64MB Mobility Radeon 9700** Sérhannað fyrir ferðatölvur |
| Skjár | **15" XGA TFT Active Matrix** 1024x768dpi og 16milljón litir |
| DVD Skrifari | **DVD +/- RW geislaskrifari** Les og skrifar DVD og CD diska |
| Hátalarar | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátlarar og hljóðnemi |
| Netkort | **10/100 base netkort** Einnig 56K módem innbyggt |
| Þráðlaust | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g |
| Stýrikerfi | **Windows XP Home** Á íslensku eða ensku |
| Tengi | **3xUSB2, FireWire, TV-út,** Parallel, VGA, PCMCIA, ofl. |

1.3GHZ ACER ASPIRE 2301LMi FERÐATÖLVA




## ASPIRE 2301LMi

| | |
|---|---|
| ÖRGJÖRVI | 1.3GHz Mobile Intel Celeron - Centrino 512K |
| VINNSLUMINNI | 256MB DDR266 minni - stækkanleg í 1GB |
| HARÐDISKUR | 40GB Ultra ATA100 harðdiskur 4200RPM |
| SKJÁR | 15" TFT XGA,1024x768dpi og16.7 milljón litir |
| SKJÁKORT | 64MB DDR Intel Extreme II með TV-út |
| DVD SKRIFARI | DVD +/- skrifari sem skrifar einnig CD-RW |
| HÁTALARAR | Innbyggðir stereo hátalarar |
| NETBÚNAÐUR | Háhraða 10/100 netkort og 56K módem |
| ÞRÁÐLAUST | 54Mbps þráðlaust 802.11g netkort |
| STÝRIKERFI | Windows XP Pro á íslensku eða ensku |

**Verð 107.900**

ACER TRAVELMATE 4001WLMi FERÐATÖLVA




## 15.4" WIDESCREEN

| | |
|---|---|
| ÖRGJÖRVI | 1.5 GHz Intel Pentium M - Centrino með 2MB |
| VINNSLUMINNI | 512MB DDR333 minni - stækkanleg í 1GB |
| HARÐDISKUR | 60GB Ultra ATA100 harðdiskur 4200RPM |
| SKJÁR | 15.4" Widescreen WXGA, 1280x800dpi |
| SKJÁKORT | 64MB ATI Mobility Radeon 9700 með TV-Out |
| DVD SKRIFARI | DVD+/-RW skrifari, skrifar einnig CD-RW |
| HÁTALARAR | Innbyggðir stereo hátalarar |
| NETBÚNAÐUR | Háhraða 10/100 netkort og 56K módem |
| ÞRÁÐLAUST | 54Mbps þráðlaust 802.11g netkort |
| STÝRIKERFI | Windows XP Home á íslensku eða ensku |

**Verð 147.900**

# MIKIÐ ÚRVAL AF ACE HEIMILISTÖLVUM

## ACE AMD 2500XP

- 2500+ AMD Sempron, 384k cache
- 512MB Dual DDR333 Corsair minni
- 200GB Western Digital SE, 7200RPM, 8MB
- 17" Acer LCD hágæða skjár, 16ms
- 128MB GeForce 4 nForce skjákort, tv-út
- 16xDVD+/- Dual Layer skrifari
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- Logitech 2.1, 2 hátalarar og bassabox
- Háhraða 10/100 netkort
- Vandað lyklaborð og Logitech geislamús
- Windows XP Home á íslensku eða ensku

**Verð 109.900**

## Special Edition

- 3.0GHz Intel P4 Prescott, 1MB cache, 800FSB og HT
- 512MB DDR400 minni með lífstíðarábyrgð
- 200GB Serial ATA150 7200RPM, 8MB buffer
- 17" Acer LCD hágæða skjár, 16ms
- 128MB GeForce FX5500-T, með - TV-út
- 16xDVD+/-skrifari, 40xSkrifari og DVD drif
- 6rása Dolby Digital 5.1 alvöru hljóðkerfi
- Logitech hátalarakerfi, 2 hátalarar og bassabox
- Windows XP Home á íslensku eða ensku

**Verð 134.900**

## ACE AMD 3400+ K8

- AMD Athlon64 3400+, 640K, 1600FSB+HT
- 512MB DDR 400MHz hágæða minni frá Corsair
- 200GB Serial ATA150 Western Digital 7200RPM
- 17" Acer LCD hágæða skjár, 16ms
- 256MB MSI GeForce FX5700LE-TD með TV-út
- 16xDVD+/- Dual Layer skrifari
- 8 rása Dolby Digital 7.1 DTS hljóðkerfi
- Nettir hátalarar sem taka lítið borðpláss
- Hraðvirkt 10/100/1000 Gigabit netkort
- Windows XP Home á íslensku eða ensku

**Verð 149.900**

**Tölvulistinn • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400**

360 gráður

FBL – GREINING: ÁFENGISSÝKI

# Fyrst og fremst heilasjúkdómur

Áfengissýki er fyrst og fremst heilasjúkdómur, segir Gísli Stefánsson dagskrárstjóri göngudeildar SÁÁ, um þennan lúmska vágest sem virðist læðast aftan að fólki og læsa klónum í það, oft án þess að það uggi að sér. SÁÁ og Íslensk erfðagreining hafa nú tekið höndum saman um að rannsaka erfðaþætti áfengissýki og fíknar.

**Hvað er áfengissýki?** Fagaðilar hafa sett upp ákveðinn ramma um einkenni áfengissýki. Hið fyrsta er stjórnleysi í neyslu áfengis. Viðkomandi ræður ekki hvenær hann drekkur né hve mikið. Hann fer yfir strikið í drykkjunni og gerir jafnvel hluti sem í rauninni stríða gegn eðli hans.
Hann fer að þjást af vanlíðan eftir drykkju, bæði líkamlegri og andlegri. Hann svitnar og skelfur. Hann er með sektarkennd, finnur til kvíða, skammar og jafnvel þunglyndis. Minnistap í og eftir drykkju er förunautur þessa einstaklings.
Hann fer að verða var við fjölskylduvandamál, peningavandræði, á í erfiðleikum með samskipti við annað fólk, missir jafnvel vinnuna eða dettur út úr skóla.
Hann veit innst inni að þetta gengur ekki til lengdar og ákveður að draga úr drykkjunni eða hætta henni alveg. En hann fellur alltaf aftur.

**Hættuástand?** Aukið áfengisþol fylgir tíðri drykkju, þannig að viðkomandi sýnir mun minni áfengisáhrif en ætla mætti út frá því áfengismagni sem er í heilanum. Þegar slíkt þol hefur verið myndað leiðir það venjulega til aukinnar drykkju, sem aftur leiðir til skemmda á líffærum og taugakerfi. Svo getur farið að heilinn vinni ekki eðlilega nema að hann hafi áfengi. Ef neyslu er skyndilega hætt þegar þarna er komið sögu koma fram fráhvarfseinkenni.
Um leið og einstaklingur fer að hafa áhyggjur af drykkju sinni, eða að aðstandendur eða vinir benda honum á að hann stefni í ógöngur, á hann að leita sérfræðings. Á göngudeildum meðferðar- og heilbrigðisstofnana er hægt að fá greiningarviðtöl. Þá má benda á fræðslufundi á göngudeild SÁÁ, Síðumúla 3-5, um áfengissýki. Þeir eru á hverjum miðvikudegi klukkan 17 og eru opnir almenningi.





MYND/AP

ÚLFALDI TIL SÖLU
Jórdanskur úlfaldahirðir bauð þennan stæðilega úlfalda til sölu á búfjármarkaði í Amman í gær. Ekki fylgir sögunni hversu mikið dýrið kostaði.

# Seinni hálfleikur að hefjast

**George W. Bush verður settur í embætti forseta Bandaríkjanna í dag og þar með hefst hans annað kjörtímabil. Efnahagsmálin og stríðið gegn hryðjuverkum munu taka mestan hans tíma næstu fjögur árin.**

**BANDARÍKIN** Síðara kjörtímabil George W. Bush hefst formlega í dag þegar hann sver embættiseið á nýjan leik. Bush mun reyna að treysta sína pólitísku arfleið á kjörtímabilinu en mörg verkefni eru fram undan. Heima fyrir eiga efnahagsmálin eftir að taka mestan tíma hans en á sviði utanríkismála mun stríðið gegn hryðjuverkum halda áfram.

### Efnahagsmálin í öndvegi

Þeir forsetar Bandaríkjanna sem ná endurkjöri eru yfirleitt aðgerðalitlir á sínu síðara kjörtímabili. George W. Bush ætlar sér hins vegar að verða undantekning frá þeirri reglu. Hann hefur lýst því yfir að hann vilji gera Bandaríkin að besta landi í heimi til að stunda viðskipti og því hafa frekari breytingar á skattalögum verið boðaðar. Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur segir að skattalagabreytingarnar hafi einkum gagnast auðmönnum og fyrirtækjum og búast má við að haldið verði áfram á sömu braut. Svonefnt eigendasamfélag, þar sem fólkið en ekki ríkið er eigendurnir í þjóðfélaginu, er tískuorð á meðal repúblikana og því býst Silja við að áherslan verði á að bæta hag eignafólks. Angi af þessum meiði er hugmyndir Bush í lífeyrismálum, sem gera ráð fyrir að komið verði á fót séreignarsjóðum í stað gegnumstreymissjóða, ekki ósvipað og gert hefur verið hérlendis.

Efnahagsmálin munu hins vegar taka drýgstan tíma forsetans. Fjárlagahalli ríkisins er mikill og hefur verið um langt skeið, vöruskiptajöfnuðurinn er afar óhagstæður og atvinnuleysi er meira en Bandaríkjamenn eiga að venjast. Steinn Jóhannsson stjórnmálafræðingur bendir hins vegar á að lágt gengi dollarans sé gott fyrir bandaríska útflytjendur, auk þess sem ferðamenn streymi til landsins. „Bráðlega ættu skattabreytingar ríkisstjórnarinnar að fara að hafa áhrif og þá er bara að sjá hvort hlutirnir fara á þann veg sem hún spáði fyrir um.“ Steinn býst hins vegar við að erfitt verði að vinna bug á fjárlagahallanum á meðan á stríðsrekstrinum í Írak stendur.



SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR



STEINN JÓHANNSSON

### Ekkert lát á stríðsrekstri

Silja Bára og Steinn eru sammála um að áherslubreytinga sé tæpast að vænta í stríðinu gegn hryðjuverkum enda þótt stjórnvöld kappkosti nú að bæta sambandið við sína gömlu bandamenn í Evrópu. „Bush er fyrst og fremst kosinn vegna þess að þjóð hans treystir honum best til að fást við hryðjuverkaógnina,“ segir Steinn. Silja telur skipan Condoleezzu Rice í embætti utanríkisráðherra ekki benda til þess að mildari stefna sé á dagskránni. „Rice er mjög íhaldssöm og er tvímælalaust í hópi hinna svonefndu hauka, á meðan Colin Powell var dúfan í ríkisstjórninni.“ Alberto Gonzales, sem setjast mun í stól dómsmálaráðherra, hefur lýst því yfir að réttlætanlegt geti verið að pynta hryðjuverkamenn þannig að ljóst má vera að þessi mál verði sem fyrr tekin föstum tökum.

Bush mun leggja allt kapp á að leiða Íraksmálið til farsælla lykta en auk þess búast sumir stjórnmálaskýrendur við að hann muni reyna að leggja sitt af mörkum til að koma á friði fyrir botni Miðjarðarhafsins, ekki síst fyrst nýr leiðtogi Palestínumanna hefur verið kosinn. Þetta gæti gefið Bush aukinn trúverðugleika í arabaheiminum, sem aftur gæfi Bandaríkjamönnum svigrúm til að ráðast gegn Írönum. Innrás í Íran kæmi hvorki Silju né Steini á óvart. „Íran er klerkaveldi þannig að það er auðvelt að selja Bandaríkjamönnum að þar sé hætta á ferðum,“ segir Silja.

sveinng@frettabladid.is






GEORGE W. BUSH
Bush hefur haft í mörgu að snúast síðustu fjögur árin en ólíkt mörgum forverum sínum ætlar hann ekki að sitja auðum höndum á kjörtímabilinu sem nú fer í hönd.



Nýtt kortatímabil!

# BYRJAR Í DAG!

# 3 fyrir 2

**Keyptu þrjár vörur en borgaðu fyrir tvær!***
**Hámark 12 hlutir á mann!**

# ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Flíspeysur, úlpur, buxur, barnaföt, skór, svefnpokar, húfur, vettlingar og margt margt fleira!
*Gildir til laugardagsins 29. janúar.

# ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

**Faxafeni 12** Opið 10 - 18 virka daga, 10 - 16 laugardag og 13 - 17 sunnudag (þennan eina sunnudag 23. janúar)

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Ekki má rugla saman innflutningi vinnuafls og svartri atvinnustarfsemi.

## Innflutt vinna og svört

Hagvöxturinn í samfélaginu virðist nú byrjaður að draga úr atvinnuleysi í landinu. Nýjustu tölur um atvinnuleysi benda í þá átt.

Fram undan er frekari hagvöxtur og búast má við að atvinnuleysi fari enn minnkandi á komandi mánuðum. Við slíkar kringumstæður er æskilegt að nýta sér erlent vinnuafl við Kárahnjúka. Það dregur úr hættu á ofrisi efnahagslífsins og lakari kjara almennings á Íslandi. Kárahnjúkavirkjun er stórfellt inngrip í íslenskt efnahagslíf og það er hagur samfélagsins að áhrifin af slíku inngripi verði sem minnst.

Virkjanir voru á árum áður tilefni uppgripa og launahækkana. Margir verkalýðsleiðtogar horfa til þeirra tíma þegar kjör almennings bötnuðu verulega vegna slíkra framkvæmda. Svigrúmið til slíks er mun minna nú, sérstaklega þegar horft er til þess hversu hátt hlutfall laun eru af heildarkostnaði fyrirtækja. Afleiðingar mikils launaskriðs vegna framkvæmda eru meðal annars há verðbólga sem að lokum bitnar á skuldugum almenningi. Einnig myndi slík þensla á vinnumarkaði leiða til þess að fyrirtæki gætu ekki borið launakostnaðinn, flyttu úr landi eða legðu upp laupana. Þessi þróun er þegar hafin og í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi sjá stjórnendur fyrirtækja ekki grundvallarmun á því að flytja inn vinnuafl eða flytja út starfsemi.

Kárahnjúkavirkjun er staðbundin framkvæmd og því ekki hægt að flytja starfsemina út. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að við ráðningu erlendra verkamanna sé farið að reglum og samningum. Hins vegar er ólíklegt að Íslendingar sækist í stórum stíl eftir dvöl á fjöllum.

Mikil verkefni eru í íslenskum byggingariðnaði og þaðan berast nú fréttir af ólöglegu innfluttu vinnuafli. Svört starfsemi er ólíðandi. Hún skekkir samkeppnisstöðu milli fyrirtækja sem fara að reglum og hinna sem skeyta engu um samninga og lög í landinu. Þá skiptir ekki miklu hvort svört starfsemi byggir á innlendu eða erlendu vinnuafli. Ekki má rugla saman ólöglegri starfsemi af því tagi og innflutningi vinnuafls þar sem farið er að lögum og reglum. Annars vegar er um að ræða óheiðarleg vinnubrögð á markaði, líkt og kennitölusvindl sem Samtök iðnaðarins hafa barist gegn. Hins vegar er um að ræða möguleika okkar til þess að taka við tímabundnum sveiflum í eftirspurn eftir vinnuafli og að manna störf innanlands, þar sem innlent vinnuafl fæst ekki. Landsvinnsla í sjávarútvegi er mönnuð með innfluttu vinnuafli í sífellt meiri mæli.

Mismunandi skoðanir má hafa á þessari þróun. Hún er hins vegar staðreynd og í mörgum tilvikum stöndum við einungis frammi fyrir því vali hvort við flytjum vinnuaflið inn eða störfin út. Það er á grundvelli þessara staðreynda sem umræðan þarf að verða í samfélaginu. Ekki á grundvelli þess tíma þegar við bjuggum í lokuðu miðstýrðu hagkerfi þar sem skrúfað var frá og fyrir kaupmáttinn til að núllstilla rekstur sjávarútvegsfyrirtækja í landinu. ■


Þú kaupir tvo pakka
en borgar bara fyrir einn




KENNARATYGGJÓ

Skrifstofumarkaður:
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

Verslanir Pennans:
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

Penninn
www.penninn.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óheillatákn

Hakakross þýskra nasista er ásamt hamri og sigð rússneskra kommúnista helsta óheillatákn síðustu aldar. Hvarvetna sem hakakrossinn sést vekur hann uppnám og óhug venjulegs fólks. Af einhverjum ástæðum er hamri og sigð sýnt meira umburðarlyndi og er þó saga kommúnismans ófögur. Þegar breska götublaðið Sun birti á dögunum ljósmynd af Harry, yngri syni Karls Bretaprins, þar sem hann klæddist nasistabúningi skrýddum hakakrossi í furðufatasamkvæmi ungmenna, varð mikill hvellur í bresku þjóðlífi. Prinsinn baðst opinberlega afsökunar á dómgreindarleysi sínu og rætt er um að í iðrunarskyni verði hann sendur í kynnisferð í Auswitch-fangabúðirnar. Í framhaldinu hafa þýskir þingmenn á Evrópuþinginu rætt um að bera fram tillögu um að bannað verði að bera merki nasista á almannafæri í löndum Evrópusambandsins. Slíkt bann mundi að líkindum teygja sig til Íslands.




### Algengt á Íslandi

Fréttavefur BBC rifjaði í gær upp af þessu tilefni að hakakrossinn á sér miklu eldri sögu en nasisminn og er til í mörgum útgáfum. Hann hefur til dæmis verið notaður sem trúartákn hindúa um þúsundir ára. Og bæta má við að hakakross á sér langa sögu í norrænum búmerkjum, innsiglum og skjaldarmerkjum. Hann var algengt tákn á Íslandi á miðöldum og þá jafnan kenndur við þrumuguðinn Þór. Á nítjándu öld og í byrjun hinnar tuttugustu var það talið merki um ræktarsemi við forna menningu Íslendinga að nota Þórsmerkið. Það er skýringin á því að Hið íslenska bókmenntafélag tók hakakross upp sem einkennismerki sitt og síðar Eimskipafélagið. Það væri því kjánalegt að banna merkið sem slíkt enda sker hakakross nasista sig greinilega frá öllum öðrum útgáfum þess; svartur á rauðum grunni og snýr upp á rönd. Hugmyndir munu hafa verið uppi um að fjarlægja Þórsmerkið af húsi Eimskipafélagsins við Pósthússtræti í Reykjavík en það yrði að teljast menningarsögulegt slys því engin tengsl eru á milli þess merkis og hakakross nasista.

gm@frettabladid.is

## Stríð gegn fátækt

Í DAG
ÞRÓUNARHJÁLP



ÞORVALDUR GYLFASON

> **Við getum boðizt til að senda kennara, lækna og hjúkrunarfólk að hjálpa til í þeim löndum, sem við kjósum helzt að styðja og styrkja, í stað þess að senda þeim fé.**

Því er stundum haldið fram, að heimsbyggðinni hafi orðið lítt ágengt í orustunni við fátækt undangengna áratugi, en það er ekki rétt. Sannleikurinn er sá, að verulega hefur dregið úr sárri fátækt um heiminn. Með sárri fátækt í þróunarlöndum er venjulega átt við þjóðartekjur á mann undir einum Bandaríkjadollara á dag. Á þann mælikvarða fækkaði fátæklingum úr röskum helmingi mannfjöldans í Asíu fyrir tveim áratugum niður í þriðjung í Suður-Asíu, þ.m.t. Indland, og niður í fimmtung í Austur-Asíu, þ.m.t. Kína. Þetta þýðir það, að hundruð milljóna manna hafa hafizt upp úr sárri fátækt í átt til bjargálna. Afríka er annar handleggur, því að þar hefur hlutfall fátækra í mannfjöldanum staðið nokkurn veginn í stað síðan 1980: nærri helmingur allra Afríkubúa býr enn við sára fátækt. Árið 1981 bjuggu 1,4 milljarðar jarðarbúa við sára fátækt, eða tæpur þriðjungur. Tuttugu árum síðar var talan komin niður í 1,1 milljarð, eða röskan sjöttung. Það er framför, enda þótt sár fátækt sé víða þyngri en tárum taki, einkum í Afríku.

Hvað er til ráða? Alþjóðastofnanir og einstök lönd hafa rétt fátækum þjóðum hjálparhönd í meira en hálfa öld, en árangur hjálparstarfsins hefur verið umdeildur. Sumir efast um, að hjálpin hafi gert nokkurt umtalsvert gagn. Ég er á öðru máli. Sár fátækt er eins og mikill eldsvoði. Þróunarhjálp er eins og slökkvistarf. Þróunaraðstoð ríkra landa við Afríkulönd hefur að minni hyggju og margra annarra verið of lítil: hún hefur verið borin saman við einn slökkviliðsmann að berjast við mikinn eld, án árangurs. Sumir hafa þá sagt: þarna sjáið þið, hjálpin ber engan árangur, við skulum hætta þessu. Aðrir segja, og það geri ég: það vantar fleiri í slökkviliðið, við skulum auka þróunarhjálpina, svo að hún geti skilað árangri. Ég held, að meiri og markvissari hjálp við fátæk lönd geti gert þeim mikið gagn, sé vel á málum haldið.

Hvað þarf til þess? Meira fé í fyrsta lagi. Þrátt fyrir ítrekaðar samþykktir í þá veru, að iðnríkin láti 0,7% af landsframleiðslu sinni ganga til þróunarhjálpar, hafa aðeins nokkur lönd náð þessu marki (Danmörk, Holland, Lúxemborg, Noregur og Svíþjóð). Bandaríkin létu 0,13% af landsframleiðslu sinni af hendi rakna 2002, litlu minna en Ísland, á móti 0,35% af hálfu Evrópusambandslanda. Ríkisstjórnin hér heima hefur nýlega ákveðið að auka til muna fjárframlög Íslands til þróunarhjálpar.

En peningar eru samt ekki allt, sem til þarf, því að það er ekki sama, hversu með þá er farið. Stjórnarfari í fátækum löndum er víða ábótavant, svo að viðtakendur þróunarfjár hafa þá stundum freistazt til að stinga því undan í stað þess að beina því til réttra viðtakenda. Látum eitt dæmi duga: Móbútu keisari í Saír, sem heitir nú aftur Kongó, stal umtalsverðum hluta þeirrar fjárhagsaðstoðar, sem var mokað inn í landið um langt árabil, og lagði féð inn á bankareikninga sína í Sviss og víðar. Allir vissu þetta, og enginn gerði neitt. Eitt sinn þegar erlendir fulltrúar gefenda komu að heimsækja hann, sendi hann þotu þjóðflugfélagsins til Frakklands að sækja stúlknakór til að syngja fyrir gesti sína. Annað var eftir því. Þess vegna getur það reynzt betur að reiða þróunarhjálpina fram í fríðu: með því kenna fólkinu, lækna mein þess og þannig áfram, því að þess konar aðstoð er ólíklegri til þess að fara til spillis í höndum spilltra landsfeðra. Þarna er e.t.v. verk að vinna handa Íslendingum: við getum boðizt til að senda kennara, lækna og hjúkrunarfólk að hjálpa til í þeim löndum, sem við kjósum helzt að styðja og styrkja, í stað þess að senda þeim fé.

En jafnvel þetta er ekki nóg. Þróunarhjálp þarf helzt að lúta ákveðum skilyrðum, eigi hún að bera ávöxt – skilyrðum, sem er ætlað að tryggja, að aðstoðin skili árangri. Þau lönd, sem hafa þegar náð viðunandi árangri, eiga þá greiðari aðgang að þróunarhjálp en önnur lönd, sem hafa staðið sig sýnu verr. Með þessu vinnulagi væru þróunarlöndum send skýr skilaboð þess efnis, að þau lönd, sem standa sig vel með því t.d. að halda verðbólgu og spillingu í skefjum, eigi verðlaun í vændum og önnur lönd, þar sem hagstjórnin og stjórnarfarið eru í lakara horfi, þurfi þá að bíða. Nýlegar rannsóknir hagfræðinga á áhrifum þróunarhjálpar benda til þess, að hún beri árangur, þegar hún helzt í hendur við góða hagstjórn og gott hagskipulag – og stundum minni en engan ella. ■


Vísindauppgötvun sem er lyginni líkust:

Stund sannleikans runnin upp?

Eru dagar Vellygna-Bjarna og bræðra hans allir? Er Gróa á Leiti líka í hættu?



SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

Vísir



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf sími 585 8330 Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.42 | 13.39 | 16.37 |
| Akureyri | 10.44 | 13.24 | 16.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

**tíska o.fl.**
Kjólarnir á Golden Globe
BLS. 5



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

**Góðan dag!**
Í dag er fimmtudagurinn 20. janúar, 20. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 7*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 168 stk.
**Keypt & selt** 19 stk.
**Þjónusta** 36 stk.
**Heilsa** 7 stk.
**Skólar & námskeið** 3 stk.
**Heimilið** 12 stk.
**Tómstundir & ferðir** 6 stk.
**Húsnæði** 22 stk.
**Atvinna** 23 stk.
**Tilkynningar** 2 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**
visir



Guðjón Rúnarsson í þvottahúsinu þar sem hann fær gjarnan stund milli stríða.

## Gott að hugsa í þvottahúsinu

***Guðjón Rúnarssonar, lögfræðingur og framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, vill hafa heimilið hlýtt og notalegt.***

„Ég er sáralítið heima hjá mér en þegar maður fer að spá í þetta er best að vera uppi í rúmi undir sæng þar sem maður byrjar daginn og endar hann,“ segir Guðjón aðspurður um eftirlætisstaðinn á heimili sínu. „Þá er maður í toppmálum og með bók á náttborðinu,“ segir Guðjón, sem segist þó allt of sjaldan gefa sér tíma í að lesa góðar bækur en er nú með ævisögu Laxness á náttborðinu.

„Annars finnst mér þvottahúsið næs, því þar er hlýtt og notalegt og á meðan maður bíður eftir að vélin klárist er gott að kúpla sig aðeins frá hlutunum og hugsa,“ segir Guðjón og slær þeirri hugmynd fram að ef til vill séu það minningar frá þvottahúsi ömmu hans sem fái honum til að líða vel í þvottahúsinu. „Auk þess er það nú svo að maður skokkar niður til að kíkja á vélina og ef hún er ekki búin myndast tóm á meðan maður bíður,“ segir Guðjón og brosir.

„Mér finnst mikilvægast að hafa hlýlegt og notalegt í kringum mig og þannig á heimilið að vera, og manni á að líða vel þegar maður er heima hjá sér,“ segir Guðjón. ■

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í ferðum*

**Ferðafélag Íslands** stendur fyrir skíðagöngu á Hellisheiði á laugardaginn. Mæting er í Mörkinni 6 klukkan 10.30 og farið er á eigin bílum upp á heiði þar sem gengið er frá Hveradölum. Þátttakendur taki með sér nesti og kakó á brúsa. Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis en ætlast er til að þátttakendur deili með sér bensínkostnaði.



**ÍT ferðir** verða með sína fyrstu gönguferð í Slóveníu í lok júní. Gengið verður í 6 daga í Triglav-þjóðgarðinum í Julian-Ölpunum í Slóveníu, nálægt landamærum Austurríkis. Gengið er í 6-8 tíma á dag með létta bakpoka og telst gangan miðlungserfið. Á daginn verður stoppað í fjallakofum til að borða hádegismat.

*ferdir@frettabladid.is*

sófar • skápar • stólar • borð • sófasett • gjafa • hillur • kommóður

Dimitri Reyrsófi



Stóll áður kr. 38.800.- stgr
**nú kr. 27.000.- stgr**

2ja sæta áður kr. 68.400.- stgr
**nú kr. 47.800.- stgr**

3ja sæta áður kr. 85.500.- stgr
**nú kr. 59.800.- stgr**

**útsala**
**á völdum vörum**
**15-50%**
**afsláttur**

**LÍNAN**
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Tekk 20 skúffu kommóða
áður kr. 44.600.- stgr
**nú kr. 29.900.- stgr**

### Ískertastjakar

Festu minni plastdós í stærri með teygju þannig að rúm myndist á milli. Fylltu það með vatni og settu einnig ber, trjágreinar eða greni með. Stingdu þessi í frystinn og þegar vatnið er frosið skaltu losa dósirnar. Settu kerti í klakann og út fyrir dyr þegar þú átt von á gestum.





# Alvara í handverki

1. Alda Sigurðardóttir. 2. Indverskt leðurveski. 3. Indverskar dúkkur. 4. Handþrykktir dúkar og rúmteppi. 5. Púðar sem Alda hefur saumað í. 6. Handgerð vaxbatík-mynd. 7. Litskrúðugir dúkar og engir tveir eins. 8. Kerti og spil frá Þingborg. Þæfður og útsaumaður ullarpoki með tölu úr horni.















***Á Selfossi er að finna lítið handverksverkstæði og verslun sem kallast Alvörubúðin og má þar finna heilmikið af bæði íslensku og indversku handverki.***

Alda Sigurðardóttir myndlistarkona er eigandi Alvörubúðarinnar og heldur úti vefsíðunni Alvara.is þar sem hún selur vörur sínar.

„Á verkstæðinu bak við Alvörubúðina er útbúin handavinna fyrir börn, búningar og fleira en hér er einnig verslun þar sem handverk er selt,“ segir Alda. Handavinnuna og handverkið býr hún til sjálf en hún er einnig með til sölu handverk annars staðar að og mikið af handverki frá Indlandi sem hún flytur inn sjálf.

„Indverskt handverk er gamalt áhugamál hjá mér og hef ég farið nokkrum sinnum til Indlands. Ég hef komið mér upp sambandi við mann á Indlandi sem kaupir fyrir mig ekta handverk eftir minni forskrift,“ segir Alda.

Verslunin hefur því á sér mjög ævintýranlegan brag og kennir ýmissa grasa og má finna litskrúðuga dúka, rúmteppi, dúkkur, leðurvörur og dansbjöllur svo fátt eitt sé nefnt. Einnig eru þarna föt á börn og fullorðna. Allt er handunnið og eru engir tveir hlutir eins.

„Ég hef einnig verið að þróa pakkningar með handavinnu fyrir börn. Ég er með þær til sölu hér og á öðrum stöðum um landið og einnig á vefsíðu minni, en sjálf er ég alin upp í handavinnubúð,“ segir Alda. ■

# Málað veggfóðurmynstur

***Stenslar notaðir til að mála á veggi, gólf og húsgögn***

Á vefsíðunni www.stencil-library.com er ótrúlega mikið úrval af fallegum stenslum. Mikið er í tísku núna að veggfóðra en ekki vilja allir gera það og lenda svo í því síðar meir að þurfa að taka veggfóðrið niður. Tilvalið er að velja sér fallegt mynstur í stenslum og mála vegginn eins og hann sé veggfóður, svo auðvelt sé að mála yfir hann síðar meir án mikils tilstands. Stenslar geta einnig nýst ef skreyta á húsgögn, gólf eða myndaramma og fleira. ■



**Á vefsíðunni www.stencil-library.com er mikið úrval af stenslum.**

## Japönsk hönnun

**Ýmsar vörur fyrir heimilið.**

Japanska fyrirtækið Plus Minus Zero hannar og framleiðir einstaklega fallega hluti fyrir heimilið. Þar má meðal annars nefna útvarpstæki, handklæði, ruslafötur, gólfmottur og fleira.



Öll hönnun er sérstaklega stílhrein og falleg eins og sést til að mynda á átta tommu ferðasjónvarpstækinu sem fáanlegt er í þremur litum og er með LCDskjá. Á vefsíðunni www.plusminuszero.jp getur að líta vöruúrvalið og er sjón sögu ríkari.


Bóndadagurinn á morgun
- Íslandsmeistari í blómaskreytingum -
BLÓMÁLFURINN
Vesturgötu 4 sími 562 2707

Parket Tilboð
Gegnheil Gólfborð
Verð frá 2350 kr.pr.ferm
Parkstsalan ehf
Hringbraut 119, S.5526699

Ullarsængur og ullarkoddar
Amerísk gæðavara
Fatabúðin
Skólavörðustígur 21a - Sími 551 4050

Mikið úrval af viðarörnum og eldstæðum
Maricel 181.000 kr.
Barbara 90 294.900 kr.
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is



Ullarsængur og ullarkoddar
Amerísk gæðavara
Fatabúðin
Skólavörðustígur 21a - Sími 551 4050



ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S: 551 1122
...íslensk hönnun

Matar- og kaffistell
20% afsláttur
Vandaðar heimilis og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322




Hönnun James Tooze: Stóll merktur sem borð og borð merkt sem stóll.

# Nýtanleg listaverk

*Hinn breski James Tooze hefur hlotið lof fyrir verk sín.*

Tímaritið Wallpaper kaus á dögunum breska húsgagnahönnuðinn JamesTooze besta unga hönnuðinn. Hönnun hans er mjög skemmtileg og fersk og felur einna helst í sér að notkunarmöguleikum venjulegra húsgagna er breytt og nýju og fersku sjónarhorni beitt á hluti sem í fyrstu virðast ósköp hefðbundnir. Hann hefur til að mynda mikið unnið með einfaldan stól og borð og setur þá í annað samhengi.

Borð getur til dæmis orðið að stólbaki enda er hans hugmynd sú að hanna hluti sem eru ekki það sem þeir sýnast í fyrstu. Húsgögn hans eru vel nýtanleg en eru að vissu leyti á mörkunum að vera sjálfstæð listaverk. ■

# Blómin næra sálina

***Það virðist aldrei ætla að birta. Öll jólaljósin horfin inn í geymslu og það eina sem hlýjar manni er nokkur kerti hér og þar. Í skammdeginu er tilvalið að hressa upp á heimilið með afskornum blómum, gefa því lit og lífinu um leið.***

„Afskorin blóm eru mikið keypt þessa dagana. Fólk er farið að kaupa sér blóm frekar en styttu og skiptir reglulega út, sérstaklega núna til að lýsa upp skammdegið. Það hendir blómunum þegar þau eru búin með líftíma sinn og kemur aftur viku eftir viku til að kaupa sér ný og falleg blóm,“ segir Berta Heiðarsdóttir hjá Blómagallerí á Hagamel 67 í Reykjavík.

„Núna er túlípanatími og eru þeir tvímælalaust vinsælastir. Svo eru það svokölluð vorblóm sem eru í pastellitum og minna okkur á að vorið er á næsta leiti,“ segir Berta og bætir við að valið á blómum sé mismunandi eftir því hvort fólk kaupi þau fyrir sjálft sig eða aðra. „Ef fólk kaupir blóm fyrir sjálft sig kaupir það nokkur blóm og yfirleitt bara eina sort eins og túlípanabúnt eða tíu rósir. Mjög stílhreint og minimalískt. Ef fólk er að kaupa í gjöf þá vill það hafa vendina svolítið spes og blandaðri. Síðan eru pottablómin að koma sterk inn núna. Margir kaupa tvö saman og hafa í glugga og skipta svo út á nokkurra mánaða fresti. Það er miklu skemmtilegra að skipta sífellt um blóm en að hafa sömu styttuna í mörg ár.“

Starfsmenn Blómagallerís eru auðvitað fagmenn og geta vel leiðbeint fólki sem ef til vill hefur ekki tekist vel að halda lífi í sínum blómum. „Það er alltaf von. Hver segir að blóm þurfi að lifa ár eftir ár? Það eru mörg blóm sem lifa kannski bara í tvo til þrjá mánuði þannig að fólk ætti alls ekki að vera hrætt við að lífga upp á heimilið sitt með blómum. Mér finnst að fólk ætti tvímælalaust að kaupa blóm fyrir sjálft sig. Þau næra sálina.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Túlípanarnir eru mjög vinsælir þessa dagana enda stendur túlípanatíminn sem hæst.

# Topp fimm í tísku árið 2005

*Innanhússkreytingar fylgja líka tískustraumum.*

1. Blandaður stíll. Ekki hafa of miklar áhyggjur af því hvort allt passi saman í íbúðinni þinni. Gerðu bara það sem þú vilt. Blandaðu saman tré og plasti, nýju og gömlu, og hafðu það huggulegt.

2. Lítið og sætt. Stór og ópersónuleg herbergi eru tvímælalaust úti í kuldanum. Lítil herbergi með pláss fyrir arin eða setustofur undir súð eru málið. Skreyttu í mjúkum og hlýjum tónum og fáðu þér vel bólstraða sófa og stóla. Rosa kósí!



Veggfóðrið klikkar ekki.

3. Þetta er ódýrt og ég er stolt(ur) af því! Nú er það bara nokkuð flott að monta þig yfir einhverri mublu sem þú fékkst á eiginlega ekki neitt. Farðu í ódýrar búðir og leitaðu að gersemum. Góð hönnun þarf ekki endilega að vera dýr.

4. Einfalt, einfalt, einfalt. Ekki blanda of miklum litum og formum í skreytingar. Hafðu það einfalt og minimalískt. Það er lykillinn.

5. Skreytingar á veggjunum. Veggfóðrið heldur áfram með hvaða munstri sem er. Fjárfestu í munstri sem er auðvelt að setja upp – og skipta út. Þú getur líka gripið í pensilinn og málað þitt eigið munstur.

ALVÖRU ÚTSALA
50-70% AFSLÁTTUR
OG NÚ 50% AUKA-AFSLÁTTUR
VEITTUR VIÐ KASSA

ÓTRÚLEG VERÐ

| | |
|---|---|
| TOPPAR | 990 |
| BOLIR | 500 |
| GALLABUXUR | 1.990 |
| SKÓR | 1.490 |
| PEYSUR | 990 |
| HERRAÚLPUR | 1.990 |
| DÖMUÚLPUR | 2.990 |
| KÁPUR | 3.490 |
| HERRAJAKKAR | 2.990 |
| JAKKAFÖT | 5.990 |
| DRAGTIR | 3.990 |
| SKYRTUR | 750 |
| BARNABUXUR | 1.490 |

AF MERKJAVÖRU OG TÍSKUFATNAÐI




opið
virka daga 11-18
laugardaga 11-16

OUTLET 10
FAXAFENI 10

s. 533 1710

**Síðir eyrnalokkar**
Síðir silfurlitaðir eða platínu eyrnalokkar eru alveg málið núna ef maður er að fara út á lífið eða á árshátíð. Önnur hver skvísa í Hollywood var með svona eyrnalokka á Golden Globe-hátíðinni og þeir teljast því vera heitustu skartgripirnir í dag.


























FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Birna er danskennari og má því ekki við því að gleyma uppáhaldinu sínu heima, dansskónum.

# Háð dansskónum

***Birna Björnsdóttir, danskennari og eigandi dansskóla Birnu Björns, hugsar talsvert um það sem hún gengur í og gerir góðu kaupin erlendis.***

„Ég er mikið fyrir klassísk föt og kaupi mikið í London því ég fer þangað oft út af dansinum. Ég geri oft mjög góð kaup þar enda þekki ég borgina og er enga stund að finna mér eitthvað,“ segir Birna og er ekki í vafa um hvers hún gæti ekki lifað án. „Það eru dansskórnir mínir. Ég er í þeim allan daginn. Ég á tvenna, eina rauða og eina svarta, en þessir svörtu eru eldri. Þeir eru mér kærari og ég er oftar í þeim. Þeir eru með áfastar legghlífar og það er alls ekki gott að gleyma þeim heima. Þá get ég ekkert gert allan daginn.“

Birna hefur keypt sína dansskó í útlöndum þar sem meira úrval er af þeim. „Þetta eru dýrir og góðir skór en ég kaupi þá erlendis því þar er miklu meira úrval í litum og efni. Ég vil náttúrlega ekki eiga eins og allir hinir. Ég er líka mjög hrifin af alls konar fallegum skóm enda er gaman að vera í þeim.“

Dansskóli Birnu er kominn á fullt skrið og greinilegt er að Birna er ástfangin af dansinum. „Þetta er svo góð hreyfing og útrás og afskaplega góður félagsskapur. Það bætast alltaf fleiri og fleiri við í skólann með hverju árinu og það er greinilega mikill áhugi hjá öllum aldurshópum fyrir dansi.“ ■

# Stígvél í vetrarveðráttuna

***Nú má gera góð kaup á útsölum.***

Eftir jólahátíðina ákveða margir að fara að spara eftir allt eyðslusukkið í desember og drífa sig á útsölur.

Búðirnar eru fullar af alls konar varningi á ágætisverði og oftar en ekki rjúka útsöluvörur út eins og heitar lummur.

Það er líka hægt að gera fín kaup á útsölunum og þeir sem ekki hafa enn fjárfest í góðum skóm fyrir íslenska vetrarríkið sem hefur ráðið lögum og lofum undanfarið ættu að gera það núna því af nógu er að taka af girnilegum skóm á góðu verði. ■



**Há ljós með hrágúmmísóla 22.000**



**Rauð 11.100 tveir fyrir einn**



**Indíánastígvél 9.990**



**Dökkbrún eskimóa 15.300**



**Svört há 10.600**



**Camper lág svört 10.990**



**Ljós loðstígvél 9.500**



**Brún með fylltum hæl 8.990**



**Camper há brún 12.990**

## [ FLOTTUSTU KJÓLARNIR ]

### Golden Globe snýst líka um tísku.

Á Golden Globe-verðlaunahátíðinni sem fór fram sunnudaginn 16. janúar eru ekki bara frábærir sjónvarpsþættir og framúrskarandi kvikmyndir í aðalhlutverki heldur er sviðsljósið líka á tískunni, sem er ávallt umtalsefni löngu eftir sjálfa hátíðina. Hver var verst klæddur? Og hver best? Hver kom á óvart og hver hefði frekar átt að vera heima? Fréttablaðið kíkti aðeins á kjólana sem sköruðu fram úr og settu markið hátt fyrir hina.



Teri Hatcher glitraði af hamingju í þessum óvenjulega kjól frá Donnu Karan.

Nicole Kidman var glæsileg að vanda í Gucci-kjól.



Reneé Zellweger klæddist kjól frá Caroline Herrera, hress að vanda.



Charlize Theron skartaði svarta hárinu í þessum John Galliano-kjól.



Jennifer Garner lét sig ekki hverfa í þessum hárauða Valentino-kjól.



Cate Blanchett er ein fallegasta kona í Hollywood og sýndi það í fallega bláa Jean Paul Gaultier-kjólnum.



Hilary Swank fór heim með Golden Globe-verðlaun og var afskaplega fáguð í Calvin Klein-kjólnum sínum.

# Hattameistarinn Philip Treacy

*Leitar víða fanga.*

Það er við hæfi á þessum misserum þegar hattur er algjörlega ómissandi í tískuheiminum að rýna aðeins í írska hattameistarann Philip Treacy. Hann fæddist 1967 á Norður-Írlandi og átján ára flutti hann til Dyflinnar til þess að læra fatahönnun. Hann byrjaði fljótt að búa til hatta við allar flíkurnar sínar í náminu og fyrr en varði urðu þeir hans aðalviðfangsefni.

Treacy fór til London í mastersnám og kynntist þar Íslandsvinkonunni og tískudívunni Isabellu Blow, sem hefur síðan bæði veitt honum innblástur og stutt hann með ráðum og dáð.

Ferillinn byrjaði hjá Chanel þar sem hann hannaði hatta með hátískukjólunum og fljótt byrjaði boltinn að rúlla. Hann hlaut bresku hönnunarverðlaunin fyrir fylgihluti tvö ár í röð og hefur alls hlotið þau fimm sinnum. Árið 1994 setti hann upp eigin sýningu, sem sló rækilega í gegn og gerði honum kleift í kjölfarið að opna sína fyrstu búð í Belgraviahverfinu í London.

Í dag framleiðir Treacy hatta og aðra fylgihluti undir þremur merkjum; Silver, Purple og Menís. Síðastliðinn vetur kom svo nýjasta línan, sem kennd er við popplistamanninn Andy Warhol. Treacy er líka óhræddur við að fara ótroðnar slóðir og fá fólk úr ýmsum geirum í samstarf með sér. Listakonan Vanessa Beecroft er einn af þessum samstarfsaðilum en saman unnu þau að innsetningu fyrir Feneyjatvíæringinn árið 2001 sem vakti verðskuldaða athygli. ■

Treacy1



Treacy2



Treacy3



Treacy4



**Treacy1** sparihattur

**Treacy2** herrahattur

**Treacy3** hversdagshattur

**Treacy4** Andy Warhal-línan


Frá Dr. Gillian McKeith

Living Food Energy duft

fyrir súper heilsu




Living Food Energy duftið frá dr. Gillian McKeith hefur verið selt hérlendis frá því í mars 2004 og hefur varan náð gríðarlegum vinsældum.

Það er mjög ensímríkt, pakkað af næringarefnum sem frásogast vel þar sem það er í duftformi. 1 tsk á dag fyrir morgunmat fyrir þá sem vilja bæta orkuúthaldið. Þeir sem eru mjög orkulausir og þjást af einhverjum kvilla þurfa oft stærri skammta fyrst, t.d. 2 tsk. 2svar á dag fyrir máltíð.

Fæst í apótekum og heilsubúðum

TILBOÐ

2 fyrir 1 á augnskuggum, naglastyrkingum og varalitum. í völdum línum L'Oréal

Tilboðsstaðir:
Apótekarinn Akureyri
Hagkaup Skeifan
Hagkaup Smáralind
Lyf & heilsa Austurstræti
Lyf & heilsa Kringlan
Lyf & heilsa Melhaga



L'ORÉAL PARIS

Gildir til 6. febrúar eða á meðan birgðir endast.



HÁRBÖND

Ný sending af breiðum hárböndum

Margir litir

Sendum í póstkröfu

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Gleraugnaverslunin Sjónarhóll



Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alpafjalla

Auglýsingastofa Sjónarhóls / Unnur

Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
w w w . s j o n a r h o l l . i s
Frumkvöðull að lækkun gleraugnaverðs á Íslandi

Regnbogadögum fækkar

– nú er 20% aukaafsláttur á kassa og að auki 20% afsláttur af öllum vörum*
fimmtud. 20/1–laugard. 22/1

Núna er tækifæri til að gera frábær kaup.

*Gildir ekki um samkvæmiskjóla

Vertu þú sjálf - vertu Bella donna

Opið mán.-fös. 11-18 • laug. 11-15

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**

**Vararafhlöður**

Þegar þú ferðast með myndavél skaltu ganga úr skugga um það að þú sért með vararafhlöður við hendina. Ekkert er verra en þegar rafhlöðurnar klárast þegar maður stendur frammi fyrir hinu fullkomna myndefni. Þú getur líka keypt hleðslurafhlöður með hleðslutæki og átt tvö sett, annað í vélinni og hitt til vara.



# Gaman að sjá Svanavatnið

***Snorri Wium söngvari fór í tónleikaferð til Pétursborgar með Fóstbræðrum.***

Snorri Wium óperusöngvari ætti að vera Íslendingum að góðu kunnur, einkum eftir frábæra frammistöðu sína í sýningu Íslensku óperunnar á Sweeney Todd í haust. Hann skrapp til Rússlands í fyrravor og varð fyrir ýmsum hughrifum í þeirri ferð.

„Ég fór til Pétursborgar í tónleikaferð með Fóstbræðrum. Við Elín Ósk Óskarsdóttir fórum með sem einsöngvarar og við fluttum Ödipus Rex á glæsilegum tónleikum með Fílharmoníusveit Pétursborgar, sem er einhver besta hljómsveit í heimi.

Við fórum fyrst til Helsinki og keyrðum þaðan til Pétursborgar. Það var dálítið áfall að keyra í gegnum Rússland, bæirnir á leiðinni voru eitthvað svo ömurlegir. Þar býr fólk í stórum, hrörlegum blokkum sem eru stagbættar með hverju því efni sem hendi er næst, plastpokum og hvað eina. Og svo er Pétursborg svona dásamlega falleg, að minnsta kosti á yfirborðinu. Þarna er höll við höll og búið að gera allt upp mjög glæsilega og fallega.“

Snorri starfar ekki bara sem söngvari heldur líka málarameistari. Hann segist þó hafa verið hvorugt á ferð sinni um Pétursborg. „Ég var þarna fyrst og fremst sem túristi. Þarna eru ótrúleg söfn og ógrynni af listaverkum eftir alla stærstu listamenn sögunnar. Svanavatnið, sem varð kveikjan að hinum stórkostlega ballett og tónverki, er þarna til dæmis og þó það sé bara lítill andapollur var sérstaklega gaman að sjá það.“ ■



**Snorri Wium kynntist þessari myndarlegu matrúsku á ferð sinni um Rússland.**



**Sjávarhiti rokkar á milli 17°c og 24°c á yfirborðinu á Lanzarote.**

# Paradís sóldýrkenda

***Sumarferðir bjóða nýjan áfangastað frá maí og fram í september. Farið er á hvítu ströndina, eða Playa Blanca, sem er syðst á eyjunni Lanzarote.***

Lanzarote er ein af sjö stærstu Kanaríeyjunum og liggur hún austast af eyjunum. Eyjan er í Atlantshafinu og aðeins hundrað kílómetra undan ströndum Afríku. Litlu eyjurnar La Graciosa, Alegranza, Montana Clara, Roque del Este og del Oeste tilheyra Lanzarote og búa alls hundrað þúsund manns á eyjunni en flestir halda sig sunnarlega.

Lanzarote er flötust af Kanaríeyjunum og liggur mjög lágt og því er loftslagið þurrt og þar rignir afar sjaldan. Sólin skín margar stundir á ári og því er þetta paradís fyrir sólardýrkendur. Ekki er mjög vindasamt á eyjunni, sem gerir siglingar og brimbrettaiðkun að leik einum.

Talsverð eldfjallavirkni hefur verið á Lanzarote og hér áður fyrr urðu eldgos fjölmörgum að bana. Montanas del Fuego, eða Eldfjöllin, spúðu hrauni yfir eyjuna og mótuðu landslagið, sem flestum þykir afskaplega aðlaðandi í dag. Arkitektúrinn passar vel við þetta „íslenska“ landslag en það var hinn heimsþekkti arkitekt César Manrique sem lagði drög að öllum mannvirkjum eyjarinnar.

Í ferðum Sumarferða í sumar gefst ferðalöngum kostur á að kynnast eyjunni og menningunni í hinum ýmsu skoðunarferðum. Hægt verður að heimsækja Los Verdes-hellana, sem urðu til í eldgosi, heimsækja forna og nýja tíma í söfnum og kynnast vín- og matargerð innfæddra. ■

**HITI Á LANZAROTE**

| | | |
|---|---|---|
| Maí – 16°c – 26°c | Júlí – 19°c – 28°c | Sept. – 20°c – 29°c |
| Júní – 18°c – 27°c | Ágúst – 20°c – 29°c | |






## Heimsreisa

BRYNJA DÖGG FRIÐRIKSDÓTTIR SENDIR PISTLA ÚR HEIMSREISU SINNI

## Í „óbyggðum“ Ástralíu

Eftir kóralrifin miklu og ferðamannastemninguna í Cairns var kominn tími til að fara á flakk á ný og í þetta skipti lá leiðin til Darwin, stærstu borgar Northern Territory, nyrst í Ástralíu. Northern Territory er um margt ólíkt öðrum fylkjum Ástralíu en það er fámennasta og dreifbýlasta fylki landsins með um 200.000 íbúa. Sérstakar aðstæður gera það að verkum að þar eru ýmsar reglur í gildi sem hvergi gilda annars staðar, en í Northern Territory er enginn hámarkshraði á vegunum í dreifbýli og algengt er að vegfarendur þeysi um eyðimerkurvegina á 160 km hraða á klukkustund. Það er því ekki óalgengt að sjá kengúruhræ liggjandi í vegaköntum en þrátt fyrir að þessi krúttlegu dýr eigi hug og hjörtu flestra teljast þau til vandræða á mörgum svæðum. Kengúrurnar eru oft varhugaverðar því þær geta valdið umferðarslysum þegar þær eru á ferðinni, sem er einkum á nóttunni, við sólarupprás og sólsetur.

Í Northern Territory er annar taktur en á austurströnd Ástralíu. Á meðan austurströndin iðar af lífi og flestir ferðamenn leggja leið sína þangað eru öllu meiri rólegheit í Northern Territory en bæjarkjarnar eru fáir og fámennir. Daily Waters, 20 manna bær skammt frá Darwin, er til dæmis þekktur fyrir fátt annað en bæjarpöbbinn sem er þakinn alls kyns dóti, allt frá nærfötum upp í þjóðfána, ökuskírteini og erlenda peningaseðla. Heartbreak Hotel er aðeins þyrping örfárra húsa sem hýsa gistingu, veitingastað, pöbb og bensínafgreiðslu. Öfugt við það sem margir gætu haldið er það svo sannarlega áhugavert að stoppa á svona stöðum, þó ekki sé nema til þess eins að spjalla við heimamenn, sem eru nær undantekningarlaust gestrisnir og áhugasamir um hvern þann sem leggur leið sína á þeirra slóðir og tilbúnir í spjall um allt milli himins og jarðar.




**Kengúrur valda talsvert mörgum umferðarslysum, einkum á nóttunni og í ljósaskiptunum.**

út í heim }



## Leið á söfnunum í Vín?

FARIÐ Í ÓHEFÐBUNDNA GÖNGUFERÐ UM BORGINA

Ertu að springa úr snitseláti? Búin(n) að fá nóg af öllum „verður að sjá“-söfnunum og sögulegu byggingunum? Ferðamálayfirvöld í Vín hvetja ferðamenn í borginni til að bregða út af vananum og fara í staðinn í skipulagðar gönguferðir um borgina. Austurríkismenn eru annálaðir útivistarmenn og vilja nú hvetja ferðamenn til að upplifa Vín á nýjan hátt. Gönguferðirnar eru í gegnum græn svæði borgarinnar svo og vínræktarsvæði, en á leiðinni er áð til að eta og drekka svo ferðalangar geti bætt upp glataðar hitaeiningar, segir í yfirlýsingu frá ferðamálayfirvöldum.



# F2

3. TBL. 2. ÁRG. 20. 1. 2005

# Vala og Björg í Spaksmannsspjörum

Hafa klætt Drew Barrymore, Teri Hatcher og Umu Thurman

Matur og heilsa

## Kemíska kryddið MSG leynist ótrúlega víða

Framkvæmdaglaðir Íslendingar

## Tíðarandinn í innanhússhönnun

Allir í Laugum ■ Bóndadagsóskir ■ Göturnar í lífi Ágústs Einarssonar prófessors ■ Frönsk sælkeraveisla á Vox
Matgæðingurinn Egill Helgason ■ Dóri vinur: með gítarinn í annarri og golfkylfuna í hinni

# Þetta og margt fleira


04 Bóndadagsóskirnar hennar og hans
06 Tíðarandinn í innanhússhönnun
08 Göturnar í lífi Ágústs Einarssonar





10 VIÐTAL
**Stjörnurnar sólgnar í hönnunina**
Björg og Vala í Spaksmannsspjörum eru úthaldsmestu tískuhönnuðir landsins. Marta María Jónasdóttir lítur yfir farinn veg með þeim og skoðar líka hvað er framundan.

12 ÚTTEKT
**Eru aukefnin að sliga mannslíkamann?**
Kemíska kryddið MSG er mikill þyrnir í augum þeirra sem vilja gæta að heilsunni. Það kemur þó ekki í veg fyrir að matvöruframleiðendur noti það óspart.

14 Matgæðingurinn Egill Helgason elskar ávexti.

16 3 dagar: Það sem ber hæst um helgina.

18 Dóri blúsari er líka forfallinn golfari – Fröken Freyja leysir vandann.






**F2** alltaf í Fréttablaðinu á fimmtudögum.

**Útgefandi**
Frétt hf.

**Ritstjórn**
Jón Kaldal

**Höfundar efnis í þessu hefti**
Borghildur Gunnarsdóttir, Freyr Gígja Gunnarsson, Kristján Hjálmarsson, Marta María Jónasdóttir og Þórarinn Þórarinsson

**Ritstjórn, auglýsingar og dreifing**
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Aðalsími: 550 5000
Netfang: f2@frettabladid.is

**Auglýsingar** Auglýsingadeild Fréttablaðsins, Jón Laufdal, Einar Logi Vignisson, Ólafur Brynjólfsson.

**Forsíðan** Björg og Vala í Spaksmannsspjörum, sjá viðtal bls. 10. Ljósmynd: Hari


## Íslenskri hönnun hlotnast mikill heiður:

# Bréfsefni á heimsmælikvarða

Bréfsefni sem Einar Gylfason hannaði fyrir auglýsingastofuna Ó! hlotnaðist nýlega sá heiður að vera valið til birtingar í bókinni *Graphis Letterhead 6*, en Graphis-útgáfan, sem er í New York, þykir eitt virtasta útgáfufyrirtæki heims á sviði grafískrar hönnunar. Einar segir þessa birtingu vera mikinn heiður fyrir sig. „Þetta er viðurkenning á því að ég hafi gert eitthvað rétt.“ Um hálfgerða hönnunarkeppni er að ræða, og þeir sem valdir eru til birtingar eru allir sigurvegarar, því ekki eru veitt nein verðlaun fyrir sæti. Einar segir að þetta sé fyrst og fremst upphefð fyrir þá hönnuði sem valdir eru til birtingar.



**Einar Gylfason** Það er mikil upphefð í þessari viðurkenningu.

Einar segir þetta hafa komið honum skemmtilega á óvart, en viðurkennir þó að hann hafi alveg eins átt von á þessu. „Ég hafði að sjálfsögðu fulla trú á því sem ég var að gera, annars væri ég ekki að þessu,“ segir hann. Inn í þessa keppni eru send mörg hundruð verk og því ljóst að um töluverðan heiður er að ræða. „Það sem ég sendi inn var A4 blað, nafnspjald og umslag.“ Bókin sem hönnun Einars birtist í er mjög vegleg og telur um 260 síður.



## World Class í Laugum í mikilli sókn:

# Fjölgaði um 1000 manns í janúar

Líkamsræktarstöðin World Class í Laugum varð ársgömul í þessum mánuði. Á einu ári hefur gestunum fjölgað gríðarlega. Í byrjun voru um 6000 manns að æfa í Laugum en nú í janúar er fjöldinn kominn yfir 8000 manns. Það hefur einnig vakið athygli fólks sem hefur verið að æfa annars staðar hvað margir eru komnir yfir í Laugar. Aðspurður um hvort Laugar séu að drepa niður aðra líkamsræktarstarfsemi í Reykjavík segir Björn Leifsson eigandi World Class svo ekki vera.



**Björn Leifsson**
Eigandi World Class

„Það tekur samt örugglega í hjá hinum, en markaðurinn stækkar á hverju ári um sirka 5% þegar nýr árgangur kemur inn í stöðvarnar, en þeir eldri halda áfram að mæta. Við miðum við 16 ára aldur en yngri krökkum er heimill aðgangur ef þeir eru í fylgd með foreldrum,“ segir hann og bætir við að Laugar hafi ekki enn náð toppnum, en hann spáir því að stöðin nái því takmarki sínu í mars á þessu ári. Talið er að líkamsræktarmarkaðurinn rúmi um 25 þúsund manns og þar af eru yfir tíu þúsund að æfa í World Class ef World Class í Spönginni og World Class í Orkuveitunni eru meðtalin. Vegna mikillar aðsóknar í Laugar er verið að bæta við brennslu-og lyftingatækjum.



Líkamsræktarstöðin World Class er ein sú flottasta í landinu og þó stöðin sé stór er hún mjög hlýleg. Þetta skiptir neytendur greinilega máli en aðsóknin í Laugar er alltaf að aukast.

„Í janúar fjölgaði kúnnunum um 1000 og við tökum eftir betri nýtingu kortanna. Ég held að fólk líti ekki lengur á líkamsrækt sem einhverja kvöð heldur er fólk að koma því það er gaman og til að hitta annað fólk. Laugar eru eiginlega að breytast í félagsmiðstöð. Laugar eru líka miklu skemmtilegri en hinar stöðvarnar sem við höfum átt. Við tökum líka eftir töluvert fleira eldra fólki, það er skemmtileg viðbót,“ segir Björn Leifsson.





**Páskaferðir til Tyrklands, Krítar, Kanaríeyja, Túnis, Egyptalands, Tælands, Bali, Kína, Kúbu og Suður-Afríku á verði sem kemur á óvart!**

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar, **www.kuoni.is**, og á söluskrifstofunni.

**Pantaðu glæsilegan ferðabækling!**

**Vertu með í Glóbus-klúbbnum!**

LANGferðir
Holtasmára 1 • 201 Kópavogi • Sími 5 100 300 • Símbréf 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is • Heimasíða: www.kuoni.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

Esso
KUONI


# F2 velur

**Morgunmatur** Nú er lag, hafragrauturinn er staðgóður og hollur morgunmatur, sem ætti að koma fólki vel af stað. Enda morgunmaturinn ein mikilvægasta máltíð dagsins.

**Íþróttir** Nú ættu þeir sem hafa verið að mótmæla sífellt meiri íþróttum í sjónvarpi, að flytjast úr landi, fara í stutta ferð til Kanarí. Því í næstu viku verður RÚV undirlagt af handbolta, þegar Viggó og „strákarnir okkar“ í íslenska landsliðinu í handbolta keppa á HM. Mótið hefst á sunnudaginn með leik Íslands og Tékklands klukkan fjögur. Á þriðjudaginn etja þeir kappi við Slóvena klukkan sjö um kvöldið, og á miðvikudaginn er leikur við Kúveit á sama tíma.



**Útiveran** Þegar snjórinn liggur yfir öllu, þarf ekki að velkjast í vafa um hver útiveran er. Heitt kakó, smurt brauð, skíðin upp á topp, og skundað upp í Bláfjöll.

**Leikurinn** Í Championsship Manager gefst leikmönnum færi á að stýra liði sínu til sigurs. Varúð, getur orðið ávanabindandi.

**Kvikmyndin** Þó að kvikmynd Olivers Stone, *Alexander* hafi fengið útreið hjá bandarískum gagnrýnendum, þá segist Stone sjálfur vera þess viss, að umburðarlyndir evrópubúar eigi eftir að taka henni opnum örmum. Eitt er víst. Kvennþjóðin á eftir að flykkjast á þessa mynd til þess að sjá Colin Farell í stuttu pilsi og drengirnir til að sjá ástaratriðið með Rosario Dawson.

**Sjónvarpið** Á laugardaginn sýnir Stöð tvö snilldarmyndina *Raising Arison* eftir þá Cohen bræður. Myndin skartar Nicholas Cage og hirðleikara Cohen bræðrana, John Goodman í aðallhlutverkum, ásamt Holly Hunter. Þetta er mynd sem enginn má láta fram hjá sér fara. Á dagskrá klukkan 23:45.



**Útsalan** Það eru ekki bara föt sem eru á útsölu, heldur er líka hægt að fara á útsölu í Skífunni og kaupa diskana sem vantar í safnið á góðu verði.


DRAGÐU ÚR HRAÐANUM!
UMFERÐIN
SNÝST UM
LÍF!
Með hraðakstri stofnar þú lífi þínu og annarra í stórfellda hættu.
Dragðu úr hraðanum áður en þú verður einhverjum að aldurtila – það verður ekki aftur tekið.
UMFERÐARSTOFA
Himinn og haf / SÍA – 9040698

# Hamingjan í hommaskap

*Ég er ekki hommi!* er kolsvart grínleikrit sem verður frumsýnt í Loftkastalanum á laugardagskvöldið. **Guðmundur Ingi Þorvaldsson** leikstýrir þar þeim **Gunnari Helgasyni, Friðriki Friðrikssyni** og **Höskuldi Sæmundssyni** í krassandi farsa sem eflaust á eftir að verða umdeildur og skapa umtal.

Leikritið, sem heitir *I'm Not Gay* á frummálinu, er eftir ungan bandarískan höfund, **Daniel Guyton**, sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. Hann hefur aldrei valið sér „politically correct“ viðfangsefni fyrir leikritin sín. Auk *I'm not gay!* hefur hann skrifað verk um náriðil, mann sem skýtur skátastelpu og fellur svo fyrir hendi móður sinnar og verk um 15 ára ólétta stelpu sem á þroskaheftan föður.

*Ég er ekki hommi* fjallar um afar „ferkantaðan“ mann sem er óhamingjusamlega giftur fjögur hundruð kílóa þunglyndissjúklingi. Þau búa við hliðina á hommapari sem allt virðist leika í lyndi hjá. Maðurinn ályktar út frá því að lífshamingjan sé fólgin í því að vera hommi, þvert á eigin fordóma.


Hver vill sofa hjá hverjum? Höskuldur Sæmundsson, Gunnar Helgason og Friðrik Friðriksson fara með öll hlutverk verksins.

Þetta er fyrsta verkið sem nýir eigendur Loftkastalans framleiða og þetta er í fyrsta sinn í meira en tvö ár sem Gunnar Helgason leikur á sviði.

Höfundurinn Daniel Guyton er ekki nema 27 ára en þó margverðlaunaður, hefur tvívegis unnið til Kennedy Center-verðlaunanna fyrir leikritaskrif. Þetta er Evrópufrumsýning á verki eftir Guyton, og í fyrsta sinn sem verk eftir hann er sýnt utan Ameríku.

Á heimasíðu sinni segist hann hafa óskaplega gaman af því að fá fólk til að hlæja að því sem það vill ekki hlæja að. Samt segist hann ekki vilja vekja upp hlátur eingöngu til þess að skemmta fólki, heldur vill hann vekja fólk til umhugsunar og koma af stað umræðum um málefni sem fólk forðast yfirleitt að leiða hugann að.

# Trefillinn og kaffikannan

Þingmennirnir **Katrín Júlíusdóttir** og **Sigurður Kári Kristjánsson** völdu þrjá ómissandi hluti.



Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, er þessa dagana að búa sig undir átökin sem byrja í næstu viku en þá verður sett þing. „Á milli þessa reyni ég að hvíla mig, fara í ræktina og dúlla mér með syni mínum,“ segir hún. Katrín valdi þrjá ómissandi hluti.

**Trefill** sem ég prjónaði í fyrra þegar ég lá á spítala. Hann er um það bil þrír og hálfur metri á lengd, grófprjónaður, langur og þykkur. Hann heldur vel á manni hita og er líka eins konar huggari. Ótrúlega gott að vefja honum um sig.



**Ilmurinn minn**. Þetta er body spray frá Victoria's Secret sem heitir Love Spell. Ég er algerlega háð þessari lykt þessa dagana. Daginn birtir þegar ég skelli henni á mig og ég get ekki verið án hennar. Hún frískar mann allan upp.



**Málverk** með mynd af Kristjáni Júlíussyni, bróður ömmu minnar. Þetta er portrett af prófílnum hans og ég er búin að eiga það í tíu ár. Myndin hefur fylgt mér í allar mínar íbúðir og mér þykir gríðarlega vænt um hana. Hún er líka mjög sérstök, lituð með svörtum lit og málað inn í, mjög flott. Hún á sennilega alltaf eftir að vera uppi á vegg hjá mér.



Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er þessa dagana á fundarferð um allt landið ásamt fleiri þingmönnum flokksins. „Þess á milli er ég á skrifstofu minni að búa mig undir komandi þing,“ segir hann. Sigurður Kári valdi þrjá ómissandi hluti.



**Bindi**. Karlkyns alþingismönnum er óheimilt að sækja þingfundi án þess að klæðast hálstaui og við megum búast við því að vera vísað úr þingsal ef við gerum það ekki. Ég ætti því afar erfitt með að sinna starfi mínu bindislaus, nema ég myndi setja upp þverslaufu, en ég hef ekki hugsað mér að gera það, að minnsta kosti ekki í bili.



Ég þráaðist lengi við að fá mér **gleraugu** enda taldi ég mig sjá ágætlega. Svo þegar vinir mínir sem spila með mér golf voru komnir með nóg af því að horfa á eftir boltanum fyrir mig á golfvellinum neyddist ég til þess að fá mér gleraugu. Eftir að ég fékk mér þau áttaði ég mig loksins á því hvað ég var farinn að sjá illa og get ekki án þeirra verið í dag.



**Kaffikannan.** Mér finnst kaffi afar gott og finnst fátt betra en að fá mér gott kaffi á morgnana. Kærastan mín var síðan svo yndisleg að gefa mér dýrindis kaffikönnu í jólagjöf sem gerir mér kleift að fá mér expresso og cappuccino hvenær sem er.

Hvað gerir kvenpeningurinn til að koma mönnunum sínum á óvart á bóndadaginn?

# Ákavíti, Sýn og Sparipasta

**Bóndadagurinn** er rétti dagurinn til að vera almennileg við eiginmenn og kærasta og ekki er úr vegi að færa þeim einhvern glaðning í tilefni dagsins. F2 fékk þrjár valkyrjur til að upplýsa hvernig þær koma sínum mönnum á óvart þennan dag. En hvernig vill karlpeningurinn láta koma sér á óvart?

**Rósa Björgvinsdóttir, eiginkona Jónsa Í svörtum fötum:**
„Ætli ég eldi ekki einhvern góðan mat handa honum, einhvern mat sem vekur upp minningar. Við Jónsi höfum mjög ólíkan matarsmekk en yfirleitt elda ég eitthvað sem mér finnst gott. Á svona tyllidögum finnst mér gaman að dekra við hann og elda hans uppáhalds sem við köllum Sparipasta. Það inniheldur hvítlauk, sellerírót, sveppi, rækjur og pepperóní í piparrjómasósu. Ég eldaði þennan rétt handa honum þegar við fórum í fyrsta skipti til Reykjavíkur saman en þá vorum við búin að vera saman í mánuð.“





**Jón Jósep Snæbjörnsson, söngvari Í svörtum fötum og eiginmaður Rósu:**
„Það væri örugglega alveg æðislegt að fá koss á kinnina um leið og við vöknum og gott faðmlag. Leiðin að hjarta mínu liggur samt í gegnum magann. Ef hún splæsir í Sparipasta fer ég úr hnjáliðunum. Ef ég fengi úr frá henni fengi hún bíllyklana til eignar. Svo er geisladiskur alltaf góð gjöf.“



**Gerður Kristný Guðjónsdóttir, rithöfundur og ritstjóri:**
„Þarfir Kristjáns eru einfaldar, ákavíti og hákarl myndu gleðja hann ósegjanlega.“

**Kristján B. Jónasson, þróunarstjóri hjá Eddu og eiginmaður Gerðar Kristnýjar:**
„Ég tengi bóndadaginn eiginlega bara við þorrann. Ég slæ ekki hendinni á móti neinu þorratengdu. En helst vildi ég fá dekurdag í Laugum eða Nordica Spa. Ég myndi alveg vilja nuddtíma því ég æfi í plebbarækt vestur í bæ þar sem er bara táfýlusokkastemmning.“



**Bryndís Ásmundsdóttir leikona:**
„Ég ætla að vera stjarnfræðilega góð við hann, sem ég er reyndar hvern dag. Ætli hann fái ekki morgunmat í rúmið, og svo syng ég fyrir hann frumsamda lagið sem ég gaf honum í jólagjöf. Eftir það gef ég honum axlanudd. Þegar þessu er lokið ætla ég að tilkynna honum að hann þurfi ekki að gera neitt á heimilinu allan daginn og megi bara horfa á fótboltann. Bóndadagsgjöfin í ár verður síðan mánaðaráskrift að Sýn.“



**Atli Albertsson, leiklistarnemi og sambýlismaður Bryndísar:**
„Ég er svo rosalega nægjusamur að það þarf ekki mikið til þess að gleðja mig. En þar sem ég er að frumsýna um kvöldið væri rosalega gott að fá stuðning og umhyggju um kvöldið. Svo væri reyndar líka gott að vakna við kaffiilm um morguninn og fá jafnvel morgunmat líka, þó ég borði þá máltíð ekki alla jafna.“




Útsala á hannyrðavörum, 35 - 70% afsláttur

- Fræðsluefni
- Tómstundavörur
- Föndurvörur
- Myndlistarvörur
- Hannyrðavörur
- Skólavörur
- Skrifstofuvörur
- Búnaður
- Húsgögn



Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is


**Frá borginni minni** Bernhard Valsson ljósmyndari

# Hefðarfrúin París

París er náttúrlega mögnuð borg fyrir mann í minni vinnu. Ég er búinn að vera hérna í tuttugu ár og væri löngu farinn ef þetta væri ekki gott. París er í mannlegri stærð. Hér er gott samgöngukerfi og borgin er þægileg yfirferðar. Menningin býr í hverju horni og það er voðalega þægilegt að opna blað og sjá hversu mikið er í boði af sýningum og ýmsum menningaratburðum.

Frakkar eru frekar hægir og það tekur tíma að venjast þeim. Þeir hafa haldið fast í lífsgæði eins og mat og eru lengi að matreiða hann. Þegar ég kom hingað fyrst var ég alveg að gefast upp á þessari skrifinnsku sem er ríkjandi en var eiginlega laminn til hlýðni. Svo kom líka á óvart að þegar ég fór á kaffihús í borginni þá var það þjónninn sem var stjarnan en ekki kúnninn. Margir af eldri kynslóðinni kunna ekki stakt orð í ensku,en unga fólkið hefur gert sér grein fyrir því að það er nauðsynlegt að kunna hana. Ef einhver ætlar að flytjast til Parísar verður hann að muna að þolinmæði er dyggð því eins og máltækið segir: „París er eins og hefðarfrú“.

Fyrir þá sem vilja komast inn í franska menningu og forðast ferðamannastaðina er sniðugt að leita uppi litla veitingastaði með fáum borðum. Þetta eru fríhafnir frá heimsvæðingunni og tíminn hjá þeim hefur algjörlega staðið í stað. Þegar ég fer út að borða fer ég á þessa staði enda eru þeir með heimilislegan og góðan mat og gott vínúrval. Eigandinn er yfirleitt með konuna sína í eldhúsinu og rífur kjaft.

Þeir sem koma til Parísar í fyrsta skipti fá sjálfsagt margir áfall og finnst íbúarnir örugglega mjög



ókurteisir. Þetta er samt ekkert persónulegt heldur hafa Frakkar bara alveg rosalega litla þjónustulund.



❯Takið með eða borðið á staðnum

# Besta hornið í bænum!

- Hamborgarar
- Steikur
- Take away
- Fiskur
- Forréttir
- Smáréttir
- Salöt
- Eftirréttir
- Barnamatseðill

Grillhúsið Tryggvagötu
GOTT STEIKHÚS




Tryggvagata 20
s. 56 23456
grillhusid.is

Himinn og haf / SIA

Framkvæmdaglaðir Íslendingar fara hamförum

# EINFALDLEIKINN VINSÆLASTUR

**Þegar jólin eru að baki, hefur margur Íslendingurinn hugsað sér gott til glóðarinnar þegar kemur að framkvæmdum. Það eru langir biðlistar hjá byggingavöruverslunum og flísabúðirnar eru fullar út að dyrum. Eldhúsið og baðherbergið eru vinsælustu fórnarlömb breytinga. *Freyr Gígja Gunnarsson* skoðar hér meginstrauma og stefnur í híbýlaumbætum landans.**



### Ljós viður og náttúrusteinn

Það er mikilvægt að athuga fyrst og fremst hvaða möguleikar eru fyrir hendi með gömlu innréttingunni. Útlitið á eldhúsinu eru skáparnir og framhliðarnar á skúffunum. Eldhúsinnréttingar sem slíkar eru ekki ólíkar hver annarri, og með bættri lýsingu og nýjum lit er oft hægt að fá allt að því nýja innréttingu. Ef það á að gera stórtækar breytingar, ætti verður að hafa nokkra hluti í huga. Bið eftir arkitekt getur verið þó nokkur, og enn lengri bið getur verið eftir iðnaðarmönnum. Fólk ætti því ekki að ráðast í framkvæmdir fyrr en það hefur fengið arkitekt til þess að rissa upp breytingarnar og er komið á lista hjá iðnaðarmönnum, sem eiga að framkvæma hlutina.







Við miklar breytingar er best að hafa samband við þá sem hafa smiði, rafvirkja og pípara á sínum snærum til þess að koma í veg fyrir árekstra.

Hérlendis er opna eldhúsið langvinsælast og það þýðir oft, að það þarf að mölva niður nokkra veggi. Ef fólk velur að hafa opið eldhús, ætti það að leiða hugann að lýsingu, og þá dimmerum og óbeinni lýsingu. Undir skápa og ofan á. Þegar eldhúsið er orðið svona opið, þá er það orðið hluti af mun stærra rými, sem nýtist á fleiri máta en eingöngu sem eldunaraðstaða. Til þess að þetta fái að njóta sín sem allra best, þá er ekki nóg að hafa bara vinnulýsingu.

Gaseldavélar njóta einnig sívaxandi vinsælda, en þar ber einnig að hafa nokkra hluti í huga. Gasið fyrir eldavélina á alltaf að vera staðsett fyrir utan íbúðina, og því þarf að huga að öllum lögnum fyrir það. Best væri ef kúturinn væri staðsettur utan á húsinu, eða inni í bílskúr.

Ljós viður í eldhúsum nýtur enn mikilla vinsælda. Þó hefur einnig borið á því, að innréttingin hafi verið sprautulökkuð, og þannig fjarlægst viðinn aftur. Ljósa yfirbragðið er vinsælast en þá getur líka verið flott að hafa stakan lit á einstökum hlutum innréttinganna. Náttúrusteinn, eða stórar hellur er mjög vinsælt á gólfið í eldhúsinu. Fyrir þá sem vilja gera eitthvað flott fyrir veggina í eldhúsinu, þá þykir það mjög flott að hafa sandblásið gler, eða stálplötur þar á en flísarnar eru líka alltaf vinsælar.

### Nostalgían allsráðandi á baðinu

Fólk er mjög háð lögnum þegar farið er út í breytingar á baðherberginu og það er erfitt að eiga við staðsetningar á klósettum. Fólk þarf líka að hafa í huga, hverju er hægt að troða inn í baðherbergið. Sumir vilja helst hafa bæði bað og sturtuklefa, en á litlu baði er mjög erfitt að koma þessu tvennu fyrir. Stóri sturtuklefinn hefur verið að koma mikið inn, enda er sturtan hentug fyrir þá sem eru á stöðugri hraðferð, og hafa ekki tíma til þess að dóla sér í baðkarinu.

Minimaliskur stíll á blöndunartækjum er mjög vinsæll í dag. Þetta eru frekar dýr blöndunartæki en þeir sem hafa ekki efni á þeim ættu að geta fundið ódýrar eftirlíkingar af þeim. Þá er í tísku að hafa klósettið innbyggt .

Vaskalínan hefur gjörbreyst hjá stærstu framleiðendunum og eru vaskarnir ekki lengur innfelldir, eða felldir ofan á borð. Þess í stað er núna vinsælast að láta þá liggja ofan á borðplötunum. Þetta er smá nostalgía og eru vinsælustu vaskarnir ferkantaðir, eða eins og skál á borði en þessi stíll sækir í fortíðina.

Mikilvægt er að lýsingin sé rétt miðað við það sem er að gerast á baðinu. Innfelldar lýsingar á speglinum, dimmerar og þar fram eftir götunum getur leitt til þess að fólk getur nýtt baðherbergið til fleiri hluta en eingöngu bursta tennurnar og greiða sér. Með réttri lýsingu getur baðið fengið nýtt yfirbragð og orðið óvænt viðbót í íbúðina sem glæsilega hannaður hlutur. Rétta lýsingin getur því skapað frábært baðherbergi.





### Rétt lýsing gerir gæfumuninn

Landinn virðist vera orðinn mjög meðvitaður um innanhússhönnun og hafa arkitektar varla undan að teikna breytingar. En lýsingin virðist einnig vera farin að skipta meira máli, enda getur vel hugsuð lýsing gjörbreytt heilu rýmunum og gert þau mun vistlegri.

Rut Káradóttir, innanhússarkitekt, hefur unnið mikið með lýsingu, hvort sem er innanhúss eða utan. Hún segir mikla vakningu hafa orðið meðal Íslendinga hvað það varðar. Landinn sé í auknum mæli farinn að spá í hvaða ljós henti best hverju sinni. „Það þýðir ekki að vera með rándýran sófa og ranga lýsingu. Það leiðir til þess að sófinn fær ekki að njóta sín á réttan hátt. Þá er betra að vera með einhvern ódýrari sófa og þá í réttu samhengi við lýsinguna," segir Rut og bætir því við að nú séu ljósahönnuðir fengnir á sama tíma og innanhússarkitektar til þess að ná fram hárréttri lýsingu í samhengi við húsnæðið. „Íslendingar eru orðnir mjög framarlega hvað varðar alla lýsingu og það hefur verið orðið algjör sprenging síðan 1997." Hún segir að í raun megi skipta lýsingunni í nokkra aðskilda hluti. Það sé alltaf ákveðin viss grunnlýsing, sem svo er bætt ofan á eftir smekk og þörfum hvers og eins.

Hún segir að vel sé hægt að skapa rétta stemningu án mikillar fyrirhafnar. „Ef fólk vill ekki eyða of miklum peningum í þetta en vill þó hafa hana fallega, þá getur það bjargað sér með hangandi ljósum og lömpum." Hún segir að það sé komið mikið af hangandi ljósum, með fallegum textíl í kring. Þar að auki séu flestir lampar komnir með dimmera sem auðveldi að ná fram réttu stemningunni. Rut bendir engu að síður á að það sé ódýrt að fá sér dimmera í dósirnar sem fyrir eru og það sé einnig hagkvæmara til lengri tíma litið, því það fari betur með perurnar.

Hvað varði nýbyggingar hér á landi þá hefur minimalisminn verið allsráðandi hér á landi. Rut segir að það leiði oft til þess að fólki finnist húsnæðið vera kalt og allt að því ópersónulegt. „Þó ég sé ekki sammála því, þá getur fólk keypt sér lampa með einhverju skrauti sem er í samræmi við persónulegan stíl þess."



### Rúmið undir borð

Að lokum er hér smá hugmynd fyrir þá sem vilja fá meira út úr litlu íbúðinni sinni, án mikillar fyrirhafnar. Þessi hugmynd arkitektanna Andres Lohse og Jennifer Dahm sýnir ákaflega skemmtilegt hugvit. Hér er notast við innsetningu, þannig að rúmið hverfur undir skrifborðið, sem er það stórt, að hægt er að nota það sem gólf. Þessi hönnun hefur birst í dönskum og norskum arkitektablöðum og vakið mikla athygli fyrir hugvit.






Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

Matar- og vínskemmtun

# Allt franskt á gourmet-kvöldi Vox

Það mun svo sannarlega svífa franskur andi yfir vötnum á vetingastaðnum *Vox* á morgun, föstudag þegar staðurinn býður upp á franska matar- og vínskemmtun. Er það gert í tilefni af því, að dagana 24. og 25. janúar mun fara fram í Lyon ein virtasta matreiðslukeppni heims **Bocuse d'Or**. Af því tilefni mun **Hákon Már Örvarsson**, yfirkokkur á Vox og bronsverðlaunahafi úr Bocuse d'Or keppninni 2001, elda úr því hráefni sem keppt verður með í Lyon.



„Þetta er frönsk matar- og vínskemmtun og er í raun skemmtilegt stílbrot við það sem er í boði á veitingastaðnum alla daga því það verður allt franskt," segir Hákon Már.

Hákon er meðlimur í akademíu Paul Bocuse og segir að með þessari skemmtun vilji þeir vekja athygli á þessari keppni sem og **Coupe de monde Patissier**, eða eftirréttaheimsmeistaramótinu, sem fer einnig fram í þessum mánuði.

Það er þó ekki nóg með að allt hráefnið verði eldað á franska vísu heldur segir Hákon að hráefnið verði framreitt í samræmi við það sem farið er fram á í keppninni. „Sú uppsetning er unnin eftir sérstakri formúlu," segir bronsverðlaunahafinn 2001 en þess má til gamans geta að Ragnar Ómarsson, sem valinn var matreiðslumaður ársins 2002, mun keppa fyrir Íslands hönd og er hann farinn til Frakklands til þess að undirbúa sig.

Það verður ekkert til sparað á Vox og verða aðalréttirnir tveir. Annars vegar er í boði skötuselur og hins vegar kálfur. Svo verða ýmsar útfærslur af franskri andalifur í forrétt.

Þessari frönsku matar- og vínskemmtun lýkur svo á Valhrone-súkkulaði í desert. „Með þessu öllu verða að sjálfsögðu sérvalin frönsk vín," segir Hákon.

Auk matarins mun hljómsveitin Desmín spila undir borðhaldi og segir Hákon að léttleikinn verði allsráðandi, enda sé þetta fyrst og fremst til gamans gert.

Góðlátlegt grín að stjórnmálafárinu í kringum Alfreð Þorsteinsson

## Fylkjum okkur um Alfred

Á netinu gengur nú síða, þar sem bolur með andliti Alfreðs Þorsteinssonar er til sölu. Er fyrirsögnin „Fylkjum okkur um Alfreð." Þegar nánar er að gáð, kemur í ljós að ekki er hægt að kaupa þennan bol heldur er um góðlátlegt grín að ræða, enda hafa fáir stjórnmálamenn verið undir jafnmiklum þrýstingi og Alfreð.

Stefán Valberg eigandi Dogma sagðist ekki hafa leitt hugann að því að setja Alfreð á bol frá sér. „ Það eru aðrir stjórnmálamenn sem eru í deiglunni," segir hann en vildi ekkert láta meira eftir sér hafa.

„Þetta er samt góð hugmynd."



Alfreð Þorsteinsson kominn á bol?







BabySam®
Skeifan 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200
www.babysam.is


GÖTURNAR Í LÍFI Ágústs Einarssonar prófessors



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hamborg er mín uppáhaldsborg

**Ágúst Einarsson** prófessor bjó á sama stað í Reykjavík þangað til hann kláraði stúdentsprófið. Þá fór hann til náms í Þýskalandi þar sem hann bjó í sjö ár. Hann segir að þeim hjónum líði jafnvel núna, í stóra húsinu á Seltjarnarnesi, og þegar þau bjuggu í kjallaraíbúðinni í Blankenese.

### Bárugata 2, 1952-1970

Ég er fæddur á Bárugötu 2 og ólst þar upp. Tvær elstu systur mínar fæddust í Vestmannaeyjum en foreldrar okkar voru nýfluttir frá Eyjum þegar við bræðurnir komum nr. þrjú og fjögur. Síðan bættust við sex systur auk eins lítils bróður sem dó í frumbernsku. Við vorum því tíu systkinin samtíma í húsinu og öll á sitt hverju árinu og það var alltaf fjör. Þetta var þá Vesturbærinn eins og hann er bestur. Við lékum okkur út um allt, í öllum görðum og fórum út í KR í íþróttir, til Bryndísar Zoega á Drafnarborg og Miðbæjarskólann. Þá var allt örstutt, miðbærinn við hliðina og allt iðaði af lífi.

### Landstrasse í Bremerhaven, 1970

Ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík utan skóla 18 ára og fór þá til náms í Þýskalandi. Ég bjó fyrst í Landstrasse í Bremerhaven en þar vann ég við höfnina um sumarið til að læra þýsku. Ég leigði þar eitt herbergi og eldaði ofan í mig, að vísu ekki mjög fagmannlega, en ég lifði af, lærði þýskuna og kann enn þann dag í dag á alla skemmtistaðina við höfnina og víðar í Bremerhaven. Á þessum árum og síðar var mikið um að íslensk skip sigldu til Þýskalands og var ég oft í slagtogi með sjómönnunum þegar þeir komu til að selja á fiskimörkuðunum.

### Vogelstrasse í Schnelsen í Hamborg, 1970

Um haustið fluttist ég til Hamborgar þar sem ég hóf nám í rekstrarhagfræði við Háskólann. Þá bjó ég fyrst í herbergi í Vogelstrasse í Schnelsen. Það var langt í skólann og tók um klukkustund að komast þangað og annan til baka á hverjum degi. Þá var allt frumstætt og ég man að ég varð að fara yfir lestarspor á leiðinni og líta vel til beggja átta til að gá að lestarferðum áður en ég fór yfir og ég man eftir dauðslysi við þennan veg.

### Schierichstrasse í Winterhude í Hamborg, 1970-1971

Síðan flutti ég nær skólanum i Schierichstrasse í Winterhude-hverfinu í Hamborg. Þar bjó ég í kommúnu með mörgum þýskum stúdentum einn vetur. Það var flott og skemmtilegt eins og nærri má geta. Þetta var á tímum 68-kynslóðarinnar og mikið líf í námsmönnum í Hamborg og víðar, götubardagar og mótmæli nær vikulegir viðburðir. Hamborg er mín uppáhaldsborg.

### Burgweg í Blankenese í Hamborg 1971

Ég var í enn einu herberginu þetta fyrsta rúmlega ár mitt í Þýsklandi og það var í Burgweg í Blankenese sem er mjög fínt hverfi þótt ég yrði ekki mikið var við það í mínu kjallaraherbergi. Þá var ég búinn að kynnast konuefninu mínu, Kolbrúnu Ingólfsdóttur, sem vann hjá Loftleiðum í Hamborg. Við urðum ekki svo mikið vör við óþægindin í kjallaranum en við erum núna búin að vera gift í 33 ár.

Bárugata
Landstrasse
Vogelstrasse
Schierichstrasse
Burgweg
Mittelweg
Hermannstal
Ohlestrasse
Háaleitisbraut
Barðaströnd
Fornaströnd

### Mittelweg í Harvesterhude í Hamborg, 1971-1972

Um sumarið sagði ég upp herberginu í Blankenese og fór í þriggja mánaða ferð með einum þýskum vini mínum í gömlum Volkswagen um löndin í Austurlöndum nær, Júgóslavíu, Grikkland, Egyptaland og Tyrkland og þvældumst við um ein tíu lönd og skoðuðum okkur um. Það var mikið ævintýri og lentum við oft í ýmsu enda ekki hættulaust á þessum tíma. Þetta var fyrir Interrail-ferðirnar en síðan hef ég ferðast mikið og hef gaman af því. Um haustið fluttum við Kolbrún saman á Mittelweg mjög nálægt Háskólanum. Þar vorum við með tvö herbergi og aðgang að eldhúsi og baði. Þetta var fyrsta íbúðin okkar og dásamlegt að lifa en veturinn var svo kaldur að allt fraus í borginni. Við vorum á 5. hæð án lyftu og við urðum að sofa í öllum fötunum en húsið var meira en aldargamalt. Þá bjargaði okkur að við áttum tvö gæruskinn og gátum breitt þau yfir okkur. Við trúlofuðum okkur um haustið og héldum heljarinnar trúlofunarveislu í tengslum við 1. des.-hátíð Íslendinga í Norður-Þýskalandi og margir landanna muna enn eftir þeirri veislu.

### Hermannstal í Horn í Hamborg, 1972-1975

Námið gekk alltaf vel hjá mér og við fluttum síðan í blokkaríbúð á Hermannstal í hverfinu Horn. Elstu drengirnir okkar fæddust 1972 og 1974 og þarna vorum við með þá. Lítill bakgarður var við húsið og þar vorum við mörgum stundum með litlu hnokkana.

### Ohlestrasse í Eidelstedt í Hamborg, 1975-1977

Eftir að ég lauk háskólaprófinu ákvað ég að fara í doktorsnám og þá fluttum við enn og aftur og nú á Ohlestrasse í Eidelstedt. Þetta var lítið raðhús með garði og þarna vorum við í okkar fyrstu virkilega góðu íbúð. Margir Íslendingar gistu hjá okkur á þessum árum. Mikið félagslíf var einnig í borginni hjá landanum og meðal Íslendinga í Norður-Þýskalandi og tókum við mikinn þátt í því. Ég var meira að segja á námsárum mínum formaður Bandalags Íslendinga í Norður-Þýskalandi og var það líklega fyrsta opinbera embættið mitt.

### Háaleitisbraut 103 í Reykjavík, 1977-1980

Við fluttum heim í maí 1977 og ég tók við stjórn fjölskyldufyrirtækisins ásamt bróður mínum. Við bjuggum fyrst á 4. hæð í blokk á Háaleitisbraut 103. Þriðji sonurinn fæddist rétt áður en við fórum frá Hamborg. Það var gott að vera í Háaleitishverfinu og stutt í allar áttir, sérstaklega miðað við vegalengdirnar úti.

### Barðaströnd 27 á Seltjarnarnesi, 1980-1995

Okkar langaði í sérbýli þegar árin liðu og fyrir 25 árum fluttum við út á Seltjarnarnes og bjuggum á Barðaströnd 27 í fimmtán ár í raðhúsi. Það er gott að vera á Nesinu, fínir skólar og skemmtilegt fyrir börn og þetta er gamli Vesturbærinn í mínum huga. Ég lít alltaf á Seltjarnarnes sem Vesturbæinn, er enn gallharður KR-ingur og fer oft á völlinn, enda spilaði ég með yngri flokkunum í fótbolta á sínum tíma.

### Fornaströnd 19 á Seltjarnarnesi, 1995 -

Fyrir tíu árum langaði okkur að komast í einbýlishús og vildum vera á Nesinu en þá var erfitt að finna hús, en piltur úr nágrenninu vissi af löngun okkur og hann frétti af húsi sem var að losna. Þannig eignuðumst við Fornaströnd 19 þar sem við búum núna. Það er alveg við Valhúsahæð og við horfum upp í Holtið og á Valhúshæðina öðrum megin í húsinu og yfir bæinn og Esjuna hinum megin. Börnin eru farin að heiman og auðvitað er þetta orðið of stórt fyrir okkur hjónin en við ætlum ekki að fara héðan. Okkur líður alltaf jafnvel og þegar við vorum í kjallaraherberginu í Blankenese fyrir 35 árum og síðan kemur barnabarnið alltaf öðru hvoru í heimsókn og von er á fleiri slíkum og þá er lífið fullkomnað.

# Stór útsala

# 20-80%

## afsláttur

**GARDÍNUBÚÐIN**

Þarabakka 3 • Mjóddinni • Reykjavík • Sími 553-5677
Skipagötu 18 • Akureyri • Sími 461-7878
**Opnunartími: mánud. - föstud. 10-18 • laugard. 11-14**

# STJÖRNURNAR SÓLGNAR Í HÖNNUNINA

Spaksmannsspjara-systurnar **Björg Ingadóttir** og **Vala Torfadóttir** eru úthaldsmestu tískuhönnuðir Íslands og er fatnaður þeirra eftirsóttur langt út fyrir landsteinana. Þær horfa hér yfir farinn veg með *Mörtu Maríu Jónasdóttur* og framtíðin er björt.

Ljósmyndir: Hari



Spaksmannsspjarasysturnar, Björg Ingadóttir og Vala Torfadóttir, eru með fulla verslun af íslenskum fyrirsætum þegar blaðamann ber að garði. Nokkrum dögum síðar á að mynda auglýsingu fyrir verslunina og hönnuðirnir vita nákvæmlega hvernig hún á að líta út. Þær stjórna hópnum eins og skipstjórar á vertíð. Á þessu ári eru tólf ár síðan þær stofnuðu Spaksmannsspjarir. Þær eru einu íslensku hönnuðirnir sem hafa haldið úti fataframleiðslu og verslunarrekstri öll þessi ár, en það hefur ekki alltaf verið auðvelt.

„Við erum „original“ hönnuðir og þess vegna höfum við haldið þetta út allan tímann, en auk þess erum við miklir vinnuhestar. Við erum að hanna fatalínur út frá okkar konsepti. Við hlaupum ekki á eftir tískubylgjum sem við sjáum í öðrum verslunum. Rekstrargrundvöllurinn hérna hefur þó oft verið mjög erfiður og við erum búnar að lenda í öllum vandamálum sem hægt er að lenda í hvað varðar framleiðslu og flutninga. Efni hafa týnst og fyrirtækin sem við höfum verslað við hafa farið á hausinn, skipt um eigendur og sum lokað,“ segir Björg og Vala tekur undir og bætir við:

„Kostnaður við reksturinn er mjög mikill, húsaleigan er til dæmis mjög há og hönnunarferlið er mjög dýrt. Það þarf oft að sauma margar prufuflíkur áður en flíkin fer í framleiðslu.“

Aðspurðar um staðsetningu verslunarinnar segja þær að það hafi oft komið til tals að flytja í verslunarmiðstöð en lokaniðurstaðan hafi alltaf orðið sú að Spaksmannsspjarir myndu ekki fúnkera þar.

„Við viljum trúa því að þeir sem vilja versla við okkur komi á Laugaveginn enda viljum við efla miðbæinn,“ segir Björg sem vill meina að það sé aðeins að rofa til á Laugaveginum. „Það eru komnar margar litlar og skemmtilegar sérverslanir í miðbæinn. Því var spáð að miðbær Reykjavíkur ætti að verða rosalega trendí frá 2000 til 2010. Við erum greinilega bara enn þá seinna á ferðinni,“ segja þær.

## Lítið fyrir glyðruföt

Björg og Vala hafa mjög ákveðnar skoðanir á klæðaburði kvenna. Þær segja sem dæmi að konur geti alveg verið í sama sparikjólnum árshátíð eftir árshátíð svo framarlega sem þær séu flottar í þeim og kjólarnir séu klæðilegir.

„Það er endalaust hægt að stílisera upp á nýtt með skóm og fylgihlutum þó kjóllinn sé sá sami,“ segir Björg.

„Línan hjá okkur er líka svo mikið í pörtum að það er svo auðvelt að breyta uppröðuninni. Konur geta léttilega fengið 20 útkomur úr þremur dressum,“ segir Vala.

Aðspurðar um hvort þær vinni út frá einhverju þema þegar þær eru að hanna segjast þær löngu vera komnar yfir slíkt vinnuferli.

„Ég man varla hvað við vorum að hugsa í fyrra þegar við hönnuðum línuna. Við erum meira í því að vilja hafa konurnar flottar og sexí, ekki samt svona glyðrusexí,“ segir Björg og Vala kinkar kolli.

„Við hugsum línurnar meira út frá konunum, sem eru náttúrlega bara þemað. Við skoðum efni og spáum í snið og þannig fáum við fílinginn. Og svo byggjum við á því sem við erum með. Þó við hugsum alltaf hverja línu í heild sinni erum við mikið í því að mixa saman. Og þegar línan kemur í hús blandast nýja línan við það sem fyrir er,“ segir Björg.

## Pink í æðardúnskápu

Yfir kaldasta vetrartímann finnst kvenfólki oft erfitt að klæða sig og mörgum konum finnst ekkert þokkafullt við dúnúlpur, húfur og vettlinga. Þessu eru Björg og Vala algerlega ósammála.

„ Mér finnst miklu erfiðara að vera í skvísufélaginu á sumrin. Á veturna hefur maður allavega alltaf eitthvað til að vera í,“ segir Vala og brosir út í annað. Meðhönnuður hennar gæti ekki verið meira sammála.

„Við förum í skvísukjólinn, setjum á okkur húfu, reimum á okkur grófa skó og látum kjólinn dragast eftir götunni,“ segir Björg. Vala segir að þeim finnist ekkert skvísulegt að vera ekki í neinu.

„Við setjum á okkur rúllukragana setjum perlufestar yfir og höfum ullarnærbolinn upp úr korsilettinu,“ segir Björg. Þær stöllur hafa um nokkurt skeið verið að gera tilraunir með æðardún og hafa tilraunirnar heppnast gríðarlega vel. Erlendar konur virðast þó vera spenntari fyrir æðardúnsflíkunum en þær íslensku. Síðasta sumar heimsótti söngkonan Pink Spaksmannsspjarir og fjárfesti í æðardúnskápu.

„Það sem við höfum selt af æðardúnsflíkunum hefur allt farið til útlendinga, en það er líklega mest út af verðlaginu. Ég held að við Vala séum einu konurnar á Íslandi sem eigum svona jakka,“ segir Björg og hlær.

Æðardúnskápurnar eru þó ekkert sérlega dýrar ef miðað er við pelsa og flokkast sem lúxusvara.

„Það vilja ekki allar konur pelsa þó þær vilji klæðast lúxusvöru og margar kjósa að geta klæðast einhverju hlýju án þess að hafa það á samviskunni að dýr hafi verið depin fyrir stælinn,“ segir Björg.

Pink er þó ekki eina stórstjarnan sem hefur hrifist af hönnun Spaksmannsspjara. Uma Thurman, Drew Barrymore, Terry Hatcher og Helene Mirren eiga til dæmis allar flíkur frá Spakmannsspjörum. Blaðamanni lék forvitni á að vita hverju stjörnurnar væru hrifnastar af en þær sögðu að það væri allur gangur á því hvað þær væru að versla.

„Pink verslaði til dæmis bæði nýjar vörur og útsöluvörur og blandaði þessu öllu saman og var rosalega smart,“ segir Björg.

## Eftiröpun er þreytandi

Það hefur borið töluvert á því að hönnun Spaksmannsspjara hafi verið stæld.

„Okkur finnst þetta ferlega hallærislegt og þreytandi. En kúnnarnir okkar eru þó miklu viðkvæmari fyrir þessu en við sjálfar. Hönnuðir endast aldrei né verða metnir af verkum sínum ef þeir apa allt upp eftir öðrum. Við höfum oft hætt að framleiða flíkur vegna þessa. Við hljótum bara að vera svona svakalega góðar, það getur ekki annað verið,“ segja þær og hlæja sínum smitandi hlátri. „Okkur finnst alverst þegar eftiröpunin er svona hrikalega ljót og illa gerð og sumir halda svo að varan sé frá okkur. Það finnst okkur alveg ömurlegt,“ segir Vala.

## Íslenskar konur í of þröngum fötum

Talið berst að íslenskum konum og klæðaburði þeirra. „Ég held að íslenskar konur hugsi frekar mikið um útlitið. Í öllum löndum er þó alltaf bara lítill hluti kvenna virkilega flottur,“ segja þær. En hvað skyldu vera algengustu tískuslysin hjá íslenskum konum?

„Íslenskar konur eru oft í allt of litlum fötum og allt of litlum skóm. Fatastærðirnar eru líka mjög viðkvæmar hjá konum. Þó þær fitni vilja þær alls ekki nota föt í Large, þær kaupa frekar í Medium. Þetta finnst okkur mjög kjánalegt því stærð er bara málband og málbandið breytist ekki neitt. Við gætum náttúrlega búið til öll fötin úr teygjuefni, en við erum ekkert í því. Íslendingar eru að fitna og við erum ekkert undanskildar því,“ segja þær

„Fötin eru ekki teiknuð á blað og saumuð eftir því heldur eru þau mátuð af okkur og stelpunum sem vinna hérna. Ef buxur eru ekki nógu klæðilegar eru þær lagaðar til þangað til þær verða klæðilegar og passa á flesta. Þess vegna eru góðar líkur á að konur finni föt hérna því það eru konur sem eru að máta fötin,“ segir Vala en bætir við að of þröngar sokkabuxur geti búið til björgunarhringi á tágrannar konur og konur verði að varast það.

„Mér finnst yfirleitt smartara að sleppa hjálpartækjum eins og „sjokköpp“ sokkabuxum og „wonderbra“ brjóstahöldurum. Fyrir nokkrum árum var þetta voða vinsælt en ég held að konur nenni þessu ekki lengur. Konur eru meira niðri á jörðinni núna. Kannski er það bara af því sjálfsmyndin er orðin sterkari og konur þurfa ekki á þessum hjálpartækjum að halda,“ segir Björg. Um þessar mundir eru þær að horfa yfir farinn veg. Þegar þær líta til baka finnst þeim þær hafa komið hrikalega miklu í verk á þeim tólf árum sem þær hafa starfað. Þær hafa lært ógrynni af nýjum hlutum enda hafa þær oft þurft að upplifa mikinn mótbyr. Aðspurðar um hvernig þær vinni úr vandamálunum segjast þær yfirleitt alltaf leita til hvor annarrar og vaði í vandamálin strax. Þó róðurinn hafi oft verið erfiður hefur aldrei hvarflað að þeim að gefast upp. „Hvar ættum við að fá okkur föt ef við myndum hætta? Og hvað ættu viðskiptavinir okkar að gera? Þetta yrði bara ekki hægt,“ segja þær og hlæja enn þá meira.


SPAKS
manns
SPJARIR

# ERU AUKEFNIN AÐ SLIGA MANNSLÍKAMANN?

Það færist í vöxt að fólk greinist með fæðuóþol. Hver hefur ekki heyrt fólk tala um að það sé með gersveppaóþol, mjólkuróþol, sykuróþol eða óþol fyrir MSG (þriðja kryddinu). Aðrir finna fyrir höfuðverkjum, magaverkjum, uppþembu og ónotalegheitum í kroppnum án þess að vita hvað sé raunverulega að. Hvað er til ráða? *Marta María Jónasdóttir* kannaði málið.

## MSG er í gríðarlega mörgum fæðutegundum

Að margra sögn stafa þessi ónot oftar en ekki af röngu mataræði. Fólk borðar of mikið af unninni matvöru, skyndibitafæði og innbyrða allt of mikið af aukefnum á borð við MSG. MSG er kemískt, verksmiðjuframleitt bragðefni og því ekki náttúrulegt krydd. Það getur valdið ofnæmi eða óþoli og getur stuðlað að sjúkdómum. Margir finna fyrir slappleika, liðverkjum, höfuðverkjum, vindgangi í kviðarholi og óútskýrðri þreytu eftir að hafa borðað mat sem inniheldur MSG. Þeir sem vilja forðast MSG þurfa að vera vel vakandi og lesa vandlega utan á umbúðir matvara.

MSG er merkt með ýmsu móti. Algengasta merkingin er E-621 en það gengur líka undir nöfnunum Mono Sodium Glutomate, texture protein, mono potassium glutamate, glutamate acid, natural pork flavouring og flavour enhancer svo einhver nöfn séu nefnd. Þegar vel er að gáð kemur í ljós að MSG er í ótrúlegustu matvælum.

**Ingólfur Gissurarson** hjá Umhverfisstofnun segir að það sé allt í lagi að borða aukefni eins og MSG innan vissra marka.

„MSG er óþolsvaldandi efni og þar af leiðandi er ekki gott að borða of mikið af því. Fólk er misnæmt fyrir MSG eins og gengur og gerist. Aukefnareglugerðin er þannig upp sett að hún þjóni hagsmunum neytenda. Sannarlega þykir tæknileg þörf fyrir notkun aukefnanna í vörunni og að sýnt sé fram á að heilsu neytenda stafi ekki hætta af. Ef menn fylgja reglunum og borða eðlilega, eru ekki að raða í sig MSG þá er í fullkomnu lagi að borða það," segir hann.

Það vekur athygli hvað íslenskar matvörur eru illa merktar. Ýmist stendur bara krydd á umbúðunum sem segir ekkert um innihaldið eða stafirnir eru svo litlir að fólk þarf ofursterk gleraugu til að geta lesið utan á umbúðirnar. Ingólfur fullyrðir að ef aðeins stendur krydd á umbúðunum þurfi fólk ekki að óttast því MSG sé ekki krydd heldur aukefni.

„MSG var fundið upp um 1940 þannig að ömmur okkar og mömmur hafa notað þetta í talsverðum mæli og það hefur engum orðið meint af því. Það sem gerðist á sínum tíma var að MSG var notað í of miklu magni á austurlenskum veitingastöðum. Þá komu upp hausverkir og annað því þetta er unnið úr glútamick sýrunni sem vinnur upp í heila og gerir það að verkum að fólk fær hausverk. Í dag er ekki leyft að nota efni í slíku magni. Þess vegna er nauðsynlegt að merkja vöruna ef hún inniheldur MSG því það eru svo margir með óþol fyrir vörunni," segir Ingólfur.

### Ekkert nýtt undir sólinni

**Helga Mogensen** hjá Maður lifandi er alls ekki hrifin af MSG. „MSG er algerlega á bannlista hjá okkur og maður er þakklátur fyrir þá vakningu sem er í gangi. Sumir fá hausverk, aðrir fá ónot og fólk túttnar út, þetta er svona það helsta. Þeir sem eru með óþol finna einkennin strax og það ætti ekki að vera notað. Þetta er bara eitur," segir hún og bætir við:

„Mannskepnunni er ekki ætlað að taka inn öll þessi aukefni. Við náum ekki að vinna úr þessu og einn daginn brestur þetta, og fólk fer að finna fyrir þreytu og orkuleysi." Hún segir þó að það sé mikil vakning meðal almennings og margir séu að leita sér ráða hjá næringarráðgjöfum, en fólk fari yfirleitt ekki fyrr en það er komið í þrot.

„Það má líkja þessu þroti við alkóhólista sem finnur ekki leið út úr sínum málum. Fólk þarf að breyta um lífsstíl. Fólk borðar of mikið og svo er það ekki að borða réttar samsetningar. Fæðan er of einhæf. Fólk borðar allt of mikið af kolvetnum, það vantar meira grænmeti og ávexti svo dæmi sé nefnt. Annars er mannskepnan alltaf að glíma við sama vandamálið, það er ekkert nýtt undir sólinni. Margbreytilegt fæði og hreyfing er það eina sem dugar. Skyndilausnir virka ekki," segir Helga.

**MSG ER KEMÍSKT**, verksmiðjuframleitt bragðefni og því ekki náttúrulegt krydd. Það getur valdið ofnæmi eða óþoli og getur stuðlað að sjúkdómum. Margir finna fyrir slappleika, liðverkjum, höfuðverkjum, vindgangi í kviðarholi og óútskýrða þreytu eftir að hafa borðað mat sem inniheldur MSG. MSG er merkt með ýmsu móti.

- **E-621**
- **Mono Sodium Glutomate,**
- **Texture protein**
- **Mono potassium glutamate**
- **Glutamate acid**
- **Natural pork flavouring**
- **Flavour enhancer**




**Allar kryddvörur og pakkasúpur frá Knorr innihalda MSG. Það er einnig MSG í Doritos-snakki og sumum tegundum af Maarud, laxa- og rækjusalati frá Jóa Fel, SS-kjötfarsi, kjúklingastrimlum frá Matfugli, kjöt og grænmetiskröftunum frá Oscar, í Humarsúpu frá Ora og í súpunum frá Campbell's, Lamba Nöggum og ýmissi unninni kjötvöru. Hið sívinsæla frönsku-kartöflukrydd er einnig stútfullt af MSG.**

### ÞAÐ ÆTTI AÐ BANNA MSG



**Kolbrún Björnsdóttir** grasalæknir segir að MSG veiki ónæmiskerfið.

„Það fá næstum því allir einhver einkenni sem neyta MSG. Það virkar eins og salt og eykur vökvaþrýsting í líkamanum. Þar af leiðandi getur það haft áhrif á rosalega margt, veldur asma hjá sumum en exemi hjá öðrum. Það eru ekki mjög margir sem hafa komið til mín sem eru með bein ofnæmiseinkenni af MSG, alls ekki. Fólk finnur oft ekkert fyrir því að það hafi einhver áhrif fyrr en það hættir að borða MSG í einhvern tíma og byrjar svo aftur að neyta þess. Ef það notar það reglulega finnur það minna fyrir því. MSG getur líka hækkað blóðþrýsting. Mér finnst að það ætti að banna MSG því það hefur svo mikil áhrif á líkamann," segir hún. Aðspurð um vítamín segir Kolbrún að fólk eigi oftast að geta fengið öll næringarefni úr fæðunni. Hún segir jafnframt að ef fólk tekur alltaf vítamín verði líkaminn háður þeim.

„Það eru samt allt of margir sem eru að borða allt of lélegan mat og þá þarf fólk vítamín. Fólk borðar lélegan hádegismat eins og samloku með eiginlega engu á milli, borðar jafnvel ekkert grænmeti og lítið af ávöxtum. Það vantar því steinefni. Að fá sér samloku í hádeginu er ekki góð næring. Svo borðar fólk kannski bara fisk og kartöflur á kvöldin. Fólk er að borða allt of mikinn mat sem er búið að taka allt líf úr," segir hún. Þegar hún er spurð út í sykurinn segir hún að hann sé alverstur. Verri en saltið og þriðja kryddið. En hvað er til ráða? „Fólk þarf að vera mjög duglegt í tvær vikur og sleppa öllum aukefnum. Það er líka voðalega gott að nota jurtir með til að hjálpa líkamanum að losa þetta rusl út. Fólki líður kannski ekkert sérstaklega vel fyrstu tvær vikurnar en eftir mánuð fer fólk að finna mun á sér. Fólk þarf bara að vera ákveðið og losa þetta út og fara í gegnum skápana hjá sér og henda kryddunum, ekki setja þau til hliðar því þá freistast fólk til að nota þau. Það þarf alveg að skipta um krydd," segir Kobrún



## Kjúklingabringur sprautaðar með sykri, salti og vatni

Það er ekki bara MSG sem veldur mannslíkamanum óþægindum. Það dettur eflaust fæstum í hug að skoða innihaldslýsingu á ferskum kjúklingabringum. Þegar miðinn er skoðaður stendur að bringurnar innihaldi vatn, salt (0.6%), sykur (0.3%) og bindiefni (E-450). Hvað þýðir þetta? Jú, vatni, salti, sykri og bindiefni er sprautað inn í bringurnar og þær settar í tromlu svo þær tútni út og líti betur út í umbúðunum. Eða er réttara að segja að neytendur séu að kaupa fullt af vatni fyrir 2.290 kr. kílóið? **Steinar Guðleifsson** hjá Matfugli segir að það sé ekki annað hægt en að sprauta bringurnar með vatni og bindiefnum því annars verði þær svo þurrar að erfitt verður að borða þær.

„Ég er ekki með nákvæma innihaldslýsingu en það er ákveðið efni sem við setjum í vatnið og svo er þetta allt sett í tromlu og þyngt um vissa prósentu. Áður voru kjúklingabringurnar alltaf svo þurrar, en eftir að við byrjuðum á þessu fór fólk að hringja inn og segja okkur hvað kjúklingabringurnar væru orðnar meyrar, góðar og safaríkar," segir hann.

„Ég borða yfirleitt bringur en svo prufaði ég að elda heilan fugl um daginn. Þá fannst mér bringan á heila fuglinum þurr og vond," segir Steinar.

Aðspurður hvort það sé ekki ósanngjarnt að selja neytendum vatn á uppsprengdu verði segir hann svo ekki vera.

„Bringan er náttúrlega án allra beina og á henni er ekkert skinn. Ætli það sé ekki 0.5 % eða 0.6 % fita á bringunni. Eðlilegast er þetta dýrasti parturinn. Enda fer mikil vinnsla í bringurnar. Það er gott að tala um þetta því þetta er gæðamál. Það eru allir framleiðendur að gera þetta því varan verður margfalt betri," segir Steinar hjá Matfugli.

**Kolbrún Björnsdóttir** grasalæknir er ekki sammála Steinari.

„Mér finnst þetta mjög slæmt. Mér finnst að við ættum að geta valið hvort við viljum sprautaðar eða ósprautaðar kjúklingabringur úti í búð. Langflestir vita ekkert um þetta. Fólk er ekkert að lesa utan á pakkana og ekki vant því ef það kaupir kjúkling að ferskur kjúklingur sé ekki hreinn," segir hún.

Í versluninni Maður lifandi er reyndar hægt að kaupa ósprautaðar kjúklingabringur, bæði eldaðar og frosnar ásamt lífrænu lambakjöti.

„Fyrst ósprautaðar kjúklingabringur voru í boði ákváðum við að vera með þær. Fólk gerir sér þó almennt lítið grein fyrir að framleiðendur



sprauti kjúklingabringurnar með sykurvatni. En ef maður getur leyft sér að vera með ósprautaðar bringur á maður að notfæra sér það," segir Helga.

### Ekki alveg eins og fólk býst við

**Ingólfur Gissurarson** matvælafræðingur hjá Umhverfisstofnun segir að kjúklingabringumálið sé tvíeggja.

„Meðan framleiðandinn telur að þetta sé í fullkomu lagi og er tilgreint á umbúðum þá er þetta í lagi og ekkert við því að gera. Hins vegar eru þeir að setja vatn í vöruna til að þyngja hana sem kostar neytendur miklu meira. Þeir eru að selja neytendum vatn. Það er kannski ekki í mínum verkahring að tala um hag neytenda," segir Ingólfur og bendir á Neytendasamtökin. Hann segir þó að það sé væntanleg reglugerð um kjöt og kjötvörur.

„Þar verður ein grein þess efnis að ef hrávara (kjúklingabringur eða nautahakk) inniheldur viðbætt vatn sem fer yfir 10 prósent verða menn að skrifa það á umbúðirnar," segir hann og bætir við:

„Eins og staðan er núna er þetta lagalega í lagi. Þeir tilgreina það á umbúðunum hvert innihaldið er. En það er sama sagan með hamborgara. Þegar búið er að steikja þá rýrna þeir töluvert því það er svo mikið vatn í hakkinu. Gæði vara á markaði eru ekkert meiri en það sem neytendur gera kröfur um," segir Ingólfur.

Hann segir jafnframt að Umhverfisstofnun hafi ekki fengið neina kvörtun frá sykursjúku fólki varðandi sykursprautuðu bringurnar.

„En vissulega er þetta ekki alveg eins og fólk býst við. Fólk gerir ráð fyrir því þegar það sér óunnið kjöt í búðinni að það sé hreint," segir hann.

# Eðal drottningarhunang í töfluformi

## –Sannkölluð bætiefnabomba fyrir líkama og sál!






Kristján Ársælsson, margfaldur Íslandsmeistari í "Galaxi fitness"

"Ég hef aldrei verið í betra formi en núna og þakka það ekki síst því að ég borða mjög hollan og náttúruvænan mat og fæðubótarefni úr ríki náttúrunnar. Ég mæli hiklaust með Eðal drottningarhunangi í töfluformi því það inniheldur ótal vítamín, prótein og fæðubótarefni og er 100% náttúruvara. Það gerist ekki betra!"

## Fáðu þér bætiefnabombu!

Eðal drottningarhunang í töfluformi er nú fáanlegt hér á landi. Það er nýjung því hingað til hefur drottningarhunang einungis fengist í fljótandi formi. Eðal drottningarhunang eykur orku, vellíðan og úthald. Það inniheldur fjölmörg vítamín, steinefni og efnahvata og er ennfremur mjög próteinríkt. Um er að ræða 100% náttúruvöru því engum aukaefnum er bætt í töflurnar. Töflurnar eru litlar og því auðveldar inntöku. **Eðal drottningarhunang hentar öllum aldurshópum.**

**Hvað gerir Eðal drottningarhunang?**
Mikið hefur verið fjallað um eiginleika drottningarhunangs til að yngja líkamann upp, styrkja ónæmiskerfi hans og hjálpa honum þar með að vinna gegn sýkingum og berjast við ýmsa sjúkdóma. Drottningarhunang virkar einnig vel á innkirtlakerfið og hefur mjög góð áhrif á líðan kvenna á breytingaskeiði.

**Hvað er drottningarhunang?**
Drottningarhunang inniheldur nær öll næringarefni sem við þurfum á að halda, þ. e. öll B-vítamínin, C-vítamín, ennfremur mikið af steinefnum og eggjahvítuefnum, bæði einstakar amínósýrur og mikið af efnahvötum sem hjálpa líkamsstarfseminni. Þar má einnig finna fitusýrur, sykrunga, sterol, kjarnasýrur og gammaglóbín, sem líkaminn notar til að styrkja eigið ónæmiskerfi.

**Þyngdartap og uppbygging vöðva**
Eitt fjölmargra bætiefna í Eðal drottningarhunangi er steinefnið Króm. Það hvetur til þyngdartaps og uppbyggingar vöðva og er því mikið notað bæði af einstaklingum í megrun og þeim sem stunda íþróttir. Hærra hlutfall vöðva eykur getu líkamans til að brenna fitu. Íþróttamenn þurfa mun meira magn af krómi en aðrir, þar sem áreynsla eykur útskilnað þess margfalt.




HÖNNUN: GEIMSTOFAN/FREMRI

Royal Nature Products

Taktu þátt í verðlaunagetrauninni
sjá www.rnp.is

VERSLANIR/SÖLUAÐILAR ATH! : DREIFINGARSÍMI RNP ER 899 5688

SÖLUSTAÐIR: LYFJA, HAGKAUP, MAÐUR LIFANDI OG AÐRAR VERSLANIR




Veitingastaðurinn Tilveran

# Heimilislegur og ódýr

**Hver og hvar?** Veitingastaðurinn Tilveran, Linnetsstíg 1, 220 Hafnarfirði.

**Hvernig er stemningin?** Tilveran er þekkt fyrir ódýran en góðan mat. Í hádeginu er staðurinn oft þéttsetinn af þeim sem vinna í miðbæ Hafnarfjarðar og er í boði sérstakur hádegismálsverður á mjög góðu verði og fylgir súpa með réttinum. Á kvöldin breytist Tilveran í notalegan fjölskylduvænan stað, þar sem boðið er upp á mat við allra hæfi. Tilveran er í hjarta Hafnarfjarðar. Íburður er í lágmarki en þess í stað er lögð áhersla á að gera kvöldið sem allra notalegast.

**Matseðillinn** Fiskur af ýmsum gerðum er áberandi á matseðlinum í bland við hefðbundnari rétti eins og lambafillet, grillaðan kjúkling, svínakjöt og pasta. Ef börnunum líst ekki á neitt af þessu þá er í boði sérstakur matseðill fyrir þau með til dæmis pítsum og hamborgurum.

**Hvað er vinsælast** Rauðsprettan er vinsælasti rétturinn, enda kemur hún fersk úr hafinu. Hún kostar í hádeginu 1290 kr. og fylgir þá súpa með.

**Réttur dagsins** Í hádeginu er boðið upp á rétti dagsins, og kosta þeir frá 990 kr. og upp í 1290 kr.. Þá er einnig boðið upp á fisk kvöldsins á góðu verði

# Dýrari vín hagstæð á Íslandi




Chateau Cantenac-Brown er eitt þekktasta vín Frakklands og hefur alltaf notið hylli vínáhugamanna og safnara hérlendis. Ekki spillir fyrir að dýr vín eru fremur hagstæð í innkaupum hér á landi vegna hinna flötu áfengisskatta. Cantenac-Brown höllin er byggð í breskum Tudor-stíl og sker sig því nokkuð úr frá nágrönnum sínum í Margaux. Framkvæmdir voru hafnar á síðustu öld af John-Lewis Brown en hann var sonur bresks vínkaupmanns. Líftryggingafélagið AXA festi kaup á Cantenac-Brown árið 1989 og endurnýjaði allan tæknibúnað auk þess sem vínekrur voru endurbættar og höllin endurgerð. Hún er nú notuð sem háskóli AXA-fyrirtækisins á sviði tryggingarfræða. Þetta er vín í klassískum Margaux-stíl úr þrúgunum cabernet sauvignon, merlot og cabernet franc.

**Verð í Vínbúðum 3.780 kr.**


Arkarþorrablót



29. janúar 2005

Ómar Ragnarsson og Haukur Heiðar Ingólfsson

*Glæsileg söng og skemmtidagskrá.*
*Þorrahlaðborð hlaðið dýrindis mat úr smiðju matreiðslumanna Hótel Arkar, Tómasar Þóroddssonar og Jakobs V. Arnarsonar.*
*Dansleikur með hinum einu sönnu Sölvum fram eftir nóttu.*

Verð: 4.500,- krónur
Verð með gistingu: 8.790,- krónur (á mann í tvíbýli)

Tökum að okkur þorrablót fyrirtækja, átthagafélaga, vinahópa og félagasamtaka.

Nánari upplýsingar og pantanir í síma 483 4700
www.hotel-ork.is, info@hotel-ork.is HÓTEL ÖRK




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Mexíkanskur matur.** „Matur og meðlæti að hætti Mexíkana."

Mexíkönsk matargerð

# Pönnukökur uppistaðan

Mexíkönsk matargerð hefur notið vaxandi vinsælda á Íslandi, og flestir þekkja orðin *tacos* og *fajitas*. Mexíkönsk matargerð er byggð upp á mjög hollum og einföldum mat og segir Sævar Steinarsson yfirkokkur á veitingastaðnum *Tex Mex* matinn hér á Íslandi jafnvel vera enn einfaldari. „Í Mexíkó baka þeir allar sínar kökur sjálfir, og eru þær þá gerðar á svipaðan hátt og flatkökurnar." Hann segir að hér á landi hafi menn kannski kynnst eingöngu ákveðnum hlutum af mexíkanskri matargerð en hún bjóði upp á miklu fjölbreytilegri mat. „Í sumum héruðum, er fiskmeti eins og risarækja og koli mikið notað, á meðan í öðrum héruðum sé uppistaðan kjötbollur og svínakjöt." Hann bætir því þó við, að pönnukökurnar séu einkenni mexíkanskrar matargerðar, ásamt grænmeti og fersku chilli. „Þó hér sé hægt að fá kannski tvær gerðir af hinu rótsterka *jalapeno* þá eru yfir hundrað tegundir af chilli," segir hann.

Mexíkanar nota mikið af olíu, og marínera matinn sinn. Þá fer einnig mikið fyrir ferskum koríander, límónu og djúpsteiktum mat. „Þeir gera líka mikið af súpum svo sem baunasúpur, hvítlaukssúpur, límónusúpur, avókadósúpur og krabbasúpur." Sævar segir þá sem hugsa um línurnar ættu að kætast, því mexíkanskur matur sé ekki mjög fitandi. „Til dæmis er salsasósan samansett úr tómötum, kryddi og vökva. Hana er síðan hægt að bragðbæta með olíunni úr jalapeno, án þess að það skaði bragðið."

### Mexi skins með baconi

bökunarkartöflur
beikon
laukur
salsasósa
rifinn ostur

Kartöflurnar eru bakaðar í ofni í 30 til 45 min, eftir stærð og kældar niður. Þær eru síðan skornar í tvennt og skafið úr þeim, um það bil fjórum matskeiðum, innan úr hvorum helmingi. Þá er settur fínsaxaður laukur í botninn, svo steikt beikon, salsa, og loks er rifnum osti stráð yfir. Þetta er síðan hitað í ofni við 180 gráður í tólf til fimmtán mínútur. Sævar segir, að þetta ætti að gefa fólki hugmynd um hvernig hægt er að gera bökuðu kartöfluna að girnilegu meðlæti en að einnig megi setja hakk og í raun hvað sem fólki dettur í hug.

### Enchilades

hveiti tortilla-pönnukökur
kjúklingastrimlar
sósa og rifinn ostur ofan á
salat
laukur
enchilada-sósa (má nota salsa)

Tortilla-kökurnar eru hitaðar létt á pönnu eða í ofni. Svo er salatið, kjúklingurinn og laukurinn sett á og pönnukökunum rúllað upp. Sósan síðan pensluð á og osti dreift yfir. Þær eru síðan hitaðar við 150 gráður í fimmtán mínútur.



Sævar Þorsteinsson yfirkokkur á Tex

### Lárperumauk Guacamole

2 stk þroskuð lárpera (avocado)
1msk fínsaxaður laukur
1 stk ferskur chilli saxað og fræin tekin úr
1 lúka af söxuðum, ferskum kóríander
safi úr 1 súraldin
1 tsk salt

Lárperan er skorin í tvennt, steinninn tekinn úr og skorinn í teninga, allt sett í matvinnsluvél og maukað vel

Gott er að bera þetta fram með nachos-flögum, sýrðum rjóma, fersku salati og kryddhrísgrjónum.

**Matgæðingurinn** Egill Helgason

# Sólginn í vínber

**Hvaða matar gætirðu ekki lifað án?**
Mér finnst góður matur góður, vondur matur vondur. Þannig get ég ekki lifað án þess að hafa gott hráefni, ferskan fisk, gott kjöt, nýtt grænmeti og ávexti.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Allur þorramatur finnst mér verulega ógeðslegur. Mér þóttu ostrur góðar, en nú er ég, held ég, með ofnæmi fyrir þeim.



**Fyrsta minningin um mat?**
Ég held það séu vínber sem pabbi keypti handa mér í Silla & Valdabúðinni í Hringbraut á leiðinni úr Hagaborg. Ég kallaði það kúlur og búðin hét Kúlubúð – ég er enn sólginn í vínber.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Mér finnst fiskur eins og þeir grilla hann heilan í Grikklandi bestur. Eftirminnilegasta máltíðin er á stað sem heitir Caprice á Mykonos, niðri í fjöruborðinu undir vindmyllunum. Með stjörnubjartan himin og hafið fyrir framan sig.



**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Ég segi eins og margir sem svara í þessum dálki: íslenski þorramaturinn. Það er ekkert skrítnara en súrsuð eista og matur sem búið er að pissa á.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég er smátt og smátt að venja mig af öllum ósiðum. En leiðinlegt, kynni einhver að segja. Ég er meira að segja búinn að hreinsa brauð út úr mataræðinu.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Jógurtið klárast held ég aldrei. Helst einhverja ávexti. Melónu, vínber, jarðarber.

**Hvað borðarðu þegar þú þarft að láta þér líða betur?**
Konan mín er snillingur að búa til salöt.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndirðu taka með þér?**
Ég myndi taka með mér grill, eldspýtur og ólífuolíu til að matreiða allan góða fiskinn sem ég myndi veiða.



# Egils Lite – léttur bjór með alvöru bjórbragði

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. hefur sett á markað nýjan bjór, Egils Lite, léttan íslenskan bjór með alvöru bjórbragði. Egils Lite er 4,4% að styrkleika og í hverjum 100 ml eru aðeins 29 hitaeiningar. Egils Lite inniheldur því færri hitaeiningar en margir þekktustu léttbjórar á markaðnum.

Léttur bjór nýtur sívaxandi vinsælda meðal karla og kvenna sem vilja njóta þess að drekka góðan bjór án þess að hafa of miklar áhyggjur af hitaeiningunum.




Við bruggun létts bjórs er helsti vandinn að fá hann til að bragðast eins og alvöru bjór. Bragðprófanir gefa til kynna að bruggmeisturum Ölgerðarinnar hafi einmitt tekist að sameina hvort tveggja – framleiða léttan íslenskan bjór sem bragðast eins og alvörubjór. Egils Lite er fáanlegur í verslunum ÁTVR.

**Verð í Vínbúðum, 50cl dós á 161 kr.**




## Brunað í gegnum bjórsöguna

- **Talið er að bjór** hafi fyrst orðið til hjá Babýloníumönnum 6000 fyrir Krist.
- **Germanar hófu** sína ölgerð á 1. öld eftir Krist og hafa viðhaldið hefðinni óslitið síðan.
- **Á 15. öld fundu** Bretar upp á því að nota humal í bjórinn og töldu þeir að með því gætu þeir komið í veg fyrir að bjórinn súrnaði og geymdist því betur.
- **1866 fann Louis Pasteur** lausn varðandi geymsluþol og fann það út að ef flöskur voru hitaðar upp í 60-70 C og svo kældar niður lengdist geymsluþolið til muna.
- **1880 áttu ölgerðir** í miklum vanda vegna mengunar á villigeri. Árið 1883 tókst Emil Christian að einangra staka gerfrumu og rækta hana. Í framhaldi af þessu þróaði hann aðferðir til að viðhalda gerstofni og rækta upp nýjan ger.
- **Framleiðsla bjórs** fer fram í 5 þrepum: Möltun byggs, bruggun, gerjun, lagering og átöppun.
- **Möltun**: Ýmist er notað maltað bygg eða ómaltað. Þegar byggið er bleytt hefst spírun og á meðan spírunni stendur breytist sterkjan í korninu í maltósa sem er sykur. Maltað bygg inniheldur þau kolvetni sem gerið breytir í alkóhól. Maltið inniheldur einnig hvítuefni sem gegna lykilhlutverki í froðumyndun.
- **Bruggun**: Heitu vatni er blandað við maltið og myndast þá maltgrautur (meski). Meskið er síað og kornhratið tekið burt en humlar settir út í vökvann, sem þá er soðinn. Kallast þetta ferli bruggun.
- **Gerjun**: Þegar bruggun er lokið eru humlarnir síaðir úr vökvanum og hann kældur uns hitastig er heppilegt fyrir gerjun. Þá er geri bætt út í og vökvinn gerjast og úr verður bjór. Gerið (gersveppurinn) breytir sykrunum í alkóhól og kolsýru. Ýmist er notað ger sem yfirgerjar bjórinn (ale) eða undirgerjar (lager).
- **Yfirgerjun**: Eldri tegund gerjunar en undirgerjun og felst í því að gersveppirnir fjölga sér og mynda yfirborð á bjórinn og vinna síðan niður á við. Einkenni yfirgerjaðs bjórs er að hann er dökkur og beiskur. (Guinness og Barley Wine).
- **Undirgerjun**: Lager er yfirleitt ljós, mildur, hreinn og svalandi (pilsner,munchener,bock).
- **Lagering**: Kemur á eftir gerjun og er bjórinn settur í tanka til þroskunar. Lagering getur staðið allt frá þremur vikum til tveggja mánaða.
- **Síun**: Þegar lageringu er lokið er bjórinn síaður.




# 3 dagar...

## Fimmtudagur...

... í hádeginu geta menn átt notalega stund í sal Tónlistarskóla Garðabæjar, þar sem **Steinn Erlingsson** bariton syngur í tilefni af 40 ára afmæli skólans. **Agnes Löve** leikur með honum á píanó.

... klukkanfjögur flytur breski leikarinn og fræðimaðurinn **Nigel Watson** fyrirlestur um Shakespeare. Hann spyr hvort Shakespeare sé enn samtímamaður okkar og fjallar um nokkrar nýlegar breskar uppfærslur. Fyrirlesturinn er fluttur í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.



... á Sinfóníutónleikum í Háskólabíói má heyra fiðluleikarann **Akiko Suwanai** leika á eina frægustu fiðlu heims, „Höfrunginn“ svokallaða, sem sjálfur Antonio Stradivari smíðaði árið 1714. Suwanai flytur ásamt hljómsveitinni fiðlukonsert númer 2 eftir Prokofíev, en hljómsveitin flytur líka sjöttu sinfóníu Haydns og sjöttu sinfóníu Sjostakovitsj. Hljómsveitarstjóri er **Rumon Gamba**.



## Föstudagur...



... í Glerárkirkju á Akureyri verða hátíðartónleikar á föstudagskvöldið í tilefni þess að 110 ár eru liðin frá fæðingu **Davíðs Stefánssonar**. Karlakór Akureyrar – Geysir flytur allar helstu söngperlur Davíðs. Einsöngvarar verða **Alda Ingibergsdóttir**, **Hulda Garðarsdóttir** og **Óskar Pétursson**. Sama dag verður opnuð sýning á verkum, bréfum og munum úr fórum Davíðs Stefánssonar á Amtsbókasafninu á Akureyri.



... leiklistarnemar við Listaháskóla Íslands frumsýna nýtt leikrit eftir **Kristínu Ómarsdóttur** í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13, Leikritið nefnist **Spítalaskipið** og það er **María Reyndal** sem leikstýrir.



... klukkan átta á föstudagskvöld flytur **Magnús Skarphéðinsson** fyrirlestur um álfa og huldufólk á opnu húsi í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu. Magnús hefur rætt við fleiri hundruð manns hér á landi sem segjast hafa séð álfa og huldufólk, og þó nokkur fjöldi þeirra segist hafa eignast góða vini í hópi þessara vel földu vera.

## Laugardagur...



... suður með sjó opnar **Kristín Gunnlaugsdóttir** einkasýningu á málverkum í Listasafni Reykjanesbæjar klukkan 17. Sýningin ber heitið „Mátturinn og dýrðin, að eilífu“ og eru flest verkanna unnin á árunum 2001-2004. Kristín lærði meðal annars íkonagerð í Róm og hefur síðustu fimmtán árin tekið þátt í mörgum sýningum hér heima og erlendis.



... fyrsta leikritið sem nýir eigendur Loftkastalans sýna verður frumsýnt á laugardagskvöldið. Þetta er leikritið **Ég er ekki hommi** eftir **Daniel Guyton** verður frumsýnt í Loftkastalanum í leikstjórn **Guðmundar Inga Þorvaldssonar**. Leikendur eru **Gunnar Helgason**, **Friðrik Friðriksson** og **Höskuldur Sæmundsson**.

... seint um kvöldið geta menn svo brugðið sér á árslistakvöld **Breakbeat.is** í Leikhúskjallaranum þar sem snúðarnir **Kalli, Lelli** og **Gunni Ewok** líta yfir uppskeruna frá síðasta ári og spila bestu lögin. Heiðursgestur verður breski tónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn **Tom Withers**, betur þekktur sem **Klute**..

## BÍÓ



Stórmynd *Olivers Stone* um **Alexander** mikla verður frumsýnd á morgun. Það þarf sjálfsagt ekki að kynna Alexander í löngu máli en hann er án efa einn mesti hernaðarsnillingur sameinaðrar mannkynssögunnar, en þessi ungi Makedóníumaður sameinaði Grikki og tókst að leggja heiminn að fótum sér fyrir þrítugt.
**Aðalhlutverk:** **Colin Farrell**, **Angelina Jolie**, **Val Kilmer**, **Jared Leto**, **Rosario Dawson** og **Anthony Hopkins**.
**Leikstjóri:** **Oliver Stone** sem á að baki fjölda umdeildra mynda og nægir þar að nefna The Doors, Nixon og Natural Born Killers.
**Orðspor:** *Alexander hefur allt sem alvöru risamynd þarf að prýða en hún hefur fengið misjafna dóma. Bandaríkjamenn hafa ekki tekið myndinni nógu vel og Stone er hundfúll yfir því en bendir á að samkynhneigð Alexanders fari fyrir brjóstið á Bandaríkjamönnum og treystir á Evrópumenn sem hafa tekið henni betur. Breska tímaritið Empire gefur henni til dæmis 4 stjörnur af 5.*



Gamanmyndin **Sideways** verður einnig frumsýnd á föstudag en þar segir frá vínsmökkunarferðalagi tveggja fornvina sem farið er í í tilefni af væntanlegu brúðkaupi annars þeirra. Ferðalagið verður í meira lagi skrautlegt þar sem hinn lífsglaði Jack reynir að koma þunglynda vini sínum, honum Miles, á séns.
**Aðalhlutverk:** **Paul Giamatti**, **Thomas Haden Church** og **Virginia Madsen**.
**Leikstjóri:** **Alexander Payne** sem á að baki eðalmyndir á borð við Election og About Schmidt.
**Orðspor:** *Myndin hefur fengið prýðilega dóma og landaði Golden Globe-verðlaununum fyrir bestu gamanmynd og handrit á dögunum og er til alls líkleg í Óskarsslagnum.*




Fitnesstilboð í G.Á.P

Laugardaginn 22. janúar verður G.Á.P. með fitnessdag. Kristján Ársælsson margfaldur íslandsmeistari í fitness og ráðgjafi um heilbrigðan lífsstíl verður viðskiptavinum til aðstoðar við val á Infiniti fjölþjálfum og öðrum fittnessvörum. Einnig verður Kristján með kynningu á Aloavera lífsstíl og næringu.

9 daga Aloavera byrjandapakki fylgir öllum seldum fjölþjálfum þennan dag, einnig verður 20% afsláttur af öðrum fitnessvörum í G.Á.P.

GAP
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200 MÁN - FÖS. KL. 9-18. LAU. KL. 10-14
www.gap.is




EIN ATHYGLISVERÐASTA MYND SÍÐASTA ÁRS
Birth
Nicole Kidman
Stórstjarnan Nicole Kidman var tilnefnd til Golden Globe
verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni
SMÁRA BÍÓ
Frumsýnd 21.Janúar
LAUGARÁS BÍÓ

BORGAÐU ALDREI MEIRA EN 2GB

Verðtrygging í ADSL þjónustu.

**ADSL viðskiptavinir Og Vodafone þurfa aldrei að greiða fyrir meira en 2 GB af erlendu niðurhali.**
Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á **www. ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.

**Sunnudagar eru áfram frídagar**
Viðskiptavinir okkar fá aukalega 500 MB niðurhal alla sunnudaga.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27074 01/2005




Þráðlaust Internet
1.990 kr.

Tilboð á búnaði miðast við 1 GB að lágmarki og 12 mánaða samning á kreditkort.

og vodafone

og hvað segir þú?



**Halldór Bragason**
Er jafn liðtækur með gítarinn og dræverinn.

Halldór Bragason bíður eftir því að snjóa leysi

# Blúsaður golfari?

Halldór Bragason hefur verið blúsaðdáandi allar götur frá árinu 1972 þegar hann kynntist Willie Dixon. „Hann var á plötum Bítlanna og Led Zeppelin og hafði samið einhver lög. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að þetta var einhver bassaleikari í Chicago, sem var kannski ekki heitasta borgin á þessum árum,“ segir Halldór og hlær. Seinna meir komu síðan BB King og fleiri inn í spilið.

Halldór hefur verið sendiherra blúsins á Íslandi um árabil og þeir eru ófáir sem hafa barið hljómsveit hans, Vinir Dóra augum. Þótt það hafi farið óvenju lítið fyrir þeim félögum á undanförnum árum eru þeir hvergi nærri dauðir úr öllum æðum heldur ráðgera að gefa út plötu á næstu mánuðum.

Sumir vilja meina að blúsinn hafi verið í lægð á Íslandi og telja jafnvel einhverjir að blúsinn hafi hreinlega sungið sinn svanasöng þegar Púlsinn lagðist af. Halldór segir þó að árið í fyrra hafi sennilega verið það blómlegasta í sögu blúsins á Íslandi, og bendir á blúshátíðina í Reykjavík, blúskennslu, nýjan vef blus.is. „Blúsinn er ekki dauður á Íslandi þótt minna fari fyrir okkur gömlu refunum, það er einfaldlega komin miklu meiri breidd inn í blússamfélagið og nýjar hljómsveitir sífellt að koma fram.“

### Blús og golf

Og þó að ekki hafi mikið borið á því, og margir viljað tengja Halldór eingöngu við blúsinn, þá eru ekki margir sem vita að Halldór er mjög liðtækur golfari. „Ég lenti í slysi 1987 og fór því að nota golfið í heilsubótarskyni.“ Hann segist hafa byrjað með bróður sínum, en vegna þess að hann sé svo manískur sé hann betri en hann í dag, kominn með 7,5 í forgjöf sem þykir nú nokkuð gott. „Golfið er ákaflega heillandi íþrótt, vegna þess að maður er að takast á við sín eigin mistök, þetta er því ekki eingöngu heilsubætandi, heldur einnig ákaflega þroskandi.“

Halldór segir margt vera sammerkt með golfi og blús. „Ég kynntist því þegar ég var að kenna blús hvað það eru margir sem halda að þetta sé einfalt. Alveg eins og golfið. Þetta er ekki bara að sveifla einhverri kylfu og blúsinn er ekki bara einhverjir þrír hljómar.“

Halldór segir það algengan misskilning að nóg sé að vera með flott sett til að geta verið góður golfari. „Það eru ótrúlega margir sem kaupa sér sett upp á marga tugi þúsunda, föt og allar græjur, en eru svo að týna boltunum mest allt sumarið. Menn þurfa náttúrlega að fara í kennslu til þess að geta eitthvað,“ segir hann og hlær.

Hann segir að eftirlætisgolfarinn hans sé Vijah Singh, enda eigi þeir margt sameiginlegt. „Hann vinnur langmest í öllu því sem hann gerir,“ segir Halldór og glottir. Hann bætir þó við að það sé ekkert endilega það versta að tapa í golfinu. „Ég spilaði einu sinni á móti Þorsteini Hallgrímssyni Íslandsmeistara og tapaði með einu höggi. Hann vann með fugli á síðustu holi, en ég get ekki sagt að það hafi verið leiðinlegt, enda er þetta persónuleg íþrótt.“

Halldór spilaði líka golf með Guðmundi heitnum Ingólfssyni.“ Við spiluðum svolítið golf saman. Hann var svona grannur, hann var alveg rosalega beinn og spilaði með trédræver.“ Halldór er í golfklúbbnum úti á Nesi og bíður óþreyjufullur eftir því að komast út á völl á ný. „Núna er maður bara að æfa sig í Básum,“ segir konungur blúsins sem virðist vera að leggja golfið undir sig líka.

## Fröken Freyja leysir vandann

### Með þrjá í takinu

**Ég get ekki annað sagt en ég sé í gríðarlegum vandræðum. Málið er að ég er hrikalega heit fyrir þremur strákum og er ég búin að vera að hitta þá alla á sama tíma. Þar sem Reykjavík er frekar lítil borg nýt ég mín aldrei því ég er alltaf svo hrædd um að hitta hina þegar ég er með einum þeirra. Ég hef því brugðið á það ráð að gera ekkert venjulegt eða hitta þá heima. Nú er ég hins vegar að verða uppiskroppa með hugmyndir. Svo fæ ég martraðir nótt eftir nótt og þær eru allar þess eðlis að gæjarnir banki allir upp á á sama tíma**
**Hvað á ég að gera?**
**HH í Reykjavík**

*Þú lifir greinilega mjög spennandi lífi og það er ekki laust við að Freyjunni myndi langa að vera með í þessu bingói. Í mínum huga er þetta alls ekkert vandamál. Njóttu hverrar mínútu og láttu það ekki hvarfla að þér að þú sért að gera eitthvað rangt. Farðu á bókasafnið og reyndu að viða að þér fleiri hugmyndum. Nú ef piltarnir mæta allir á sama tíma heim til þín skaltu bjóða þeim öllum til stofu og spila við þá Marías.*

### Útsöluvandræði

**Ég er í miklum bobba staddur. Þannig er mál með vexti að eiginkona mín er með svokallað útsöluæði. Það lýsir sér þannig að þegar það eru útsölur helst hún ekki heima fyrir heldur hangir í verslunarmiðstöðvum öllum stundum. Á meðan á útsölum stendur fer allt úr skorðum á heimilinu, börnin eru vanrækt og það kemst ekkert annað að hjá henni. Þar fyrir utan er þetta að gera út af við fjárhag heimilisins. Hvernig get ég brugðist við þessu vandamáli?**
**BJ í Garðabæ**

*Þetta kalla ég ekki vandamál, þetta er rolugangur. Þú verður náttúrlega að taka tillit til eiginkonunnar og leyfa henni að njóta sín þessi tvö misseri á ári sem útsölurnar eru allsráðandi. Fáðu þér aukavinnu svo eiginkonan hafi ráð á að fjárfesta vel á útsölum og einnig til að borga barnapíu sem getur séð um börnin og heimilið meðan á þessu útsölubrasi stendur. Með þessu móti munt þú upplifa sanna hamingju sem mun endast til langframa.*



Sendið fyrirspurnir og vandamál til fröken Freyju, F2, Skaftahlíð 24, 105 Rvk eða sendið henni tölvupóst á netfangið frkfreyja@frettabladid.is. Nöfn sendenda verða ekki gefin upp í blaðinu.

# Ótrúleg verðlækkun!



45% afsláttur

Rabami 534 - Verð áður: 24.900 kr.*

13.695 kr.



50% afsláttur

Rabami 615 - Verð áður: 43.900 kr.*

21.950 kr.

*Armar ekki innifaldir í verði.



Með hverri vél fylgir Easy Riser fartölvustandur að verðmæti 4.990 kr. í kaupbæti!

## HP Compax nx9105 fartölva

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi:** | AMD Athlon XP-Mobile A2800+ |
| **Minni:** | 256MB DDR |
| **Harður diskur:** | 40GB, 5400 rpm |
| **Skjár:** | 15" XGA |
| **Skjáupplausn:** | 1024 x 768 |
| **Drif:** | DVD/CD-RW (CD skrifari) |
| **Skjákort:** | NIVIDIA GeForce |
| **Hljóðkort:** | 16 bita stereo |
| **Netkort:** | 10/100 og 802.11b/g (þráðlaust) |
| **Tengi:** | 2 x USB, PCMCIA, Firewire, Paralell, PS/2, VGA, TV-out, 56K mótald, 5 í 1 kortalesari |
| **Rafhlöðuending:** | Allt að 4 klst. |
| **Þyngd:** | 3,5 kg |
| **Stýrikerfi:** | Windows XP Pro |

**Verð áður: 159.900 kr.**

**Tilboðsverð: 119.900 kr.**

20% afsláttur



**HP fjölnotatæki 5510**

Prentari, skanni, fax og litaljósritunarvél, allt í sama tækinu.

Verð áður: 28.900 kr.

22.900 kr.

30% afsláttur



**Handfarangurstöskur**

Stækkanlegar ferðtöskur á hjólum. Stærð: 35 x 45 x 25 sm.

Verð áður: 12.499 kr.

8.749 kr.

Samsonite



15% afsláttur af öllum blek- dufthylkjum!

ODDI

**Hringdu** 515 5100 **Faxaðu** 515 5101 **Smelltu á** www.oddi.is **Komdu við** að Höfðabakka 3

www.oddi.is

# LOKSINS ALVÖRU ÚTSALA

## HEFST Á MORGUN

ELLINGSEN

GRANDAGARÐI 2 – REYKJAVÍK – SÍMI 580-8500

12 Volt



Mazda Tribute V6 4x4 2002. Ssk., topplúga, litað gler, 16" álfelgur, dráttarbeisli, samlitur. Uppl. í s. 896 9616.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

**Breiðan ehf**
**S; 893-6292**



**100% lánað - engin lántökugjöld**

Dodge Dakota pick-up árg. 04/"97, 4 cyl. 2,5 sparneytinn, bensín, beinsk., 2x4 afturdrif, ek. 110 þús. km., sk. '06, verð 680.000, 100% lánað, ath., engin lántökugjöld. S. 821 6292.



Ford F-150 XLT Lariat, nýr, óekinn, 5,4 Trintonvél, gullsanseraður, leður o.fl. o.fl. Verð 4.250.000. S. 821 6292.



VW Transporter double-cab diesel, árg.,10/"99, 6 manna, dráttarkúla, álpallur, ekinn 130 þús. Ný tímareim o.fl., sk. '06. Verð 980.000,- m.vsk. 100% lánað. Ath engin lántökugjöld. S. 821 6292.



Nissan Patrol árg '93, 33" dekk, ekinn 270 þús.km., nýupptekin vél (öll vélin), nýtt hedd o.fl. nótur, sk. '06. Verð 950.000,- 100% lánað. Ath. engin lántökugjöld. S. 821 6292.



Chevrolet Suburban 1500 diesel 6,5 turbo, árg. '93, 4x4, 8 manna, með öllum aukabúnaði, ek. 172 þús., sk. '06. Verð 1.290.000,- 100% lánað. Ath engin lántökugjöld. S. 821 6292.



Ford Extra-cab 250 XL diesel 7,3 turbo, 6 manna, 2 dyra, 4x4, innfl.nýr, ekinn 170 þús.km., sk. '06. Verð 1.290.000,- 100% lánað. Ath engin lántökugjöld. S. 821 6292.



Chevrolet Suburban 2500 diesel 6,5 turbo, árg. 11/"96, 38" hækkun, ný 36" dekk, nýupptekin vél og.fl. og fl. (nótur), sk. '05. Verð 2.300.000,- 100% lánað, Ath engin lántökugjöld. S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 893 6292**

## Bílar til sölu



Ford Transit 150L Disel Turbo. Ekinn 182 þ. Sími 899 5706.



Nissan Patrol GR SLX Árg. 1998. Ek. 140 þ. km. Svartur/grár. 5 d. 5 g. 2800cc. Dísel. 33" dekk. Verð 1.890 þ. 7 manna. Áhv. 780 þ. Afb. 27 þ. Góður bíll. Frekari uppl. í síma 438 6826 & 894 0648.



Toyota 4Runner V6. Ný 38" dekk, árg. '92, 5 gíra, dökkblár, sóll., ek. 169 þ. km, loftlæstur, NMT, CD ofl. Toppgræja! V. 990 þ. Ath. skipti! S. 663 2430.



Toyota Avensis Station árg '98 , 5 gíra, abs, CD, r/ö, aukadekk, ek. 134 þ. km. Ath. öll skipti. V. 750 þ. Góður bíll ! S. 663 2430 og 565 2430.



Skoda Octavia Station Elegance 1,8 Turbo 20V, árg. 2001, 5 gíra, álf, abs, spólvörn, kúla, sóllúga ofl. Ek. 71 þ.km. Glæsilegur bíll ! V. 1.550 þ. ath ód. S. 663 2430 og 565 2430.

**Athugið get útvegað**

Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Ertu að leita að Volvo? Skoðaðu www.bilbro.org eða hringdu í s. 557 1725.

Starex Disel 4X4 til sölu. 130 þús. út og yfirtaka á láni. Mjög vel með farinn. Uppl. í síma 892 1450.

Ford Aerostar Wagon, árg. '95, hvítur, sjálfskiptur, gott útlit en þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 557 3795 og 845 2028.

## 0-250 þús.



Audi 80 árg. '88, ek. aðeins 130 þ., CD, snjódekk. V. 180 þ. S. 893 5517 eða 565 8170.

Daihatsu Feroza '90. Beygla á vinstra framhorni. Nýsk. Kr. 70 þús. S. 861 2433 & 565 5176.

Til sölu Nissan Pathfinder árg. '89, sk. '05, vél 4 cyl, ek. 270 þ., 4 sumard. á felgum fylgja með. Verð 140 þús. Uppl. í síma 858 8652.

Til sölu Lada Sport árg '94, ekinn 80 þús, í góðu standi. Upplýsingar í síma 486 8865 og 865 4561.

Daihatsu Charade '92, ek. 168 þús, ssk. Þarfnast lagfæringar. Tilboð óskast. Uppl. í s. 821 9866.

Til sölu Dodge Caravan þarfnast lagfæringar, selst ódýrt. Uppl. í s. 894 2954.

Ford Escort '96 station. Ek. 110 þ., góður bíll. V. 380 þ. Tilboð 250 þ. S. 659 9696.

Til sölu Ford Taurus, station, árg. '96, með bilaða sjálfsskiptingu, gott kram. Verðtilboð óskast. Uppl. í s. 847 3894.

Volvo 740 GLE til sölu. Sk. '05. Í toppstandi. Verð 60 þús. stgr. S. 845 7941.

Hyundai Elantra 1.8 GT, árg. '94. ek. 148 þús. fallegur og góður bíll, verð 150 þús. stgr. S. 896 6744.

Skoda Felicia, árg '96, station, ek 124 þús, sk '05, álfelgur. Fínn bíll. Verð 180 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 250-499 þús.



VW Golf, '96 1.8L station, fjórhjóladrifinn, ek. 159 þús. Glæný vetrardekk, nýskoðaður. Verð 490 þús. stgr. Uppl. í s. 698 0410.



Range Rover, 3,9, '91, ssk, raf., í rúðum, toppl., læs., 31 "dekk. Verð 460 þ. Uppl. í s. 866 9997.

Til sölu Deawoo Nubira station árg 1998 LÍTUR MJÖG VEL ÚT er í mjög góðu standi MJÖG GOTT VERÐ EF SAMIÐ ER STRAX upplýsingar í síma 8460486 eftir klukkan 1700

Daihatshu Terios '98. Rafm. í öllu, loftp. laus. Fæst á góðu verði. S. 897 0692.

## 500-999 þús.



Toyota Corolla '97, ek.162 þ. Ný tímareim, nýjir demparar, sumar/vetrard. 3 eig. Verð 550 þ. S. 567 3217.

Gullmoli. Mercedes Benz 220 E '93. Ekinn 176 þús., með álfelgur, topplúgu, ABS,airbag og fl. Verð 980 þús. Athuga skipti á jeppa. Uppl. í s. 840 1429.

## 1-2 milljónir



VW GOLF 1,6, bsk., 5.d., ek. 76 þús., álf., CD, sumar og vetrardekk. Verð 1.050.000 kr. S. 697 5611.

## 2 milljónir +



**Grand Cherokee 2005**

Get boðið Grand Cherokee á góðu verði. Laredo á 3.950 þús. Limited 4,7L á 4.700 þús. Hemi limited á 4.950 þús. Allt í einu ehf sími 893 6001.



Frábær dekurbíll, Subaru station, ssk, árg. '04. Ekinn um 10. þús. km. Sími 455 1405, 862 8750 & 432 4300.



M.Benz E 280 4matic árg. '98, ek. 106.000, elegance. Verð 2.390 þ. Uppl. í s. 862 1116.

## Bílar óskast

Óska eftir gömlum Lada Sport eða öðrum ódýrum jeppa. Verður að vera gangfær, helst á skrá. S. 693 8677.

Óska eftir stórum amerískum pallbíl 3 til 6 manna. 4x4, bensín, í skiptum við Peugeot 306 '94. Ekinn 135 þús. Þarfnast lagfæringar og skoðun. Uppl. í s. 693 9948.

Óska eftir bíl á 0-200 þ., staðgreitt, ekki eldri en '93, má þarfnast lagf. S. 659 9696.

MMC Pajero/Nissan Patrol óskast til niðurifs eða uppgerðar. V. 50-250 þ. S. 690 3466.

Bíll eða jeppi óskast á 30-150 þús. Má vera bilaður og óskoðaður. S. 690 3466.

## Jeppar



MMC Pajero 09/2000, sjálfskiptur, 3,2 dísel, ekinn 106 þús. Innfluttur af umboði. Toppbíll. Verð 3,1 m. Áhv. Bílalán. Skipti á ódýrari. Sími 820 4381 & 864 8338.



Nissan Terrano, árg '98, 2,4i bensín, beinskiptur, ek 116 þús, skoðaður, tveir dekkjagangar. Verð 1150 þús, áhv. bílalán. Uppl. í s. 820 4381.



Til sölu Nissan Patrol árg. 2000. Elegance, 3l vél, 33ja " dekk, leðursæti, topplúga, ofl. Ek. 100 þús. km. Uppl. í s. 856 6565.



Hyundai Terracan, 2.5 diesel, ssk., árg. 09/2001. 100% þjónustubók, tölvukubbur. Ek. 74 þ. Engin skipti, gott lán áhv. V. 2.290þ. Pétur s. 825 2033.



Toyota Landcruiser, árg. '97, ekinn 170 þús, 35" dekk, beinskiptur, álfelgur, filmur og dráttarkúla. Verð 2090. þús. Uppl. í s. 899 6753.





Jeppi Grand Cherokee Laredo, árg. '02, ek. 40 þús. Listaverð kr. 3,6 milljónir, tilboð kr. 2.990.000. Skipti koma til greina. Uppl. í síma 897 5956.



Dodge Ram 96.Einn eigandi. Alltaf geymdur í húsi. Ekinn 74 þ. Góður bíll. Mjög mikið breyttur. Myndir á kaelivelar.com/dodge.Uppl. í s:8931906

Til sölu MMC Pajeo dísel árg. '88, langur, 7 manna, ssk, sk. '05, á mjög góðum dekkjum, þarfnast smá lagfæringar. Verð 150 þús. Uppl. í s. 695 4537.

MMC Pajero/Nissan Patrol óskast til niðurifs eða uppgerðar. V. 50-250 þ. S. 690 3466.

## Pallbílar



Til Sölu Ford F-350 Lariat 6.0 diesel, árg. '05. Nýr bíll. Einn með öllu. Verð án VSK 3.570 Þ. Automax S: 899 4681

## Sendibílar



Til sölu Volvo fl6 árg. '99. Ekinn 240 þús. Uppl. á bílasöluni Hraun. S. 565 2727.

## Vörubílar

Vélaborg ehf



### Snjóplógar og snjókeðjur.

Útvegum með stuttum fyrirvara snjóplóga og snjókeðjur á traktorsgröfur, hjólaskóflur og vörubíla. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1 Akureyri. Sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is

## Vélsleðar



Til sölu Yamaha Viking III, árg. '02, ek. 900 km. Og Yamha Viking II, árg. '95 ek. 3.900 km. Uppl. í síma 899 6419 eða 869 8099.



Artic Cat Mount.Cat'01 600EFI 2 sæti, ek 1500 míl. Fæst á 450þ, áhv.250þ. Uppl. 893 2550/892 1882

Til sölu Polaris IndySport árg. '98, ek. ?, húdd brotið, verð 200 þús. eða skipti á fellihýsi. Uppl. í s. 691 2005.

Óska eftir eins eða tveggja sleða vélsleðakerru helst lokaðri. Uppl. í s. 820 7586 Villi.

Arctic Cat Prowler, árg. '93, í góðu lagi. Fæst á 140 þús. stgr. Uppl. í s. 693 1968.

Skidoo MXZ árg. 2000, ek. 3.000 mílur, gulur. Toppsleði. Verð 450 þús. Uppl. í síma 893 6921.

Kerra fyirir 2 snjósleða til sölu. Metin á 600 þúsund. Skipti á 4x4 bíl möguleg. Sími 453 6503 og 846 8150.

## Fjórhjól

Til sölu Kawsaki 300, árgerð '88, á nýjum dekkjum og í toppstandi. Verð 150 þús. Uppl. í síma 849 5458.

## Vinnuvélar

Vélaborg ehf



### Bobcat Toolcat fjölnota vinnutæki !

Alvöru tæki í snjóinn, fjórhjólastýri, fjórhjóladrif og sturtupallur. Upphitað hús fyrir tvo. Mikið úrval aukahluta t.d. sópur, skóflur, staurabor, gafflar, snjóblað o.fl. Aðeins 154 cm á breidd, flottur í gangstígana. Til sýnis hjá Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600

Vélaborg ehf



### Snjókeðjur

Útvegum með stuttum fyrirvara snjókeðjur undir vinnuvélar. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Vélaborg ehf



### Hitamottur í bílsæti

Eigum til sætishitamottur í bíla og vinnuvélasæti, 12v og 24v. Tengist í vindlingakveikjara. Verð: 12 volt kr. 6.777- og 24 volt kr. 9.267-. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Til sölu lítil Tractel, 12 wolta vinnulyfta á hjólum. Hentar vel í þröng rými. Einnig til sölu 12 wolta bílsspil (bátaspil). Uppl. í s. 847 3894.

## Bátar



Til sölu Víkingur 700, árg. '90, krókabátur. Uppl. í s. 481 1218 eða 690 9697.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar






Til sölu 33" dekk og felgur undir Pajero 12" breiðar. Uppl. í s. 896 7104.

Óska eftir vetrardekkjum 285X75X16 undir Toyota LC. 90. Uppl. í 820 4886.

## Varahlutir

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.



# heimili o.fl.

## SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA

[ 25-54 ára; Heimilistekjur yfir 400 þús. ]

LESTUR/ÁHORF: NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *




*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október s.l..

Lesendur **„Allts"** er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og **eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.**

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Á opnunni **„heimili og fleira"** fimmtudaginn 28. október voru **12 auglýsingar. 56%** kvenna á aldrinum 18-49 ára eða **34.555** konur skoðuðu opnuna og gátu veitt hverri auglýsingu athygli eftir áhuga og eins lengi og þær vildu.

Til samanburðar voru **53 auglýsingar** í Innlit Útlit á SkjáEinum þriðjudaginn 26. október. Þær fengu áhorf **37%** sama hóps eða **23.025** konur og höfðu þær að meðaltali 14 sek. til að horfa á hverja auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við **„Allt"** er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. **„Allt"** er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

**Hafið samband við auglýsingadeild „Allts" Síminn er 550-5000**

**allt**

**- markvissar auglýsingar -**







### Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560

Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Kia, Peugeot, Honda. S. 555 3560. Sendum á flutning.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Nýtt!!!

Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

### Alternatorar-startarar

Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf., Helluhr. 4, s. 555 4900.

Jeppapartasala Þórðar, tangarhöfða 2, S. 587-5058. Sérhæfum okkur með varahluti í Japanska jeppa og Subaru.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Kaupi bíla. S. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Öll sett á 1990. Allir brjóstahaldarar á 1300. Dömu boxerar frá 450. G strengir frá 350 . Heildsölu verð í smásölu. Allt Smart laugavegi 46. S. 551 1040.




Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handlista. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn,Dalbrekku 26, s. 564 1890

Blek.is og vitamin.is Verslun Ármúla 32. Opið mán-fös. 10-18. S. 544 8000.

Eldhúsinnrétting í 14 fm eldhús úr antík eik til sölu. Selst mjög ódýrt. Uppl. í s. 421 2956 eftir kl. 18.

## Gefins

Óska eftir ísskáp gefins, má vera biluður. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Óskum eftir NMT bílasíma. Uppl. í s. 849 2401 & 456 7304.

Óska eftir fjórhjóli á allt að 300 þ. stgr. Aðeins gott eintak kemur til greina. Uppl. í s. 663 2238.

## Hljóðfæri

Trommusett óskast. Uppl. í síma 565 7244 eða 661 7244 eftir kl. 16.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Borgartúni 29, s. 552 7095.

## Tölvur

Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur, einnig píanóstillingar. Uppl. í s. 899 8894.

### Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.

Heimaþjónusta í hæðsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, S. 694 6161.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153. Frá kl 8-23.

PC Viðgerðir, íhlutir og uppfærslur. Technet ehf sími 568 2650 www.technet.is

## Til bygginga




### STEINULL

Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

## Verslun




www.rum.is frábær opnunartilboð, Amerísk rúm frá 29.900 kr. Snorrabraut 56, s. 551 5200.




### 100% Verðvernd!!!!

Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Útsalan hafin 20-50% afsláttur af gjafavöru. H-Gallerí Grænatúni 1 kóp. S. 554 5800.

Til leigu 50 fm. stúdíóíbúð á svæði 112. Er laus. Verð 45 þús. Uppl. í síma 861 8848.

Óska eftir meðleigjanda. Helst 20 til 25 ára. Er nálægt HÍ. Uppl. í s. 698 3262 eftir kl. 15.

Mjög flott herb. til leigu í Kóp. Aðgangur að eldhúsi, þvottavél, WC. Reyklaus íbúð. S. 899 2582.

Herbergi á svæði 109 til leigu, fullbúið húsgögnum. Allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2 og Sýn. Uppl. í síma 698 3211.

Til leigu mjög góð 4ra herb. íbúð í Kjarrhólma í Kóp. Langtímaleiga. Leiguverð kr. 85 þ. pr. mán. m. hússjóð. Leigist frá 1. mars. Uppl. í síma 567 3217 - Sigurpáll/Símon.

Herb. til leigu í miðbæ Rvk. Sl, eldh./bað. Laust 1. feb. Uppl. í síma 866 2745.

Til leigu 87 fm, 3ja herb. íbúð á góðum stað í Garðabæ. Laus frá 1.mars. Uppl. í síma 820 0639 eða Kjartan@vido.is.

## Húsnæði óskast

38 ára tölvufr. óskar eftir studio/2ja herb íbúð í RVK Langtímaleiga S. 517-4505

Par með 2 börn óskar eftir 3ja herb. íbúð í Hafnarfirði. Reglusemi og skilvísi heitið. Uppl. í s. 848 4072.

Óska eftir 2ja herb. íbúð í Reykjavík. Leigutími minnst 6 mán. Uppl. í s. 691 7931.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu miðsvæðis í Reykjavík, sem fyrst. Skilvísi og reglusemi heitið. Upplýsingar í síma 588 7242 e. kl. 18.

Óska eftir einstaklingsíbúð í 101-107-105 hverfinu á verðbilinu 30-55 þús. Er reglusöm og skilvís kona. S. 869 3915.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 300 fm neðri hæð og 300 fm efri hæð við Tangarhöfða. Góðar innkeyrsludyr á neðri hæð. Leigist saman eða sitt í hvoru lagi. Gott húsnæði. Hagstætt verð. Símar 861 8011 & 699 5112.

Til leigu 290 fm atvinnuhúsnæði í Ármúla. Innréttað í dag sem skrifstofur og sýningarsalur. Sanngjörn leiga. Uppl. í s. 846 8467 & 895 7380.

Til leigu skrifstofuherb. í 104 R-vík. Securitas öryggiskerfi. Tölvulagnir. S. 896 9629.

## Geymsluhúsnæði




Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBAKKI

Vantar geymslu fyrir búslóð á höfuðborgarsvæðinu. Kolbrún s. 843 9336.

F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Langar þig að vera með í skemmtilegu og gefandi starfi?**

Er að leyta að einstaklingum sem vill kynna og selja náttúrulegar hárhúð og heilsuvörur og förðunarlínuna Unique frá Volare. Volare býður þér verðlaunaðar vörur úr hæðsta gæðaflokki, námskeið, persónulegt samband við leiðtoga þinn, persónulegan frama og m.fl.

**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 eða volare@centrum.is**



Stjörnugrís hf. óskar eftir að ráða starfsfólk til úrbeiningar . Færni í kjötskurði æskileg. Umsóknir sendist á netfang hilmar@svinvirkar.is fyrir 27. janúar n.k. Nánari upplýsingar gefur Hilmar í síma 895 9600.

Starfskraftur óskast. Framtíðarstarf. Æskilegur aldur 25-55 ár. Upplýsingar í Efnalauginni og Þvottahúsinu Drífu, Hringbraut 119 Rvk. eða í síma 562 7740.

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Hársnyrtistofa á Laugavegi óskar svein/nema. Uppl. í s. 897 4191 eftir kl. 18.

Svarti svanurinn óskar eftir vönu starfsfólki til afgreiðslu á kvöld og helgarvaktir, einnig vantar okkur starfskraft í samlokugerð og í eldhús. Yngri en 18 ára koma ekki til greina. Uppl. í Svarta svaninum, Laugavegi 118.

Hrói Höttur Fákafeni 11 óskar eftir duglegu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Okkur vantar bakara, bílstjóra (á eigin bíl) og afgreiðslufólk. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára. Reglusemi og stundvísi. Upplýsingar gefur Arnar á Fákafeni 11.

Skiltagerð í Rvk. óskar eftir rafvirkja í framtíðarstarf. Áhugasamir sendið umsókn á aglak@simnet.is

**Subway Hringbraut**

Óskum eftir fólki í dagvinnu, um að ræða 100% starf. Vinnutími 9 til 17. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á Subway.is eða eyglo@subway.is. Nánari upplýsingar i síma 530 7004.

Starfsfólk óskast í afgreiðslu í þvottahúsi. Upplýsingar gefur Þorri í síma 660 4606.

DVD Stjarnan í Garðabæ leitar eftir starfsfólki í hlutastarf. Unnið er á vöktum og geta hentað vel með skóla. Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir, áreiðanlegir, vinnusamir og góðir í mannlegum samskiptum. Áhugasamir geta hringt í síma 517 4520.

**Smiðir óskast**

Byggingafélag Grunnur óskar eftir smiðum í vinnu. Uppl. í síma 847 3330.

Efnalaug óskar eftir starfsmanni frá 8-12, helst vanur. Verður að geta byrjað strax. Uppl. í síma 561 1216 & e. kl. 18, 896 8171.

**Byggingarvinna**

Verkamaður óskast, aðeins reglusamur og duglegur einstaklingur kemur til greina. Uppl. í s. 893 3322. Þil ehf. Byggingarfélag.

**Grafísk hönnun**

Reynslumikill grafískur einyrki með vinnuaðstöðu óskar eftir félaga. Sérstök áhersla á Photoshop og vefsmíði. Reynsla, kunnátta og létt lund skilyrði. Snilld og reykleysi æskileg. Áhugasamir sendi uppl. á tvieyki@internet.is fyrir 25. janúar. Öllum umsóknum verður svarað.

Vantar strax duglegt starfsfólk á BanThai ofan við hlemm. Uppl. á staðnum.

## Atvinna óskast

27 ára karlmaður óskar eftir vinnu, t.d. við útkeyrslu en allt kemur til greina. S. 848 8842.

24 kk. í skóla vantar vinnu á kvöldin og um helgar. Opinn fyrir öllu, s.s uppvask. Uppl. í s. 867 0232.

24 kk. í skóla vantar vinnu á kvöldin og um helgar s.s uppvask ofl. S. 662 6638.

Kona frá Lettlandi (21), óskar eftir vinnu sem au-pair. S. 845 7158.

## Viðskiptatækifæri

Óska eftir lítilli heildsölu til kaups, góðar greiðslu í boði. vinsamlega e-mailið helstu upplýsingum um reksturinn á mailið heildsala2005@visir.is

**bílar** o.fl.

- Smáauglýsingasíminn er 550 5000
- auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# FASTEIGNIR

## REYNIMELUR - 4JA HERB.– 107 RVK VERÐ 17,4 millj.

Heimilisfang: **Reynimelur**
Stærð eignar: **94,3 fm**
Fjöldi herb.: **4**
Byggingarár: **1966**
Brunab.mat: **11,2 millj**
Bílskúr: **Nei**

**Berglind Ósk Sigurjónsdóttir, 822-2435, berglind@remax.is**





Alveg endurnýjuð 4ja herbergja enda íbúð á fjórðu hæð í vesturbænum. Forstofa/hol, náttúrusteinn og parket á gólfi, stofa, parket á gólfi, eldhús, hvít innrétting, náttúrusteinn á gólfi, baðherbergi, baðkar, hvít innrétting, náttúrusteinn á gólfi. 3 góð svefnherbergi, tvö með skápum, parket á gólfi.

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðarson lögg. fasteignasali

# FUNDIR



Kynningarfundur

# Við þurfum fleiri sjálfboðaliða!

Kópavogsdeild Rauða kross Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum til þess að sinna margvíslegum mannúðarverkefnum deildarinnar.

**Kynningarfundur fyrir nýja sjálfboðaliða verður haldinn í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11 fimmtudaginn 20. janúar kl. 20.**

Um er að ræða verkefni sem henta körlum jafnt sem konum, fólki á öllum aldri:









- **Heimsóknavinir**
- **Aðstoð við geðfatlaða í Dvöl**
- **Föt sem framlag**
- **Starf með ungum innflytjendum**
- **Neyðarvarnir**
- **Ökuvinir**
- **Fataflokkun og afgreiðsla í L-12**
- **Fjölsmiðjan**

**Nánari upplýsingar:**
Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11,
opin virka daga kl. 11-15
Sími 554 6626
kopavogur@redcross.is
www.redcross.is/kopavogur

**Rauði kross Íslands**
**Kópavogsdeild**

## FRÍTT VERÐMAT FASTEIGNA!

**Tryggvi Þór Tryggvason**
GSM: 820-0589
E-mail: tryggvi@remax.is



VEGNA MIKILLA BREYTINGA Á FASTEIGNAMARKAÐI UNDANFARIÐ HAFA FLESTAR EIGNIR HÆKKAÐ MIKIÐ Í VERÐI Á SKÖMMUM TÍMA.
EF ÞÚ ERT Í SÖLUHUGLEIÐINGUM, HAFÐU ÞÁ SAMBAND OG LÁTTU VERÐMETA ÞÍNA EIGN FRÍTT.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA 820 0589

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðarson lögg. fasteignasali

**eign.is**
FASTEIGNASALA

## Atvinnuhúsnæði óskast

**Vegna mikillar sölu og eftirspurnar á atvinnuhúsnæði á Höfuðborgarsvæðinu, óskum við eftir öllum stærðum og gerðum af atvinnuhúsnæðis til sölu og leigu. Skoðum og verðmetum samdægurs.**

Hafið samband við Guðmund gsm. 821-1113 eða Andres Pétur gsm. 898-8738 eða á skrifstofu eign.is í síma 533-4030.

Ásgeir Pétursson hrl. lögg. fasteignasali.

sími 533-4030

# Með lögum skal lamaða kúga

UMRÆÐAN
REYKJAVÍKURLISTINN



ALBERT JENSEN

Lengi skal manninn reyna. Það er næstum lögmál. Einnig má heimfæra það á stjórnmálaflokka. Síðustu misserin hefur R-listinn hagað sér eins og örvinglaður maður í sjálfsmorðshugleiðingum. Hann hamast fyrir allra augum við að grafa eigin gröf. Hroki og yfirlæti gagnvart þeim sem minna mega sín, er farið að einkenna hann. Fólkinu sem setti R-listann í öndvegi í kosningum, er nú vikið til hliðar fyrir annarlegum sjónarmiðum og það talið börn síns tíma.

Það er blindur og heyrnarlaus maður sem ekki sér hvað borgarstjórn er að gera öryrkjum og láglaunafólkinu. R-listinn hafði ekki verið lengi við völd, þegar hann sá sér hag í því að gera lamað fólk að gamalmennum við 67 ára aldur. Það helgaðist af lægri greiðslum og því að við að breytast úr lömuðum manni í gamlan, þurfti viðkomandi að borga fyrir heimaþjónustu. Nýlega ákvað borgarstjórn að brjóta stjórnarskrána á gróflegri hátt en Reykvíkingum gat til hugar komið að fulltrúar hennar gerðu. Ferðaþjónustu fatlaðra var bannað að flytja öryrkja eldri en 67 ára. Rökin eru líklega sótt í lög eða reglur um að þjónustunnar njóti eingöngu fatlaðir. Þvílík túlkun á lögum, rangsleitni, grimmd og glámskyggni. Skilningur á mannlegu þáttunum er víðsfjarri hjá borgarstjórn. En það er ekki allt talið. Borgarstjórn hækkaði í skyndi gjöld með ferðaþjónustu fatlaðra um tæpan helming. Hún hefur keypt verri bíla til þjónustunnar og horfir í þeim efnum sem fleirum, vart fyrir fætur sér. Hún hefur stórhækkað gjöld heimaþjónustunnar og þannig gert fólki erfitt að búa heima og forðast stofnanir. Maður gæti haldið að borgarstjórn geri sér far um að skapa öryrkjum svo hörmulega tilveru að þeir deyi úr leiðindum. Sjónarmið út af fyrir sig. Ég hef kynnst fjölda fólks í hjólastólum og öðrum með enn minni möguleika til viðunandi lífsháttа. Margt af þessu fólki er þrátt fyrir böl sitt, bjartsýnt og lætur ekki óvinsamleg stjórnvöld slá sig út af laginu. Bregði hjón búi vegna mikillar fötlunar annars þeirra og fari í fjarbúð með aðskilinn fjárhag, eru húsaleigubætur út úr kortinu. Allar smugur eru nýttar til að hafa fé af fötluðum og gera þeim lífið leitt. Ég fullyrði að þeir hafa nóg af erfiðleikum á sinni könnu þó borgarstjórn bæti ekki þar við. ■

SKIPT_um gír
JANÚARTILBOÐ Á NISSAN

NISSAN

SKIPT_um væntingar



NISSAN X-TRAIL
TILBOÐSVERÐ 2.990.000 kr.
34.653 kr. á mán.*

Nýr X-TRAIL er gullfallegur bíll sem hæfir íslensku veðurfari. Hann flytur heilu fjölskyldurnar um landið þvert og endilangt og skýst í innanbæjaraksturinn af lipurð og snerpu. Þú situr hátt í Nissan X-Trail og með einu handtaki skiptirðu yfir í fjórhjóladrif ef færð þyngist.

- Sport 2,0
- Sjálfskiptur
- 140 hestöfl
- 5 dyra

150.000 kr. AUKAHLUTAPAKKI
Dráttarbeisli og vetrardekk fylgja öllum Nissan X-Trail jeppum sem keyptir eru í janúar 2005.





NISSAN PRIMERA
TILBOÐSVERÐ 2.390.000 kr.
27.697 kr. á mán.*

Í samræmi við glæsilega hönnun á Nissan Primera, er bíllinn hlaðinn búnaði. Sem dæmi þá er þetta eini fólksbíllinn á markaðnum sem hefur innbyggða bakkmyndavél og skjá sem tryggir að ekkert fari úrskeiðis.

- Primera 1,8i
- Sjálfskiptur
- 116 hestöfl
- 5 dyra

Í KAUPBÆTI NOKIA 6610i
GSM sími ásamt handfrjálsum búnaði fylgir öllum Nissan Primera á tilboði.





NISSAN ALMERA
TILBOÐSVERÐ 1.620.000 kr.
21.090 kr. á mán.*

Kraftur og mýkt einkennir Nissan Almera. Stjórnstöðin styðst við hina einstöku Nissan tækni til að tryggja auðvelda og eðlilega stjórn. Hönnuðir okkar hafa mótað útlit bílsins til að ná fram straumlínulaga, lögun og umgjörðin er dregin fram með kröftugum fram- og afturljósunum.

- Almera 1,5i
- Beinskiptur
- 90 hestöfl
- 5 dyra



NISSAN MICRA
TILBOÐSVERÐ 1.300.000 kr.
15.061 kr. á mán.*

Hvort heldur þriggja eða fimm dyra er Micran nett og auðvelt að aka henni og leggja í stæði. Innanrýmið er svo haglega hannað að þetta er rúmbesti bíllinn í sínum stærðarflokki. Micran er full af hugvitssamlegum lausnum sem gera aksturinn þægilegri og skemmtilegri.

- Visia 1,2i
- Beinskiptur
- 80 hestöfl
- 3 dyra

www.nissan.is
Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF.
*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00




Sumarhúsaeigendur og aðrir farþegar til Spánar!

Alicante

Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!

Netverð frá
19.950 kr.
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Flugáætlun
19. og 31. mars
11. apríl
18. maí
og síðan alla miðvikudaga í sumar til 5. október.

Fyrstir koma - fyrstir fá!

Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.541 **-0,50%**

**Fjöldi viðskipta:** 218
**Velta:** 795 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | 1,24% | **Síminn** | -2,35% |
| **Bakkavör** | 1,22% | **Og fjarskipti** | -1,72% |
| **Flugleiðir** | 0,43% | **Landsbankinn** | -1,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,40 -0,98% ... Atorka 5,76 -0,35% ... Bakkavör 24,90 +1,22% ... Burðarás 12,50 -1,57% ... Flugleiðir 11,55 +0,43% ... Íslandsbanki 11,20 -0,88% ... KB banki 484,00 -0,21% ... Kögun 47,00 -0,21% ... Landsbankinn 12,45 -1,58% ... Marel 52,40 -0,38% ... Medcare 5,90 – ... Og fjarskipti 3,43 -1,72% ... Samherji 11,35 – ... Straumur 10,00 -0,50% ... Össur 81,50 +1,24%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Blóðug bankaútás

Það eru ekki bara viðskiptabankarnir sem eru í útrás. Blóðbankinn lætur sitt ekki eftir liggja og bankastjórinn Sveinn Guðmundsson vísaði til útrásar bankanna þegar hann kynnti stofnfrumugjafaskrá. Stofnfrumur eru notaðar við meðhöndlun alvarlega veiks fólks svo sem hvítblæðissjúklinga. Íslendingar hafa verið þiggendur þegar kemur að stofnfrumum. Blóðbankastarfsemi er ólík annarri bankastarfsemi enda leggja flestir inn í bankann með þá von í brjósti að taka innistæðuna aldrei út. Því ólíkt annarri bankastarfsemi er sælla að gefa en þiggja þegar Blóðbankinn á í hlut.

### Símafyrirtækin lækkuðu

Töluverð umfjöllun hefur verið í fjölmiðlum undanfarna daga um ýmis netforrit sem gefa notendum kost á því að ræðast við án kostnaðar. Þekktast þessara forrita er skype sem einnig býður notendum upp á þann möguleika að hringja í hefðbundin símanúmer, bæði landlínu og gsm númer, um heim allan, en greiða aldrei meira en innanlandstaxta. Meðal þeirra sem tekið hafa þessa tækni í notkun er utanríkisþjónustan sem eðli málsins samkvæmt þarf á greiðum símasamskiptum á milli landa að halda. Í KB banka hefur um nokkurt skeið verið notað við þessa tækni en þar eru menn misánægðir með kerfið. Símafyrirtækin sögðust í fréttum í gær að þau hefðu litlar áhyggjur af tekjutapi vegna þessarar nýju tækni þar sem reynsla af slíkum nýjungum væri sú að notkun ykist en tekjur drægjust ekki saman. Í Kauphöllinni í gær lækkuðu Síminn og Og Vodafone mest allra fyrirtækja og má leiða líkum að því að umfjöllun um hina nýju tækni kunni að hafa haft einhver áhrif.



### MARKAÐSFRÉTTIR...

**Magnús Ólason** verkfræðingur hefur tekið við framkvæmdastjórn **Marel UK** í Bretlandi af **Halldóri Magnússyni** sem snýr til höfuðstöðva Marel og tekur við viðskiptaþróun á Asíumarkaði.

Gengi krónunnar lækkaði um 0,09% í gær. Gengisvísitalan byrjaði í 111,50 stigum en endaði í 111,60 stigum. Litlar sveiflur voru á gengi krónunnar í dag en gengisvísitalan sveiflaðist á bilinu 111,50-111,80 stig yfir daginn.

Í gær lækkaði **FTSE** í Lundúnum um 0,12 prósent. **Dax** í Þýskalandi lækkaði einnig um 0,12 prósent. Í Japan lækkaði **Nikkei** um 0,16 prósent.

# Dregur úr atvinnuleysi

### Atvinnuleysi minnkar en óveruleg breyting er á atvinnuþátttöku.

Atvinnuleysi minnkaði um 0,4 prósent á fjórða ársfjórðungi samanborið við sama ársfjórðung árið áður samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands.

Samkvæmt könnuninni voru 2,5 prósent vinnuafls án atvinnu eða í atvinnuleit á fjórðungnum. Könnun Hagstofunnar stefnir í sömu átt og tölur Vinnumálastofnunar að atvinnuleysi fari minnkandi. Hagstofan og Vinnumálastofnun beita ólíkum aðferðum við mat. Hagstofan kannar stöðuna ársfjórðungslega, en Vinnumálastofnun safnar mánaðarlega upplýsingum frá vinnumiðlunum vítt og breitt um landið.

Atvinnuþátttaka breyttist hins vegar lítið sem ekkert. 156.300 manns voru starfandi á fjórða ársfjórðungi og fjölgaði um 3.100 frá sama tíma í fyrra. Á sama tíma hefur fjölgað um 2.600 manns á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka eykst venjulega á þenslutímum en dregst saman þegar verr árar á vinnumarkaði. Núverandi uppsveifla hefur því enn sem komið er ekki haft veruleg áhrif á atvinnuþátttöku. **- hh**



**ÓBREYTT ÞÁTTTAKA**
Atvinnuleysið minnkar en atvinnuþátttaka breytist lítið sem bendir til þess að uppsveifla efnahagslífsins sé ekki farin að auka þenslu á vinnumarkaði að neinu ráði.



**ÁFRAM VERÐHÆKKUN FASTEIGNA**
Þótt fasteignir hafi hækkað hratt í fyrra telja greiningardeildir enga kyrrstöðu í nánd. Íslandsbanki telur að verð muni jafnvel hækka hraðar í ár en í fyrra.

# Spáir áframhaldandi hækkun fasteignaverðs

### Íslandsbanki telur að fasteignaverð kunni að hækka jafnvel meira í ár en í fyrra. Greiningardeildir bankanna telja það hæpið en fasteignasalar segja mikinn kraft í markaðnum.

Greiningardeild Íslandsbanka telur að fasteignaverð muni hækka jafnvel enn meira nú í ár en það gerði í fyrra. Þó segir deildin að fljótlega komi að því að markaðurinn mettist þar sem fólk vilji ekki standa í því að flytja búferlum í sífellu.

Í Morgunkorni Íslandsbanka í gær kom fram að raunverð íbúða sé nú í sögulegu hámarki eftir miklar hækkanir á síðasta ári. Þá hækkaði verð sérbýlis á höfuðborgarsvæðinu um fjórðung en íbúðir í fjölbýli hækkuðu um sautján prósent. „Tölurnar vekja upp spurningar um hve lengi þessi mikla velta og verðhækkanir geti haldið áfram,“ segir Íslandsbanki og segir takmörk hljóta að vera við því hversu oft fólk vilji flytja.

Engu að síður er það mat Íslandsbanka að verðhækkanir haldi áfram. „Gera má ráð fyrir að væntingar um frekari hækkanir á húsnæðisverði, góður aðgangur að lánsfjármagni, lækkun langtímavaxta og vaxandi kaupmáttur heimilanna muni viðhalda mikilli veltu á fasteignamarkaði á þessu ári að minnsta kosti og að húsnæðisverð hækki verulega og jafnvel meira en á síðasta ári,“ segir í Morgunkorninu.

Ingóflur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir að líklega verði hækkunin áfram mest í sérbýli á höfuðborgarsvæðinu. Hann bendir einnig á að þótt hækkanir hafi verið miklar upp á síðkastið sé húsnæðisverð hér enn sem komið er lægra í hlutfalli við laun en er á ýmsum svæðum sem hægt er að bera Ísland saman við. „Þessi þáttur er ekki takmarkandi um verðlag á íslenskum fasteignum,“ segir hann. Hann segist hins vegar eiga von á að fasteignaverð lækki að raunvirði við lok núverandi efnahagsuppsveiflu. „Það kann að verða árið 2006 eða 2007 en við teljum ekki að það verði í bráð,“ segir hann.

Björn Rúnar Guðmundsson, hjá greiningardeild Landsbankans, tekur undir að spenna sé á fasteignamarkaði en segist telja ólíklegt að hækkunin verði meiri í ár en fyrra. „Áhrifin verða mest fyrst á meðan þessi kúfur er að fara í gegn en mér finnst ótrúlegt að hækkunin í heild verði meiri í ár en í fyrra,“ segir hann.

„Ég veit ekki hvort fasteignaverð muni hækka meira á þessu ári en því síðasta en ég gæti trúað því að tólf mánaða hækkunin eigi eftir að ná hámarki á þessu ári,“ segir Snorri Jakobsson hagfræðingur í greiningardeild KB banka.

Fasteignasalar verða ekki varir við annað en að markaðurinn verði áfram kraftmikill. Hákon Róbert Jónsson, sölumaður fasteigna hjá Kletti, segir að það kæmi sér ekki á óvart þótt hækkanirnar í ár verði meiri en í fyrra.

„Það er að koma mikið framboð af nýbyggingum og menn eru að átta sig betur á því hvernig þessi lán virka,“ segir Hákon Róbert. Hann segir að aukið framboð nýbygginga auki veltu á markaðnum og geti því orðið til þess að hækka verðið.

Að sögn Hákonar hafa allar tegundir eigna verið að hækka í verði en áberandi sé að verðhækkanir í úthverfum séu meiri en í miðbænum og vesturbænum. „Þar er minna svigrúm til hækkana,“ segir hann.

thkjart@frettabladid.is



**INGÓLFUR BENDER**
Greiningardeild Íslandsbanka.



**BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON**
Greiningardeild Landsbankans.



**SNORRI JAKOBSSON**
Greiningardeild KB banka.



**HÁKON RÓBERT JÓNSSON**
Sölumaður fasteigna.




# Beint flug til Mexíkó

**Ný ferðaskrifstofa á Akureyri stefnir á beint flug, ýmist frá Keflavík, Akureyri eða Egilsstöðum. Eigendurnir segjast verða varir við skjálfta hjá ferðaskrifstofum vegna nýjunga sem boðið verður upp á.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Í sumar mun ferðaskrifstofan Trans-Atlantic á Akureyri bjóða upp á ævintýraferðir til Mexíkó og hafa hundruð útskriftarnema, úr skólum vítt og breitt um landið, bókað far. Nemendurnir greiða tæplega 130 þúsund fyrir ferðina og er allt innifalið, þar með talið matur, drykkir og fjölbreytt afþreying. „Þetta er nýjung hérlendis en áfangastaðurinn er Playa Del Carmen, 40 til 50 þúsund manna bæjarfélag við strönd Yucatanskagans í suðausturhluta Mexíkó. Hótelin sem ferðamenn frá okkur gista á eru ýmist fjögurra eða fimm stjörnu og boðið verður upp á hlaðborð með um 40 réttum, þrisvar á dag. Íslenskir fararstjórar og íslenskt hjúkrunarfólk verða í öllum okkar ferðum til Mexíkó,“ segir Egill Örn Arnarson, einn eigenda Trans-Atlantic og stjórnarformaður.

Ómar R. Banine er framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar og segir hann að Playa Del Carmen sé nýr áfangastaður fyrir Íslendinga. „Í fyrstu ferðunum munu bæjaryfirvöld á staðnum taka á móti íslensku ferðalöngunum með mexíkóskri tónlist og þjóðlegum veitingum. Við erum einnig í samstarfi við ferðamálayfirvöld á svæðinu og vonumst til að geta skipulagt Íslandsferðir fyrir Mexíkóa þegar fram í sækir,“ segir Ómar.

Ferðaskrifstofan er staðsett í látlausu húsnæði við Ráðhústorgið á Akureyri og eru Egill Örn og Ómar einu föstu starfsmennirnir. „Við ætlum að hafa yfirbygginguna eins litla og mögulegt er en kappkosta að bjóða upp á góðar ferðir á sanngjörnu verði. Það hlýtur að hafa tekist því við finnum fyrir miklum skjálfta hjá þeim ferðaskrifstofum sem fyrir eru á markaðnum og hefur mikill tími farið í að leiðrétta gróusögur sem komið hefur verið af stað um okkur. Við erum komnir með öll leyfi og allar tryggingar til að reka ferðaskrifstofu. Staðsetning okkar hér á Akureyri þýðir kannski minna markaðssvæði en á móti trúum við því að landsbyggðarfólk muni nýta sér beint flug nærri sinni heimabyggð,“ segir Egill Örn.

kk@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/KK
**ÓMAR R. BANINE OG EGILL ÖRN ARNARSON** Í vor mun Trans-Atlantic kynna borgarferðir til Evrópu.

# Fjárfest í sænskum tölvusala

**Burðarás fjárfesti í sænsku upplýsingafyrirtæki. Fyrirtækið er vanmetið á markaði að mati Burðaráss og vonir bundnar við hagræðingu í rekstri þess.**

Burðarás hefur eignast tæplega fimmtán prósenta hlut í sænska upplýsingatæknifyrirtækinu Scribona.

Burðarás hafði eignast lítinn hlut í fyrirtækinu, en keypti 12,9 prósenta hlut fyrir um 900 milljónir króna.

Scribona er alhliða upplýsingatæknifyrirtæki sem selur bæði vélbúnað og hugbúnað. Vélbúnaðurinn er þó stærri hluti rekstrarins. Framlegð félagsins hefur verið slök undanfarin ár, en ráðist hefur verið í hagræðingu sem á að skila sér í bættum rekstri. „Við töldum fyrirtækið lágt metið,“ segir Friðrik Jóhannsson, framkvæmdastjóri Burðaráss, um kaupin. Scribona er með um fjórtán prósenta markaðshlutdeild í sölu á tölvubúnaði á Norðurlöndunum. Geirinn hefur verið í lægð að undanförnu, en mat Burðaráss er að skilyrði fari batnandi á þessum markaði samhliða því sem aðhaldsaðgerðir í rekstri muni skila sér. Þannig er veikur dollari hagstæður þar sem tæknivörur verða ódýrari í innkaupum.

Kaupin í Scribona eru önnur kaup Burðaráss í Svíþjóð sem eru tilkynningarskyld. Friðrik segir það ekki merki um að Burðarás hafi augastað á sænskum fyrirtækjum öðrum fremur. Burðarás á stóran hlut í verðbréfafyrirtækinu Carnegie og í aðdraganda kaupa þess má gera ráð fyrir að sænski markaðurinn hafi verið tekinn til gaumgæfilegar skoðunar.


**EKKI BARA Í SVÍÞJÓÐ** Friðrik Jóhannsson, framkvæmdastjóri Burðaráss, segir fjárfestingar fyrirtækisins í Svíþjóð ekki merki um að sænski markaðurinn sé í sérstöku uppáhaldi hjá fyrirtækinu.

Velta Scribona var 106 milljarðar og veltan fyrstu níu mánuði ársins 2004 nam 74 milljörðum króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði árið 2003 nam aðeins 0,8 prósentum af tekjum.

haflidi@frettabladid.is


**SUNGIÐ HJÁ SAMSKIPUM**
Diddú og Sinfóníuhljómsveitin voru meðal þeirra sem tóku þátt í hátíðarhöldum í tilefni af opnun nýrra höfuðstöðva Samskipa í Reykjavík. Húsið er nærri 28 þúsund fermetrar og byggingarkostnaður var 2,4 milljarðar króna.

Bóndadagstilboð!

Fríhafnar verð

á herrailmum og gjafapakkningum í tilefni dagsins

Tilboðin gilda í dag og á morgun

Lyf & heilsa
Við hlustum!

GOTT FÓLK McCANN

JOHNNY WEISSMÜLLER (1905-1984) lést þennan dag.



*„Almenningur fyrirgefur mér leikinn vegna vitneskjunnar um íþróttaafrek mín. Fólk veit að ég var ekki plat.“*

*- Weissmüller er þekktur fyrir sundafrek sín, en hann vann til fimm ólympíuverðlauna fyrir Bandaríkin, auk þess að hafa leikið Tarzan í kvikmyndum.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Hvarf Önnu May Dietrich

Þennan dag árið 1926 réð David Marshall, hnykklæknir í Philadelphíu í Bandaríkjunum, bílstjóra til að flytja pakka frá skrifstofu sinni. Þegar bílstjórinn tekur upp einn pakkann dettur úr honum fótleggur. Marshall reynir án árangurs að múta honum til að fela pakkana. Bílstjórinn sneri sér samt ekki til lögreglu fyrr en eftir að hafa síðar lesið um dularfullt hvarf Önnu May Dietrich í dagblöðunum. Tilkynnt var um hvarf stúlkunnar 19. janúar og lögreglu bent sérstaklega á að kanna hnykklækninn vegna vinskapar við stúlkuna. Hann sagðist ekki hafa séð hana vikum saman.

21. janúar komst málið í hámæli þegar kona nokkur fann í úthverfi borgarinnar fóta- og höfuðlausan konubúk. Síðar, þegar höfuðið og fótleggirnir fundust, kom í ljós að þarna var Dietrich komin. Þá fyrst sneri bílstjórinn sér til lögreglu með vitneskju sína.

Marshall var handtekinn, fluttur í líkhúsið og spurður út í málið yfir sundurlimuðu líkinu. Hinn rólegasti neitaði hann allri vitneskju, en breytti sögu sinni síðar. Hann vildi meina að stúlkan hefði drepið sig með eitri á skrifstofu hans og hann reynt að fela líkið til að leyna ástarsambandi þeirra.

Við réttarhöldin var horft til sönnunargagna og svo siðferðisvitundar látnu stúlkunnar að leggja lag sitt við giftan mann. Þannig spilaði trúlega inn í andúð kviðdómsins á fórnarlambinu þegar Marshall var bara dæmdur fyrir manndráp, en ekki morð. Hann fékk svo reynslulausn eftir 10 ár í fangelsi. ■



BÍLSTJÓRINN NEITAÐI AÐ FLYTJA BÚTAÐ LÍK

## MERKISATBURÐIR

**1841** Jörundur hundadagakonungur andast í Hobart í Tasmaníu.

**1942** Nasistaforingjar halda Wannsee-ráðstefnuna í Berlín og leggja á ráðin um „lokalausnina“.

**1957** Kjör íþróttamanns ársins fer fram í fyrsta sinn hjá Samtökum íþróttafréttamanna. Vilhjálmur Einarsson frjálsíþróttamaður hlaut titilinn og hélt honum sex ár í röð.

**1977** Snarpir jarðskjálftar verða á Kröflusvæðinu. Starfsmenn virkjunarinnar eru fluttir á brott og sprungur og hverir myndast í Gjástykki.

**1991** Skíðaskálinn í Hveradölum brennur. Hann var svo byggður upp aftur ári síðar.

## AFMÆLI

**Baldur Jónsson** prófessor er 75 ára í dag.
**Jón J. Hjartarson** leikari er 63 ára í dag.
**Gísli Valur Einarsson** hótelhaldari er 62 ára í dag.
**Þórhallur „Laddi“ Sigurðsson**, leikari og skemmtikraftur, er 58 ára í dag.
**Fritz H. Berndsen** skurðlæknir er 58 ára í dag.
**Hörður Jónsson**, Berghóli II, er fimmtugur í dag.
**Kristinn Johnsen** eðlisfræðingur er 39 ára í dag.
**Pjetur St. Arason** kennari er 38 ára í dag.

## ANDLÁT

**Eggert Ingimundarson**, áður til heimilis í Sóltúni 28, lést fimmtudaginn 6. janúar.
**Gunnar Friðriksson**, frá Látrum í Aðalvík, lést föstudaginn 14. janúar.
**Kristín María Magnúsdóttir**, Háaleitisbraut 14, Reykjavík, lést föstudaginn 14. janúar.
**Steinunn Jóhannsdóttir**, frá Glæsibæ í Sléttuhlíð, síðast á Háaleitisbraut 101, lést föstudaginn 14. janúar.
**Sigrún Gísladóttir**, Álfhólsvegi 70, Kópavogi, lést laugardaginn 15. janúar.
**Elín Katrín Guðnadóttir**, frá Rifi, lést mánudaginn 17. janúar.
**Steinunn Sveinbjörnsdóttir**, frá Vegamótum, Dalvík, lést mánudaginn 17. janúar.
**Vilborg S. Einarsdóttir**, Digranesvegi 36, Kópavogi, lést þriðjudaginn 18. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Eygerður Ingimundardóttir**, frá Hrísbrú, Reykjabyggð 28, Mosfellsbæ, verður jarðsungin frá Mosfellskirkju.
13.30 **Sveinn Cecil Jónsson**, dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, áður Ljósheimum 6, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.
15.00 **Ragnar Örn** Fellsmúla 11. Minningarathöfn fer fram í Grensáskirkju.

**BÆJARPÓSTURINN Á DALVÍK:** BIRTIST Á NÝ EFTIR NOKKURRA VIKNA HLÉ

# Upprisa en ekki afturganga

Bæjarpósturinn á Dalvík kemur aftur út í dag eftir nokkurra vikna hlé, en í ár er blaðið tvítugt, hóf göngu sína árið 1985.

Útgáfufélagið Rimar ehf., sem gefið hefur út héraðsfréttablaðið Norðurslóð síðan árið 1977, hefur tekið við útgáfunni úr hendi Guðmundar Inga Jónatanssonar, en blaðið verður áfram prentað í prentsmiðju Víkurprents á Dalvík. Blaðinu ritstýra Hjörleifur Hjartarson og Jóhann Antonsson.

„Birgir Guðmundsson jarðaði Bæjarpóstinn í grein í Fréttablaðinu, en er svo aftur með upprisuna á okkar síðum [í dag]. Hann flytur fagnaðarboðskapinn um upprisuna,“ sagði Jóhann og hló og taldi fjarri að um afturgöngu væri að ræða.

Hann segir að fyrir utan nokkrar útlitsbreytingar verði þær breytingar helstar á útgáfunni að blaðið komi nú út þrisvar í mánuði. Fjórðu viku hvers mánaðar kemur svo Norðurslóð út þannig að kaupendur blaðsins fá eftir sem áður sitt vikulega blað. „Með þessu móti teljum við að blöðin styrki hvert annað og góður grundvöllur sé fyrir útgáfunni,“ sagði Jóhann, en Guðmundur Ingi lýsti því yfir þegar síðasta blað fyrir jól kom út að það yrði lokaeintakið, að minnsta kosti í hans útgáfu. „Við vildum að þessi útgáfa af Bæjarpóstinum héldi áfram og þótt þetta séu bæði héraðsfréttablöð, Bæjarpósturinn og Norðurslóð, hafa þau alltaf verið með sínu sniðinu hvort. Við töldum slæmt að þráðurinn slitnaði í vikuútgáfunni.“ Jóhann segir útgáfuna halda áfram með svipuðu sniði, Halldór Ingi Ásgeirsson, sem verið hefur blaðamaður á Bæjarpóstinum í nokkur ár, verður það áfram.

Bæði eru blöðin áskriftarblöð, en kaupendur Norðurslóðar verða hins vegar ekki sjálfkrafa áskrifendur að Bæjarpóstinum þó svo að útgáfufélagið hafi tekið blaðið yfir og þurfa því að óska sérstaklega eftir því. Þá stefnir útgáfufélagið á frekari landvinninga í útgáfu, að þessu sinni á rafrænu formi með vefútgáfunni rimar.is sem hleypt verður af stokkunum innan skamms.

Útgáfa blaðanna á að mæta því sem ritstjórarnir nefna „knýjandi þörf fyrir vikulegan, lifandi frétta- og auglýsingamiðil við utanverð- an Eyjafjörð og vettvang lýðræðislegrar umræðu sem nauðsynlegur er hverju samfélagi sem vill taka sig alvarlega“. Jóhann áréttar þó að fjárhagur héraðsfréttablaða sé oft mjög veikur og ljóst ekki megi mikið út af bregða í slíkum rekstri. Þeir segja því ljóst að bæði verði áskrifendum að fjölga og áskriftar- og auglýsingagjöld að hækka til að blaðið fái staðið undir sér til framtíðar. „En við ætlum að gera þessa tilraun í að minnsta kosti hálft ár og teljum að grundvöllur sé fyrir útgáfunni með þessum hætti, það er með samstarfi blaðanna.“ ■






**BÆJARPÓSTURINN SEM KEMUR ÚT Í DAG** Útgáfufélagið Rimar ehf. gefur út Bæjarpóstinn og Norðurslóð að auki. Þá stendur til rafræn útgáfa með nýjum vef, rimar.is.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir og amma,*

**Elín Katrín Guðnadóttir**

frá Rifi,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut að kvöldi 17. janúar síðastliðins. Jarðarförin auglýst síðar.

**Bjarni Gunnarsson, Helgi Már Bjarnason, Linda Rut Svansdóttir, Rúna Lísa Bjarnadóttir, Bjarki Heiðar Harðarson, Guðmunda Jónsdóttir, Hafdís Magnúsdóttir, Magnús S. Magnússon, Jóhanna Marteinsdóttir, Smári Hilmarsson og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynheiður Ketilsdóttir**

frá Ketilsstöðum, Mýrdal,

Austurgerði 1, Vestmannaeyjum, sem lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja aðfaranótt þriðjudagsins 11. janúar, verður jarðsungin frá Landakirkju laugardaginn 22. janúar kl. 14. Jarðsett verður í Skeiðflatarkirkjugarði.

**Arnfríð Heiðar Björnsson, Guðlaugur Grétar Björnsson og aðrir ástvinir.**

Fyrstur til að fá tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs:

# Byrjað á hápunktinum

Flautukonsert Atla Heimis Sveinssonar var lýst sem nútímalegu verki, í senn rómantísku og súrrealísku. Konsertinn samdi Atli Heimir árið 1973 fyrir Robert Aitken, en árið 1976, þann 20. janúar, hlaut Atli tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verkið, fyrstur Íslendinga til að fá slík verðlaun frá ráðinu. Síðan hafa þrír Íslendingar bæst í hópinn; Hafliði Hallgrímsson árið 1986, Björk Guðmundsdóttir árið 1997 og svo Haukur Tómasson sem verðlaunin hlaut í fyrra.

„Það er í þessu venjuleg dramatísk uppbygging, nema það er byrjað á hápunktinum,“ sagði Atli Heimir til útskýringar á verki sínu og þótti um margt gefa einleikaranum óvenjuleg fyrirmæli. „Fyrst koma nótur, síðan koma teikningar og loks eru bara orð og í endanum er sólóistinn skilinn einn eftir með bambusflautu og tónskáldið kveður með „goodbye“ og lætur sólóistanum eftir að ljúka verkinu.“

Atli Heimir Sveinsson er fæddur árið 1938. Hann stundaði nám í píanóleik hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og nam síðan tónsmíðar, hljómsveitarstjórn og píanóleik við Ríkistónlistarháskólann í Köln. Þaðan lauk hann prófi árið 1963. ■



ATLI HEIMIR SVEINSSON TÓNSKÁLD


Legsteinar



Rein ehf. Steiniðnaður
Lækjarmel 2, Síðumúla 17
566-7878 WWW.rein.is


## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1868** Wilhelm Schafer rithöfundur

**1888** Leadbelly blústónlistarmaður

**1896** **George Burns gamanleikari**



**1910** Ennio Porrino tónskáld

**1920** **Federico Fellini kvikmyndaleikstjóri**



**1921** Bernt Engelmann rithöfundur

**1928** **Martin Landau leikari**



**1931** Sawako Ariyoshi rithöfundur

**1946** **David Lynch kvikmyndaleikstjóri**



**1947** Malcolm McLaren stofnandi Sex Pistols

**1949** Ivana Trump fyrrum eiginkona Donalds Trump

**1952** **Paul Stanley gítarleikari Kiss**



**1956** Bill Maher spéfugl

**1970** **Skeet Ulrich leikari**



Office1Superstore

# Janúartilboð

Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!




## Nú er tækifærið...

**TOSHIBA ferðavél**

**Toshiba Satellite M30**

Takmarkað magn!

- Intel® Pentium® M 725 1.6 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 40GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
- ATI MOBILITY™ RADEON™ 9700 8xAGP skjástýring
- Super DVD brennari
- VGA, TV-OUT, Parallel, 6-in-1 kortalesari
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

Vörunúmer: 920UB160...

VÍS 6.633,-

* Greiðsla á mánuði miðað við 36 mánaða tölvukaupalán VÍS

**189.900,- pr. stk.**

**Verð áður 209.900,-**

16:9 WIDE SCREEN

centrino MOBILE TECHNOLOGY

## Ódýrasti skjávarpinn á landinu!

**EPSON® skjávarpi**

**Epson EMP S1H myndvarpi**

30% AFSLÁTTUR!

- SVGA upplausn (800 x 600)
- Styður XGA í þjöppun (1024 x 768)
- Birtustig: 1200 ANSI Lumens
- 400:1 skerpa
- Þyngd 3.2 kg
- Keystone leiðrétting
- Fullkomin fjarstýring
- Mjög hljóðlátur, aðeins 33 dB.

Vörunúmer: V11H161040EA




**69.900,- pr. stk.**

**Verð áður 99.900,-**

Vörulisti Office 1 2005 er kominn út






Tilboðin gilda út janúar 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndabrengl og prentvillur.

Fleiri en 400 verslanir í 24 löndum!

Office1Superstore -um víða veröld!

Pantanir 550 4111
Fax 550 4101
www.office1.is
pontun@office1.is

# Office1Superstore

**sport**
sport@frettabladid.is

### Við hvetjum...

... körfuboltaáhugamenn til að mæta í Keflavík í kvöld og styðja við bakið á Keflavíkurliðinu sem spilar gegn svissneska liðinu Fribourg. Keflavíkurliðið verður að vinna með níu stigum eða meira til að komast áfram en liðið getur náð besta árangri íslenskra félagsliða í sögunni ef því tekst að komast áfram.



### Við vonum...

... að KR-ingar séu búnir að gera ráðstafanir varðandi Grétar Hjartarson. Hann skrifaði undir samning við vesturbæjarliðið í byrjun nóvember og hefur væntanlega fengið laun fyrir nóvember, desember og janúar. Það myndu varla kallast góð viðskipti ef Grétar hyrfi af landi brott með þriggja mánaða laun upp á vasann án þess að hafa spilað leik.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| EXETER–MAN.UTD | 0–2 |
| 0-1 Ronaldo (9.), Rooney (88.) | |
| FULHAM–WATFORD | 2–0 |
| 1-0 Volz (13.), 2-0 Radzinski (65.) | |
| BLACKBURN–CARDIFF | 3–2 |
| 1-0 Thompson (9.), 1-1 McAnuff (24.), 2-1 Thompson (32.), 3-1 Pedersen (47.), 3-2 Collins (54.) | |
| BOSTON–HARTLEPOOL | 0–1 |
| 0-1 Boyd (72.) | |

Enska bikarkeppnin:

## United áfram

**FÓTBOLTI** Úrvalsdeildarliðin þrjú unnu öll sína leiki í ensku bikarkeppninni í gærkvöld. Manchester United lenti þó aftur í nokkrum vandræðum með lið Exeter en hafði sigur að lokum með tveimur mörkum frá Ronaldo og Rooney. Heiðar Helguson og félagar hans í Watford eru úr leik eftir 2-0 tap fyrir Fulham. ■

INTERSPORT DEILDIN

KR - UMFN

DHL – Höllin

20. janúar
kl. 19:15

DHL

# Þetta er mikill léttir

**Einar Hólmgeirsson er allur að braggast og verður líklega klár í slaginn þegar Heimsmeistarakeppnin í Túnis hefst um næstu helgi.**



**EINAR HÓLMGEIRSSON** Byrjar að æfa af fullum krafti um helgina og verður með á Heimsmeistaramótinu í Túnis en fyrsti leikurinn er gegn Tékkum á sunnudaginn.

**HANDBOLTI** Það lítur allt út fyrir að stórskyttan Einar Hólmgeirsson geti leikið með íslenska landsliðinu á HM í Túnis. Einar hefur verið meiddur síðan liðið æfði á Íslandi um daginn og um tíma var óttast að hann væri fótbrotinn. Röntgenmyndir sem landsliðið fékk af Einari á þriðjudag leiddu í ljós að hann er ekki brotinn og því hóf hann strax stífa sjúkraþjálfun hjá sjúkraþjálfara liðsins, Elís Þór Rafnssyni, en Elís vildi ekki byrja að höndla Einar fyrr en í ljós kæmi hvers kyns meiðslin væru.

„Því er ekki að neita að það er mikill léttir að vita að maður sé ekki brotinn. Ég óttaðist um tíma að ég væri úr leik en vonandi verður í lagi með mig,“ sagði Einar í samtali við Fréttablaðið í gær frá Spáni þar sem íslenska landsliðið dvelur fram á föstudag en þá heldur liðið yfir til Afríku.

„Ég er allur að koma til og er hjá sjúkraþjálfaranum tvisvar til þrisvar á dag. Ég tók létta æfingu í morgun og skaut aðeins á markið. Ég stefni að því að taka fulla æfingu á laugardag þegar við erum komnir til Túnis, þannig að það er fínt hljóð í mér og ég er í verulega góðum höndum.“

Einar hefur leikið verulega vel með landsliðinu í síðustu leikjum, skorað grimmt og um leið létt álaginu af Ólafi Stefánssyni, sem hefur litla hvíld fengið á síðustu mótum.

„Ég er alveg rólegur og hlakka mikið til mótsins. Það fer minna fyrir stressinu. Ég er til í að axla þá ábyrgð sem þjálfarinn setur á mig og óttast það ekki neitt,“ sagði Einar og bætti við að það væri gaman að leika með Ólafi. „Óli er kóngurinn og maður verður að hlusta og læra vel af honum í þessu fáu skipti sem maður er með honum. Hann kemur með fínar ábendingar sem vert er að hlusta á.“ **henry@frettabladid.is**

Grétar Hjartarson er til reynslu hjá Doncaster:

# Getur farið frítt frá KR

**FÓTBOLTI** KR-ingurinn Grétar Hjartarson hélt til Englands á sunnudag til móts við enska 2. deildarliðið Doncaster. Grétar verður hjá félaginu fram á föstudag og þá kemur í ljós hvort félagið býður honum samning. Grétar spilaði æfingaleik með varaliði Doncaster gegn Scunthorpe á þriðjudag og skoraði tvö mörk í 3-2 sigri Doncaster.

„Ég spilaði alveg þokkalega og mér skildist að þeir hefðu verið ánægðir með mína frammistöðu,“ sagði Grétar í samtali við Fréttablaðið í gær. „Mér líst þokkalega á þetta félag. Þeir eru með gamlan 10 þúsund manna völl en þeir eru að byggja nýjan 25 þúsund manna völl sem á að vera tilbúinn í mars á næsta ári. Stefnan hjá félaginu er að fara beint upp í ár en liðið á góðan möguleika á að komast í umspil um sæti.“

Grétar samdi við KR í byrjun nóvember og hann var séður í samningagerðinni en í samningi hans við KR er klásúla um að hann geti gengið til liðs við erlent félag fyrir 1. febrúar og það án þess að KR fái krónu fyrir hann.

„Það er rétt að ég get farið frítt til 1. febrúar. Það er líka ljóst að ég mun ekki semja við Doncaster nema ég fái mjög freistandi tilboð. Svo er líka mjög gott að vera í KR,“ sagði Grétar, sem er einnig undir smásjánni hjá skoska félaginu Hearts og tveimur enskum 1. deildarfélögum. „Það getur vel verið að ég kíki á aðstæður hjá þessum félögum þegar ég er búinn að ljúka veru minni hjá Doncaster. Ég mun halda öllum möguleikum opnum.“ **- hbg**



**GRÉTAR HJARTARSON** Sést hér skrifa undir samning við KR í nóvember. Hann mun hugsanlega ekki ná neinum alvöruleik með félaginu. Fréttablaðið/Vilhelm

Manchester Utd.
- Birmingham

í beinu leiguflugi
4.-6. febrúar

49.900 kr. á mann í tvíbýli

Flugtímar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4. febrúar | Keflavík Manchester | 9:30 | 12:00 |
| 6. febrúar | Manchester Keflavík | 18:30 | 21:00 |

Man.Utd klúbburinn á Íslandi og Úrval Útsýn í Hlíðarsmára standa fyrir ferð í beinu leiguflugi á leik Man.Utd og Birmingham dagana 4.-6. febrúar nk. Gist verður í miðborg Manchester á Premier Travel Inn, Gmex hótelinu.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Úrval Útsýn í Hlíðarsmára í síma 585-4100 eða á tölvupósti smarinn@uu.is www.uu.is

ICELAND

ÚRVAL-ÚTSÝN í smáranum

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

17 18 19 **20** 21 22 23

### Fimmtudagur

■■ **LEIKIR**

- ☐ 19.00 **Víkingur** og **KR** mætast í Egilshöllinni í Reykjavíkurmóti karla í fótbolta.
- ☐ 19.15 **Þór** og **KA** mætast í Boganum í Powerade-mótinu í fótbolta.
- ☐ 19.15 **KFÍ** og **Tindastóll** mætast á Ísafirði í Intersportdeild karla í körfubolta.
- ☐ 19.15 **KR** og **Njarðvík** mætast í DHL-höllinni í Intersportdeild karla í körfubolta.
- ☐ 19.15 **ÍR** og **Fjölnir** mætast í Seljaskóla í Intersportdeild karla í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Snæfell** og **Hamar/Selfoss** mætast í Stykkishólmi í Intersportdeild karla í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Haukar** og **Grindavík** mætast á Ásvöllum í 1. deild kvenna í körfubolta.
- ☐ 20.30 **Keflavík** og **Fribourg** mætast í Keflavík í Borgarkeppni Evrópu í körfubolta.
- ☐ 21.00 **Leiknir** og **Þróttur** mætast í Egilshöllinni í Reykjavíkurmóti karla í fótbolta.

■■ **SJÓNVARP**

- ☐ 16.45 **Handboltakvöld** á RÚV.
- ☐ 17.30 **Þrumuskot – ensku mörkin** á Skjá einum.
- ☐ 18.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 19.15 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- ☐ 19.45 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- ☐ 20.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- ☐ 21.30 **Sterkasti maður heims 2004** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*DHL-deild kvenna í handb.*

| | |
|---|---|
| FRAM–STJARNAN | 24–20 |

**Mörk Fram:** Ásta Birna Gunnarsdóttir 5, Sara Sigurðardóttir 5, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4, Elísa Viðarsdóttir 3, Eva Harðardóttir 3, Guðrún Halfdánsdóttir 3, Hildigunnur Einarsdóttir 1.
**Mörk Stjörnunnar:** Ásdís Sigurðardóttir 8, Kristín Clausen 3, Kristín Guðmundsdóttir 3, Rut Steinsen 2, Elísabet Gunnarsdóttir 1, Harpa Eyjólfsdóttir 1

*1. deild kvenna í körfu*

| | |
|---|---|
| KR–NJARÐVÍK | 55–54 |

**KR:** Jerica Watson 17 (14 fráköst, 7 varin), Helga Þorvaldsdóttir 13 (8 frák., 4 stoðs.), Gréta María Grétarsdóttir 10 (6 frák., 5 stoðs.), Georgia Kristiansen 8, Hanna B. Kjartansdóttir 4..
**Njarðvík:** Jaime Woudstra 19 (7 frák., 4 stoðs.), Vera Janjic 12 (10 frák., 4 stolnir), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 9 (4 stolnir, 4 stoðs.), Sigurlaug Rúna Guðmundsdóttir 8, Petrúnella Skúladóttir 3, Díana B. Jónsdóttir 3.

Keflavík og Benetton Fribourg Olympic eigast við í bikarkeppni Evrópu í kvöld

# Keflvíkingar ætla að toppa eigin árangur

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar taka á móti Benetton Fribourg Olympic frá Sviss í bikarkeppni Evrópu í körfuknattleik í kvöld. Fyrri leiknum, sem fram fór í Sviss, lyktaði með sigri heimamanna, 103-95, og þarf Keflavík að vinna með 9 stigum eða meira til að tryggja sér áframhaldandi þátttöku í keppninni. Keflvíkingar geta reyndar leyft sér að vinna með 8 stiga mun svo framarlega sem gestirnir skori minna en 95 stig.

Falur Harðarson, aðstoðarþjálfari Keflvíkinga, sá um að stýra liðinu í síðasta leik gegn Snæfelli þar sem Sigurður Ingimundarson lá veikur heima. „Siggi kallinn er allur að koma til. Hann fékk þessa landlægu flensu en verður risinn úr rekkju í kvöld,“ sagði Falur. Að sögn Fals leika liðin tvö mjög áþekkan körfubolta. „Fribourg býr yfir góðum skyttum fyrir utan og er með mjög góðan Bandaríkjamann. Leikmenn liðsins eru aðeins stærri í flestum stöðum en þetta eru mjög svipuð lið.“

Tveir leikmenn Keflavíkur, Magnús Þór Gunnarsson og Anthony Glover, skoruðu aðeins 5 stig samanlegt gegn Snæfelli í síðasta leik en sá síðarnefndi fór hamförum gegn Fribourg í fyrri leiknum og skoraði þá 44 stig og reif niður 12 fráköst. Falur sagðist ekki hafa miklar áhyggjur af köflóttu gengi einstakra leikmanna. „Menn hljóta að gíra sig upp fyrir þennan mikilvæga leik á morgun því ef við vinnum þá toppum við eigin árangur frá síðustu keppni.“

Falur fullyrti að Keflavík hefði ekki leikið nógu skynsamlega í fyrri leiknum. „Við vorum fljótir á okkur í sókninni og spiluðum vörnina ekki nógu vel. Við erum búnir að spila einn leik síðan, gegn Snæfelli á mánudaginn, þar sem vörnin var mjög góð en sóknin lakari. Ef við tökum seinni hálfleikinn úr þeim leik í kvöld, þá getum við ekki annað en verið bjartsýnir,“ sagði Falur. ■




## Við þökkum þann hlýhug og stuðning sem einstaklingar, samtök og fyrirtæki sýndu í söfnuninni

Söfnunin Neyðarhjálp úr norðri fór fram úr björtustu vonum og sýndi hve samtakamáttur Íslendinga er sterkur. Framlögin skipta sköpum fyrir þá sem misstu allt sitt í náttúruhamförunum við Indlandshaf.

ENNEMM / SÍA / NM14790

**Neyðarhjálp úr norðri**

Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu

Barnaheill — Save the Children Iceland | Hjálparstarf kirkjunnar | Rauði kross Íslands | SOS-barnaþorpin | unicef







# STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Að hafa hugann við annað

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** GENGUR Á HURÐ


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég get stundum verið óskaplegur klaufi. Það er einungis í stuttan tíma sem ég á allt settið af glösum, eða diskum, þar sem mér tekst á einhvern ótrúlegan hátt að brjóta þetta í uppvaskinu (góð rök fyrir að eignast uppþvottavél, fyrir utan glerbrotið sem hefur dvalið í einum fingurgómi mínum í fjölmörg ár vegna slíks klaufaskapar). Ég reyni að bjóða gestum mínum upp á kaffi í könnunum sem enn hafa höldur. Sjálf gríp ég eina af þessum fjölmörgu sem höldurnar hafa brotnað af (aftur, mjög algengt að slysin gerist í uppvaskinu). Ég geng á ljósastaura, rek tærnar í þröskulda, dett niður tröppur og allt annað það sem gefur til kynna að annað hvort þarf ég að vera duglegri við að ganga með gleraugun mín, eða vera meira með hugann við það sem ég er að gera þá stundina.

Fyrir ekki svo löngu síðan tókst mér að ganga á hurð. Fyrir vikið fékk ég svolitla gulgræna slikju undir vinstra auga, nokkuð sem stundum kallast glóðarauga en mér fannst ofboðslega lítið áberandi. Dagana á eftir var þó ekki þverfótað fyrir vinum og samstarfsfólki sem kom til mín áhyggjufullt og vildi vita hvað hefði eiginlega komið fyrir mig. Eftir að hafa útskýrt nokkrum sinnum að ég hefði gengið á hurð, og fengið viðbrögðin; „Gekkstu á hurð? Er það hægt? Er þetta ekki gamla góða afsökunin?“ ákvað ég eiginlega að það væri betra að koma með einhverjar ótrúlegar lýsingar á hörkuslagsmálum. Reyndar held ég að enginn sem ég þekki trúi upp á mig miklum bardagahæfileikum – eða löngun. Því síður að ég hafi verið barin. En afsökunin „að ganga á hurð“ er orðin fastgróin við hugmyndir um heimilisofbeldi. Því var tækifærið notað til að gantast um slíkt og ég jafnvel vænd um að vera búin að koma mér upp leyndardómsfullum unnusta. Allir virtust sammála um að það að hafa í alvöru gengið á hurð, þó bílhurð hafi verið, væri eitt það hallærislegasta sem hægt væri að gera. Jafnvel hallærislegra en að vera barin. ■




# EIGNAMIÐLUN

sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

## Melhagi - glæsileg




Vorum að fá í sölu mjög fallega og mikið standsetta 4ra herb. rishæð í einu af þessum virðulegu húsum í vesturbænum. Franskir gluggar eru í íbúðinni. Svalir til suðurs. Eftirsótt staðsetning. Verð 20,5 millj. 4689.

## Digranesvegur - mjög fallegt




Vorum að fá í sölu mjög fallegt 226 fm parhús á tveimur hæðum auk kjallara. Húsið er byggt árið 1955 en hefur verið mikið standsett. Húsið skiptist þannig: 1. hæð: forstofa, snyrting, gangur, tvær stofur og eldhús. 2. hæð: þrjú herbergi og baðherbergi. Kjallari: forstofa, baðherbergi, tvö rúmgóð herbergi og þvottahús (gæti nýst sem eldhús). Rúmgóður bílskúr á tveimur hæðum. Á neðri hæð bílskúrs er herbergi og geymsla. Glæsilegt útsýni. Fallegur garður til suðurs. Göngufæri í þjónustu. Sjá myndir á heimasíðu Eignamiðlunar.
Verð 35,7 millj. 4699.

## Hagamelur




Vorum að fá í sölu mjög fallega 2ja herb. íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi við Hagamel. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu, eldhús, herbergi, baðherbergi og hol með skápum. Úr stofu er gengið út í garð. Björt og falleg íbúð. Stór afgirtur garður. Verð 12,6 millj. 4688.

## Klapparstígur - með bílageymslu




Vorum að fá í einkasölu mjög fallega 2ja herb. íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin snýr að mestu leyti til suðurs og er mjög björt. Búið er að leggja ljósleiðara í húsið. Gervihnattadiskur. Íbúðinni fylgir merkt stæði í bílageymslu.
Verð 15,3 millj. 4644.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Næsti Tortímandi Camerons

**[ MYNDASÖGUR ]**

**UMFJÖLLUN**

Battle Angel Alita er japönsk hasarmyndasaga eftir Yukito Kishiro. Hún gerist á 26. öldinni, þegar jörðin er einn stór ruslahaugur. Á ruslahaugnum dafnar lifandi samfélag manna, vélmenna og sæborga. Í þessum heimi er alls ekki óalgengt að fólk fái sér gervihandlegg eða gervihaus því að slíkt makeover þykir sjálfsagður hlutur. Þarna þykir það jafnvel óvenjulegt að vera alveg mennskur án nokkura hjálpartækja.

Aðalpersónan er stórhættuleg stríðs-sæborg sem lítur út eins og fjórtán ára stúlka. Góðhjartaður vísindamaður finnur hana skemmda og óvirka á haugunum og endurbyggir hana til að ala upp sem dóttur. Hann nefnir hana Alitu. En Alita man ekkert um uppruna sinn og þráir að komast að því hver hún raunverulega er. Sem tökubarni líður henni oft eins og hún eigi hvergi heima, þrátt fyrir góðan fósturföður. Hún er viðkvæm og síhrædd en breytist í grimma og banvæna stríðsskepnu þegar hún neyðist til að berjast fyrir lífi sínu í myrkum öngstrætum ruslahaugsins. Eins og svo margar manga-sápur er erfitt að leggja þessa frá sér. Alita er einstaklega tragísk og sæt, og ævintýri hennar eru full af sprengingum og hasar með tilheyrandi hraðalínum.

En Alita er ekki bara enn eitt sci-fi-unglinga-action-dramað frá Japan. Terminator og Titanic leikstjórinn James Cameron féll fyrir henni þegar hann las fyrstu þrjár bækurnar og hefur nú ákveðið að gera kvikmynd byggða á þeim.



**BATTLE ANGEL ALITA**

**NIÐURSTAÐA:** Eins og svo margar manga-sápur er erfitt að leggja þessa frá sér. Alita er einstaklega tragísk og sæt, og ævintýri hennar eru full af sprengingum og hasar með tilheyrandi hraðalínum.

Þar fáum við kynnast „fæðingu“ stúlkunnar, fyrstu ástinni í lífi hennar og þátttöku hennar í æsispennandi ofbeldis-boltaleik (ekki ósvipuðum Rollerball). Hljómar betur en Titanic. Myndin verður nánast öll tölvugerð eins og nýju Star Wars-myndirnar og Alita sjálf verður tölvuteiknuð. En hreyfingar hennar verða leiknar af mennskri leikkonu þannig að hún verður soldið svona eins og Gollum. Einnig ber að geta þess að myndin verður í þrívídd. Já, þrívídd. Sjálfur lýsir Cameron myndinni sem sögu um samband föður og dóttur með brjálaðasta hasar sem sést hefur. Hún verður bönnuð innan tólf og full af blóði. En blóðið verður reyndar blátt, því þannig er sko vélmennablóð á litinn.

Battle Angel Alita verður frumsýnd árið 2007 en það eru til staflar af Battle Angel Alita-bókum til aflestrar þangað til.

**Hugleikur Dagsson**

# Þolir ekki Óskarinn sinn



Gwyneth Paltrow skammast sín þegar hún sér Óskarsverðlaunastyttuna sína því hún minnir hana á stundina þegar hún grét í gegnum þakkarræðuna sína. Leikkonan fékk Óskarinn fyrir leik sinn í Shakespeare in Love árið 1999. „Ég geymi hana á bak við bókahilluna í svefnherberginu mínu af því að mér finnst óþægilegt að hafa hana fyrir augunum. Ég hafði hana í geymslu í margar vikur og gæti aldrei haft hana uppi á hillu,“ sagði Paltrow. „Af einhverri ástæðu hef ég ekki verið fær um að vera ánægð með hana. Ég skammast mín bara einhvern veginn og hún kveikir á óþægilegum tilfinningum. Hún tengist erfiðum hluta af lífi mínu.“ ■

# Lýsir yfir sakleysi sínu

Rapparinn Young Buck, sem söng í Laugardalshöll í sumar ásamt 50 Cent, hefur lýst yfir sakleysi sínu af ákæru um að hafa stungið mann við afhendingu Vibe-tónlistarverðlaunanna á síðasta ári.



Hinn 23 ára Buck, sem heitir réttu nafni David Darnell Brown, er sakaður um að hafa stungið mann sem hafði slegið lærifóður hans, Dr. Dre á hátíðinni. Verði Buck fundinn sekur á hann yfir höfði sér átta ára fangelsisvist. ■

**SÝNING**

# Miðasala á Houdini að hefjast

Miðasala hefst í dag á sýninguna The Return of Houdini sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í mars. Þetta verður fjölskyldusýning sem sameinar leikhús, sirkus og töfrabrögð.

Í sýningunni koma fram tveir af helstu sjónhverfinga- og hverfilistamönnum samtímans, annars vegar Dean Gunnarsson og hins vegar mexíkóski sjónhverfingamaðurinn Ayala. Dean framkvæmdi einmitt áhættuatriði fyrir almenning í Reiðhöllinni í Víðidal um síðustu helgi. Nefndist það Milli bíls og dauða og vakti mikla athygli. ■



**DEAN GUNNARSSON** Dean Gunnarsson hlekkjaður við bíl í Reiðhöllinni um síðustu helgi. Hann komst undan á síðustu stundu.


Áður Nú
Náttföt 4490 kr. 1990 kr.
Flísgalli 6990 kr. 3990 kr.
CHANGE
SMÁRALIND
Sími 517 7007









# tónlist

**Í spilaranum hjá ritstjórninni**

**Mars Volta:** Frances the Mute, **Can:** Ege Bamyasi, **Curver:** Sær 1993–1994, **Diana Ross and the Supremes:** Sequins and Smiles og **Þeyr:** Mjötvíður Mær.

*„Nothings new forever, only suckers undercover... its like only Stevie Wonder sees the same things.“*

*- Hot Chip vottar blinda tónlistarmanninum Stevie Wonder virðingu sína í laginu Keep Fallin með því að gefa honum sjötta tónlistarskilningarvitið.*

## Scorsese gerir heimildarmynd um Dylan



**BOB DYLAN** Leikstjórinn Martin Scorsese vinnur nú að mynd um Bob Dylan.

Leikstjórinn Martin Scorsese vinnur nú að heimildarmynd um tónlistarmanninn Bob Dylan. Hann hefur tekið saman margra klukkustunda efni og er nú að byrja á því að klippa myndina saman. Þetta verður ekki í fyrsta skipti sem Scorsese gerir heimildarmynd um heim tónlistarinnar, því hann gerði hina mögnuðu The Last Waltz um hljómsveitina The Band árið 1978, en Dylan birtist reyndar í þeirri mynd.

Myndin sem heitir The Bob Dylan Anthology Project fjallar um fyrstu árin á ferli tónlistarmannsins. Myndin er ætluð til sýningar í sjónvarpi og Dylan sjálfur hefur ekki unnið með Scorsese að gerð myndarinnar.

Scorsese segist ekki ætla að fjalla um persónu Dylans, heldur frekar að rekja sögu hans. Myndin er gerð með samþykki Dylans og útvegaði umboðsmaður hans Scorsese um 10 klukkustundir af viðtölum. Scorsese segist ætla að reyna sitt besta til þess að gera hlutlausa mynd um kappann, en viðurkennir að það sé erfitt þar sem leikstjórinn er mikill aðdáandi tónlistarmannsins. ■

## Morrissey gefur út tónleikaupptökur



**MORRISSEY** Ætlar að gefa út DVD-disk með upptökum af tónleikum hans.

Þeir aðdáendur Morrissey sem héldu ekki vatni yfir frammistöðu hans á Hróarskelduhátíðinni í fyrra eiga von á glaðningi. Söngvarinn gefur nefnilega út DVD-disk með upptöku af tónleikum hans í Manchester eftir nokkrar vikur. Platan heitir því sjálfhverfa nafni „Who Put the M in Manchester?“ og á disknum verður svipuð tónleikadagskrá og hann tók á Hróarskeldu.

Það er leikstjórinn Bucky Fukumoto sem gerði myndina, en hann gerði einnig myndböndin við lögin Irish Blood, English Heart, I Have Forgiven Jesus og Let Me Kiss You á síðasta ári. Einnig er von á geisladiski með upptökum frá Earls Court. Hann kemur í febrúar en DVD-diskurinn í mars. ■

eign.is
FASTEIGNASALA

**Vatnsstígur – nýjar fullbúnar lúxusíbúðir í gamla nýlistasafninu.**

**Vorum að fá í einkasölu fimm íbúðir og eina vinnustofu sem verða afhentar fullbúnar með gólfefnum hinn 1. mars 2005.**

**Jarðhæð:**
Tvær 59,3 fm. 2ja herbergja íbúð með vönduðum eikarinnréttingum, eikarparket á gólfum. Eldhús opið í stofu, svefnherbergi, baðherbergi með flísum, þvottahús og geymsla. Kaupendur geta fengið allt að 80% lán frá Landsbanka Íslands hf.

98,6 fm, vinnustofa (ósamþykkt íbúð) sem skiptist í forstofu, vinnustofu, skrifstofu, geymslu og baðherbergi, íbúðinni er skilað með eikar innréttingum og eikarparketi, bað er flísalagt í hólf og gólf. Kaupendur geta fengið allt að 80% frá Landsbanka Íslands hf.

**1. hæð:**
120 fm. íbúð á 1. hæð sem skiptist í forstofu, hol, stofu(útgang út á svalir), eldhús, geymslu, þvottahús og baðherbergi, íbúðinni er skilað með eikar innréttingum og eikarparketi, bað er flísalagt í hólf og gólf, öll nánari skilalýsing hjá sölumönnum.

97,9 fm. 2ja herbergja íbúð á 1. hæð sem skiptist í forstofu, hol, stofu(útgang út á svalir), eldhús, geymslu, þvottahús og baðherbergi, íbúðinni er skilað með eikar innréttingum og eikarparketi, bað er flísalagt í hólf og gólf, nánari skilalýsing hjá sölumönnum.

**2.hæð:**
120 fm. 2ja herbergja lúxusíbúð sem skiptist í forstofu, hol, stofu(útgang út á svalir), eldhús, geymslu, þvottahús og baðherbergi, íbúðinni er skilað með eikar innréttingum og eikarparketi, bað er flísalagt í hólf og gólf, nánari skilalýsing hjá sölumönnum.

Ath kaupendur geta fengiðlán frá Landsbanka Íslands hf. fyrir allt að 80% af kaupverði.

**Ásgeir Pétursson hrl. lögg. fasteignasali.**

sími 533-4030



**JAN MAYEN** Ein af þeim rokksveitum sem létu á sér kræla á síðasta ári. Sveitin hyggur á útgáfu erlendis.

Rokksenan á Íslandi hefur aldrei verið stærri. Samt á hún undir högg að sækja.

# Er rokkið að deyja?

Margt hefur breyst í íslensku tónlistarlandslagi síðustu 15 ár. Eftir að Björk og Sykurmolarnir komu Íslandi á heimskortið hefur tónlistarlífið hér aukist til muna. Óháett er að fullyrða að hér á landi séu fleiri ungar hljómsveitir starfandi en voru í byrjun síðasta áratugar auk þess sem mun auðveldara er að gefa út tónlist. En ef þetta er staðreynd, hvernig stendur þá á því að svona fáar sveitir úr íslensku rokksenunni hafa náð að koma sér upp á yfirborðið? Getur verið að aukin tækni, aukin fjölbreytni, fleiri útvarpsstöðvar og fleiri möguleikar til þess að koma sér á framfæri geri hljómsveitum hreinlega erfiðara fyrir að ná til fjöldans? Er það ekki frekar undarlegt að það sem Gísli Marteinn myndi kalla „unga fólkið í rokkinu“ séu flest allt hljómsveitir sem hafa verið starfandi í fimm til tíu ár? Getur verið að það sé erfiðara fyrir unga tónlistarmenn að komast upp á yfirborðið en var áður, og af hverju ætli það sé?

### X-ið deyr, lengi lifi X-ið

Staðreyndin er sú að það er enginn skortur á efnilegu íslensku rokki. Á síðasta ári létu sveitirnar Jan Mayen, Lokbrá, Hoffman, Mammút, Lada Sport, Sign, Tony The Pony, Búdrýgindi, Hölt Hóra, Ókind, I Adapt, Noise, Coral og Isidor á sér kræla. Allt eru þetta efnilegar sveitir með liðsmenn sitt hvorum megin við tvítugsaldurinn. Þetta er aðeins brotabrot af því sem er í gangi á höfuðborgarsvæðinu, eins og hægt er að sjá á löngum listum síðna á borð við jon.is og rokk.is. En enginn þessara sveita náði til fjöldans, a.m.k. ekki almennilega nema kannski Jan Mayen sem átti ágætis ár, þökk sé þeirra ótrúlega drifkrafti.

Íslenskt jaðarrokk hefur sjaldan verið eins fjölbreytt og senan sjaldan stærri. Þrátt fyrir það eru flestar leiðir upp á yfirborðið lokaðar. Hvert fyrirtækið á fætur öðru hefur gefist upp á því að reka hér rokkstöðvar því auglýsendur virðast tregir til þess að kaupa þar pláss. Þrátt fyrir að X-ið hafi mælst með 20,1% hlustun í síðustu Gallup-könnun, aðeins 6,2% undir FM957, lögðu Norðurljósin hana niður vegna þessarar tregðu auglýsenda. Ef Pýrít hefði ekki komið rokkinu til bjargar ættu þessar hljómsveitir enga leið í útvarpið lengur, nema þá í gegnum Rás 2 sem vegna fjölbreytileika síns gæti ómögulega sinnt þessum geira almennilega. Margar þessara hljómsveita hafa meira að segja átt erfitt



**MAMMÚT** Sveitin kom sá og sigraði á Músiktilraunum.

með að komast að hjá X-inu í gegnum árin. Plássið fyrir íslenska tónlist þar er ekki ýkja mikið og samkeppnin slík að dagskrárgerðarmenn krefjast þess að gæðin séu fyrsta flokks eigi sveitirnar að komast í loftið. Það er auðvitað ekkert nema gott og verður vonandi til þess að sveitirnar auki metnað sinn.

### Rokkið er á breytingaskeiðinu

Helsta leið ungra rokksveita til þess að vekja á sér athygli er auðvitað tónleikahald. Einnig senda margar sveitir lög á rokk.is, og svipaða vefi, í von um nýja hlustendahópa. Þetta getur auðvitað verið gott til þess að auka orðspor sveitanna, en getur einnig virkað skemmandi fyrir ungar sveitir sem dreymir um að komast á útgáfusamning. Því flest fyrirtæki hér sjá lítinn hag í því að gefa út tónlist sem hefur verið fáanleg á netinu í meira en hálft ár.

Duglegustu sveitirnar hafa brugðið á það ráð að hljóðrita og gefa sjálfar út plötur sínar, oftast ekki í fleiri en 200 eintökum. Hljómgæðin eru oftast í slakari kantinum, enda menn að hljóðrita í fyrsta skiptið. Í flestum tilvikum er um upptökur að ræða sem geta bara talist vera demó. Þessi tilraunastarfsemi á auðvitað eftir að skila árangri síðar, því aldrei hafa jafn margir haft tækifæri til þess að öðlast þá reynslu að búa til tónlist. Eftir tíu ár verður allt morandi í ungum og efnilegum upptökustjórum.

Einhverjar sveitir hafa svo gert ódýr myndbönd sem Skjár 1 hefur sýnt á dauðum tímum.

Það eru nokkur ár frá því að íslensk jaðarrokksveit náði að selja yfir 3.000 eintök af plötu sinni. Enda er það álit FTT, Félags Textaog Tónlistarhöfunda, að ólögleg dreifing tónlistar á netinu bitni mest á sölu jaðartónlistar. Í dag telst það mjög gott ef íslenskar rokksveitir ná að selja 2.000 plötur. Þess vegna er eina von íslenskra rokksveita í dag að komast í atvinnumennskuna, að fá plötusamning erlendis.

Svarið við spurningu fyrirsagnarinnar er því nei. Íslenskt rokk er ekki að deyja. Það er á breytingaskeiðinu. Fjölbreytnin hefur aldrei verið meiri og samkeppnin er orðin mun harðari. Mórallinn á milli ungu sveitanna er oftast ekki góður, eins og sést best á spjallþráðum huga.is þar sem sveitir eru oft með skítkast sín á milli.

Vegna aukinnar fjölbreyttni hafa kröfur um gæði aukist. Íslensk ungmenni eru enn rokkþyrst, og fyrr eða síðar skýst upp á yfirborðið sveit sem nær almennilega að fanga anda þeirra tíma sem við lifum á núna. Lifi fjölbreytnin, ekki gefast upp.

biggi@frettabladid.is

## Aphex Twin verður Analord



**APHEX TWIN** Tónlistarmaðurinn hefur skapað sér nýtt listamannanafn, Analord.

Raftónlistarmaðurinn Richard D. James, sem flestir þekkja sem Aphex Twin, hefur enn og aftur skapað sér nýtt listamannanafn. Auk þess að gefa út undir nafninu Aphex Twin í gegnum árin hefur hann einnig stuðst við AFX, Brad Strider og Polygon Window. Næst gefur hann út tónlist undir nafninu Analord.

Richard D. James ætlar að gefa út seríu af 12 tommu vínylplötum undir Analord nafninu, og á hverri plötu verða tvö ný lög. Sú fyrsta af tíu heitir 10 og er þegar komin í verslanir í Bretlandi. Með fyrstu plötunni fylgir kápa, sem verður hægt að koma öllum plötunum fyrir í. Hver plata kostar um 5000 krónur íslenskar.

Tónlistin er nánast öll gerð á analog-hljóðgervla, en Richard á víst stórt safn af þeim. Plöturnar eru allar gefnar út í mjög takmörkuðu upplagi og því er búist við að verðlag á þeim margfaldist á eBay eftir að þær seljast upp. ■

## [ SMS ]
**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### The Futureheads: The Futureheads
„Frumraun The Futureheads er góð. Hljómur sveitarinnar er ekki mjög ferskur, en sveitin bætir upp fyrir það með beittum önglum og góðum flutningi.“

*BÖS*

### Converge: You Fail Me
„Vilji menn kraft, útsjónarsaman hljóðfæraleik, viðbrigði, kafla beint-í-andlitið, melódíur, niðurbrot og uppþot, þá er Converge skyldueign. Algjört meistaraverk frá Íslandsvinunum.“

*SJ*

### Hoffman: Bad Seed
„Big Brother er að mínu mati langbesta lag plötunnar og gefur góða von um að Hoffman sé fær um að geta af sér breiðskífu af bestu gerð.“

*SJ*

### Cex: Maryland Mansions
„Þetta er áttunda breiðskífa raftónlistarmannsins Cex á fimm árum en hann er rétt rúmlega tvítugur. Hann er frumlegur, hugmyndaríkur og beittur textahöfundur.“

*BÖS*

### Pinback: Summer in Abbadon
„Sætt nýbylgjupopp sem ætti ekki að geta gengið fram af neinum. Pinback tekst hið ótrúlega, að brúa bilið á milli Slint og Jimmy Eat World.“

*BÖS*

### Þórir: I Believe in This
„Þórir fer gjörsamlega á kostum í upphafslaginu, So is this... og Canada oh Canada, sem eru bestu lög plötunnar. Honum tekst frábærlega til með frumraun sinni og verður spennandi að fylgjast með drengnum á komandi tíð.“

*KH*

### Antlew/Maximum: Antlew/Maximum
‚Þó svo að tónlistin sé ekki það frumlegasta sem er í boði í dag þá eru kapparnir fagmennskan uppmáluð og hæfileikarnir fara ekki á milli mála. Færni Anthony á rappsviðinu kemst vel til skila og snertir hann á mörgum viðkvæmum viðfangsefnum í textasmíðinni.“

*SJ*

### Búdrýgindi: Juxtapose
„Skemmtileg plata eins og forveri hennar. Sveitin er orðin þéttari en áður og óhrædd við að þróa sig áfram.“

*FB*

### The Polyphonic Spree: Together We are Heavy
„Önnur plata The Polyphonic Spree kemur manni í gott skap. Svolítið einsleit á köflum, en rennur þó ágætlega í gegn.“

*BÖS*

### Dizzee Rascal: Showtime
„Dizzee Rascal er breskari en te, djúpsteiktur fiskur og franskar kartöflur í pappír. Hann er líka alinn upp í gettóinu í London. Flugbeittur og gallharður. Frábært afrek, ein af áhugaverðari plötum frá Bretlandi í ár.“

*BÖS*

### Nancy Sinatra: Nancy Sinatra
„Nancy Sinatra heldur kúlinu og gerir plötu með Bono, The Edge, Jarvis Cocker, Morrissey, Calexico og Thurston Moore. Frábær plata, þó að Geir Ólafs eigi ekki eftir að samþykkja þetta.“

*BÖS*

### Tenderfoot: Without Gravity
„Ótrúlega þægileg og góð plata frá Tenderfoot. Þessir drengir gætu svo sannarlega orðið næsta „hittið“.“

*FB*

**PLATA VIKUNNAR**



### Devendra Banhart: Nino Rojo
„Sálarfull og róandi plata sem virkar vel sem undirspil fyrir frosna janúardaga. Birtan yfir þessari plötu er svipuð og fyrstu sólargeislarnir sem teygja sig til okkar yfir fjallstindana á morgnana.“

*BÖS*

### Hot Chip: Coming On Strong
„Ein áhugaverðasta raftónlistarplata ársins, aðallega vegna stórkostlegra lagasmíða og sálarfullra söngvara.Tónlistarárið þitt verður ekki fullkomnað fyrr en þú hefur tékkað á þessari plötu Hot Chip.“

*BÖS*

### Destiny's Child: Destiny Fullfilled
„Fjórða eiginlega plata Destinyís Child er allt og ekkert. Mettir aðdáendur, en bætir líklegast ekki nýjum í hópinn. Tími fyrir Beyoncé að einbeita sér alfarið að sólóferlinum?“

*BÖS*

Birgir Örn Steinarsson
Freyr Bjarnason
Kristján Hjálmarsson
Smári Jósepsson

# Audioslave á Hróarskeldu

Hljómsveitin Audioslave og djasstónlistarmaðurinn Jamie Cullum eru á meðal þeirra sem hefur verið bætt við tónlistardagskrá Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku í sumar.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Audioslave spilar á Hróarskeldu. Þeir Íslendingar sem misstu af rokksveitinni Rage Against the Machine í Kaplakrika ættu því að hugsa sér gott til glóðarinnar því þrír meðlimir þeirrar sveitar eru nú í Audioslave.



**AUDIOSLAVE** Hljómsveitin Audioslave hefur notið mikilla vinsælda undanfarið.

Auk Audioslave hafa hin danska Karen og Tom Vek frá Bretlandi bæst í hópinn. Þá er ljóst að dönsku rokkararnir í D-A-D muni leika líkt og undanfarin ár. Það ætti að skýrast betur á næstum vikum hvaða tónlistarmenn og hljómsveitir troða upp á hátíðinni. ■






**!** **Kl. 19.30: Sinfóníuhljómsveit Íslands: Lenín er ekki hér.**
*Á efnisskrá eru verk eftir Joseph Haydn, Sergej Prokofiev og Dímitrij Sjostakovitsj. Einleikari er Aeiko Suwanai, sem vakti alþjóðlega athygli 1990 þegar hún vann Tsjajkovskíj-keppnina aðeins 17 ára gömul. Hljómsveitarstjóri er Rumon Gamba.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Frá impressjónistum til Tarantinos

**Ásdís Sif Gunnarsdóttir** opnar fyrstu listasýninguna í glænýjum sýningarsal **Smekkleysu SM** í Kjörgarði við Laugaveg 59 á morgun, föstudaginn 21. janúar, **klukkan 17.00.**
Ásdís sýnir vídeóverk sem hún hefur unnið að síðastliðin ár ásamt nýrri vídeóinnsetningu fyrir sýningarrýmið. Í vídeóinnsetningum sínum vinnur Ásdís með skynörvun, ljóðrænu, drasl og gersemar en verk hennar sameina kvenlega, ljóðræna hryggð og norrænan gálgahúmor. Sjálf segist Ásdís vera undir áhrifum frá m.a. impressjónistum og Quentin Tarantino.
Ásdís Sif útskrifaðist með BFA-gráðu úr School of Visual Arts (New York) árið 2000 og með MA-gráðu frá UCLA (Los Angles) 2004. Á síðasta ári sýndi hún m.a. í Sundown Salon – Los Angeles, Ásmundarsafni – Reykjavík (Píramídunum), CCA – Glasgow (Noonday Demons) og Voruuit – Belgíu. Ásdís hefur einnig skipulagt Leikhús listamanna í KlinK og BanK.



Á opnuninni flytur Ásdís m.a. gjörning sem heitir Völvan 2005 með aðstoð Ragnars Kjartanssonar.
Sýningin stendur til 18. febrúar 2005.

### EKKI MISSA AF…

**Svart á hvítu,** sýningu á málverkum, teikningum og grafískum verkum í eigu safnsins, meðal annars eftir **Karl Kvaran, Hörð Ágústsson, Söleyju Eiríksdóttur, Braga Ásgeirsson** og **Ragnheiði Jónsdóttur...**

Þætti um grískar þjóðsögur og ævintýri á **Rás 1** klukkan **9.40** í dag. **Þorleifur Hauksson** les úr hinum ríka þjóðsagnarfi Grikkja...



Síðustu sýningum á **Dýrunum í Hálsaskógi** í **Þjóðleikhúsinu** og **Línu langsokk** í **Borgarleikhúsinu.** Frábærar sýningar fyrir alla fjölskylduna.


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**BÖNDIN Á MILLI OKKAR**
**ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**
**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
Í kvöld fim. 20/1 **uppselt**, **aukasýning fim. 27/1 nokkur sæti laus**, lau. 29/1 **uppselt**. **Allra síðustu sýningar.**
**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
6. sýn. fös. 21/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 28/1 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 5/2 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/2 **nokkur sæti laus**.
**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 22/1 **uppselt**, sun. 23/1 **uppselt**, fös. 4/2 **uppselt**, sun. 13/2 **örfá sæti laus**, lau. 19/2 **örfá sæti laus**, lau. 26/2 **örfá sæti laus**.
**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Sun. 23/1 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 30/1 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 6/2 **nokkur sæti laus**, sun. 13/2 **nokkur sæti laus**. **Síðustu sýningar.**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**
**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 22/1 **örfá sæti laus**, lau. 29/1 **nokkur sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**
**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Í kvöld fim. 20/1 **örfá sæti laus**, fim. 27/1, lau. 29/1 **nokkur sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **13:00-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **13:00-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**


# Dýrgripur úr smiðju Stradivaríusar

Einn mesti dýrgripur fiðlusmiðsins Antonio Stradivari verður á sviði Háskólabíós í kvöld þegar japanski fiðluleikarinn Akiko Suwanai leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands fiðlukonsert númer 2 eftir Sergei Prokofíev.

Hún hefur meðferðis frá Japan eina af frægustu fiðlum veraldar, Höfrunginn svonefnda, sem Stradivari smíðaði árið 1714.

Japanska tónlistarstofnunin Nippon Music Foundation eignaðist þetta hljóðfæri árið 2000 og hefur lánað það endurgjaldslaust til úrvals tónlistarmanna. Meðal fyrri eigenda þess var fiðlusnillingurinn Jascha Haifetz, sem hefur verið sagður einn mesti fiðluleikari 20. aldarinnar.

Undanfarinn áratug hefur þessi japanska stofnun markvisst keypt hvert hljóðfærið úr smiðju Stradivaríusar á fætur öðru. Sextán fiðlur, þrjú selló og ein lágfiðla munu nú vera í eigu hennar, allt saman hljóðfæri sem Antonio Stradivari smíðaði á árunum 1696 til 1740.

Stjórnandi á tónleikunum í kvöld verður Rumon Gamba. Auk fiðlukonserts Prokofíevs flytur hljómsveitin sinfóníu númer 6 eftir Joseph Haydn og eftir hlé er síðan tekinn upp að nýju þráðurinn í Sjostakovitsj hringnum. Nú er röðin komin að sinfóníu númer 6, en Sinfóníuhljómsveitin hyggst flytja allar sinfóníur Sjostakovitsj á næstu misserum.

Á undan tónleikunum í kvöld býður Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands til samverustundar í Sunnusal Hótel Sögu þar sem Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfærðingur ræðir um 6. sinfóníu Sjostakovitsj með hjálp hljóðfæris og hljómtækja.

Samverustundin hefst klukkan 18 með léttum málsverði. ■



**AKIKO SUWANAI** Þessi ungi japanski fiðlusnillingur mætir með Stradivaríusarfiðlu á tónleika Sinfóníunnar í kvöld.


# Ljúfar laglínur og dansandi fjör

Þannig má lýsa höfuðeinkennum 2. fiðlukonserts Prokofíevs. Til að túlka þennan vinsæla fiðlukonsert kemur hinn óviðjafnanlegi fiðluleikari, Akiko Suwanai og mun hún leika á eina frægustu Stradivarius-fiðlu heims. Suwanai var aðeins 17 ára gömul þegar hún sigraði Tjajkovskíj-keppnina og varð þar með yngsti viðtakandi fyrstu verðlauna þessarar virtu keppni.

Gul tónleikaröð **#4** | HÁSKÓLABÍÓI **Í KVÖLD**, FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 19.30



Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba
Einleikari ::: Akiko Suwanai
Joseph Haydn ::: Sinfónía nr. 6 í D-dúr, „Le matin"
Sergej Prokofiev ::: Fiðlukonsert nr. 2 í g-moll, op. 63
Dímítríj Sjostakovítsj ::: Sinfónía nr. 6 í h-moll, op. 54
**Samverustund Vinafélagsins** hefst kl. 18.00 í Sunnusal Hótel Sögu. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur kynnir efnisskrá kvöldsins. Verð 1000 kr. Súpa og brauð innifalið. **Allir velkomnir.**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is



# BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Fö 21/1 kl 20 - blá kort - **UPPSELT**
Lau 22/1 kl 20 - **UPPSELT**
Fim 27/1 kl 20, Lau 29/1 kl 20 - **UPPSELT**
Su 30/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 5/2 kl. 20 - **UPPSELT,** Sun 6/2 kl 20,
Fi 10/2 kl 20 - **UPPSELT**, Fö 11/2 kl 20,
Lau 12/2 kl 20 - **UPPSELT,** Fi 17/2 kl 20,
Fö 18/2 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14,
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 ***Síðustu sýningar***

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**
*Fjölskyldusýning*
*THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI*
Lau 22/1 kl 14 ***Síðasta sýning***

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ**

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki* Í kvöld kl 20, Su 23/1 kl 20, Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl 20 - **UPPSELT**, Lau 12/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
***Sýningum lýkur í febrúar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.* Fö 21/1 kl 20, Lau 29/1 kl 20, Su 6/2 kl 20. ***Ath: Lækkað miðaverð***

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Í kvöld kl 20, Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS. Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20. **ATH: Bönnuð yngri en 12 ára**

**BOUGEZ PAS BOUGER**
*Japönsk - frönk nýsirkussýning*
Lau 29/1 kl 20 - kr. 2.100
***Aðeins þessi eina sýning***

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar**

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -**
**Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin**
**Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið**
**- kynning á verki kvöldsins**
**Kl 19:00 Matseðill kvöldsins**
**Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins**
**NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA**

**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga,**
**10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**
**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**



**Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT**

# TOSCA

**Frumsýning 11. feb. kl.20.00 – UPPSELT** – 2. sýning 13.feb. kl. 19.00
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – **FÁAR SÝNINGAR**
Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 – endurmenntun@hi.is
**Miðasala á netinu: www. opera.is**
www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200**
Landsbankinn Banki allra landsmanna
ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.



**TENÓRINN**
fös. 4. feb. kl. 20.00
sun. 13. feb. kl. 20.00
sun. 20. feb. kl. 20.00
**Sýningum fer fækkandi**

**FAÐIR VOR**
fös. 21. jan kl. 20.00
lau. 29. jan. kl. 20.00
**Sýningum fer fækkandi**

IÐNÓ
*Miðasala í síma 562 9700*
***www.idno.is***





**VODKAKÚRINN**
**Helga Braga** **Steinn Ármann**
**AUSTURBÆR**
Fös. 21/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 29/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 virkadaga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

17 18 19 **20** 21 22 23

**Fimmtudagur**

### ■ TÓNLEIKAR

☐ 12.15 **Steinn Erlingsson** bariton syngur á hádegistónleikum í sal Tónlistarskóla Garðabæjar í tilefni af 40 ára afmæli skólans. **Agnes Löve** leikur á píanó.

☐ 20.30 Funk- og djasshljómsveitin **UHU!** spilar á Ömmukaffi, Austurstræti 20,

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Noise** og **Sign** rokka á Grand Rokk.

### ■ LISTOPNANIR

☐ 14.00 **Tryggvi Ingvarsson** rafvirkjameistari sýnir útsaum og málaða dúka í Menningarsalnum á Hrafnistu í Hafnarfirði.

### ■ SKEMMTANIR

☐ **F. Boggie** og **Dj Stef** verða á Pravda með rnb og hipp hopp stemmningu.

### ■ FYRIRLESTRAR

☐ 16.00 **Nigel Watson,** leikari og fræðimaður, flytur fyrirlestur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn nefnist "Er Shakespeare enn samtímamaður okkar?".

### ■ FUNDIR

☐ 15.45 **Auður Maggí** fyrir hönd Feminstafélagsins, **Bjarni Ólafsson** fyrir höndu Frjálshyggjufélgsins og **Rósa Erlingsdóttir** stjórnmálafræðingur fjalla um misrétti kynjanna á málfundi í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð.


**SPÍTALASKIPIÐ**
**NEMENDALEIKHÚSIÐ**
eftir Kristínu Ómarsdóttur
Frumsýn. fös. 21. jan. kl. 20
**- uppselt -**
Hátíðarsýn. sun. 23. jan. kl. 20
**- uppselt -**
3. sýn. fim. 27. jan. kl. 20
**- örfá sæti laus -**
**Miðaverð 1000 kr.**
**Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13**
**552-1971 - leiklistardeild@lhi.is**
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

# Skrímslin innra með okkur

**MYNDLIST**

GODDUR

**Gallerí dvergur**
Sigga Björg Sigurðardóttir

**Niðurstaða:** Þarna tekst listamanninum að sameina hið fallega og hið ljóta með lagi sem sjaldgæft er.



**VERUR/SKEPNUR** Í minnsta galleríi bæjarins, Gallerí Dverg við Grundarstíg, sýnir nú Sigríður Björg Sigurðardóttir litaðar teikningar af ýmsum kynjaverum.

Í sýningarými Gallerí Dvergs sem staðsett er í kjallara bakhúss að Grundarstíg 21 í Þingholtunum opnaði Sigga Björg Sigurðardóttir litla sýningu nú á dögunum. Hún kallar sýninguna „Lappir, línudans og fórnarlamb í gulri peysu". Hún sýnir litaðar teikningar þar sem sviðsettar eru hálfnaktar verur, skepnur eða líkamspartar sem eru á mannlegum mörkum. Hún segist sjálf búa til: „verur/skepnur, sem líta út eins og fólk eða dýr en þurfa ekki endilega að vera annað hvort. Þær eru einfaldlega til þess að sýna ákveðið hugarástand". Gott og vel, það er ánægjulegt að vera vitni að því þegar hlýir og yndislegir listamenn taka upp á því að opinbera fyrir okkur hinum hvað þeir eru í góðu og fallegu sambandi við sinn innri demón.

Og hverjir eru þessi demónar, þessi skrímsli innra með okkur? Það er mörg þúsund ára gömul spurning sem taugalíffræðin svarar ekki en allir vita að er samt sem áður fullkominn raunveruleiki. Listamenn allra tíma og allra menningarsamfélaga hafa fjallað um þessi skrímsli og baráttuna við þau. Við höfum fullt af dæmum úr fornri menningu, til dæmis Fáfni. Það skyldi þó ekki vera að þetta sé allt saman sami drekinn, sama skrímslið og heilagur Georg glímir við í miðaldabókmenntum? Eða við upplifum í styttu Einars Jónssonar á skemmtigöngu niðri við tjörn þar sem drekinn liggur steindauður með sverðið í miðjum hausnum. Því hefur verið hvíslað að þessi demón sé í raun og veru sá sami og Móse fann í launhelgum Egypta og kristnir menn kalla djöfulinn. Að hann sé ekkert annað en hið breyska sjálf sem yfirvinnst aðeins með hinu æðra sjálfi í líki Georgs, Sigurðar eða Krists. En ég sel það svo sem ekkert dýrara en ég keypti það.

Það sem við fyrstu sýn virðast vera litglaðar og loðnar myndir ljóstra upp við nánari athugun loðnari veruleika – fallega litaðar en afmyndaðar verur í undarlegum stellingum, krypplaðar en samt í hinum yndislegustu formum. Hún gælir við demóninn og sefar hann þannig. Þarna tekst listamanninum að sameina hið falllega og hið ljóta með lagi sem sjaldgæft er. Eins konar tragí-kómískir demónar, undurfallegir órar og martraðir. Sýningin kemur líka einkar vel út sökum þess að áhorfandinn neyðist til að nálgast verkin í hinu dvergvaxna rými – því hærri sem áhorfendur eru því lægra þurfa þeir að lúta. Sigga Björg Sigurðardóttir er eftirtektarverður listamaður sem hefur hefur sýnt verk sín í Skotlandi, Englandi, Kína og á Íslandi. Nýlega sýndi hún í CCA (Centre of Contemporary Arts) í Glasgow á samsýningunni „Noonday Demons" og í Norræna húsinu á samsýningunni „Vetrarmessa". Fram undan hjá henni er svo sýningarþátttaka á vegum Bowiearts í London, í Ástralíu og í Japan. Þessi sýning stendur út janúar.

# Bergmál Ragnhildar

Einn þekktasti slagverksleikari heims, Stomu Yamashíta, kemur fram á Listahátíð í Reykjavík í vor, þar sem hann frumflytur nýtt verk eftir Ragnhildi Gísladóttur við texta eftir Sjón.



**RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR** Slagverksleikarinn Stomu Yamash'ta frumflytur verk eftir hana í sumar.

Þessi þekkti slagverksleikari, sem sagður er hafa breytt ímynd slagverksins, flytur með sér til landsins hljóðfæri sem búið er til úr þriggja milljón ára gömlum steinum og vegur um eitt tonn.

Þetta er eitt af viðamestu verkefnum Listahátíðar í ár og hefur það fengið nafnið Bergmál. Þátttakendur í þessu verkefni eru þau Stomu Yamash'ta, Ragnhildur Gísladóttir, Sigtryggur Baldursson og Sjón ásamt Barna- og kammerkór Biskupstungna og Skólakór Kársness.

Verkið verður frumflutt í Skálholtsdómkirkju laugardaginn 21. maí kl. 13.30. Aðrir tónleikar verða haldnir í Langholtskirkju þriðjudaginn 24. maí kl. 20.00.

Stomu hefur unnið með fjölmörgum heimsþekktum listamönnum, þar á meðal tónlistarmanninum Mick Jagger og kvikmyndaleikstjóranum Robert Altman auk þess sem hann samdi tónlistina við „The Man Who Fell to Earth". Að undanförnu hefur hann í auknum mæli helgað sig japanskri tónlist og tónlist tengdri friði í heiminum. ■


*Sjálfsvíg*

**Fræðslufundur í Safnaðarheimili Háteigskirkju í kvöld 20. janúar kl. 20-22.**

Umfjöllunarefni: Sjálfsvíg. Fyrirlesarar:
sr. Svavar Stefánsson og Ólafía M. Guðmundsdóttir.
Allir velkomnir.



NÝ DÖGUN

*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*






**Penninn býður ávallt bestu sætin**

Þú getur stólað á frábært verð, mikil gæði og vandaða þjónustu.

Við bjóðum fjölbreytt úrval skrifborðs- og skrifstofustóla fyrir skrifstofuna, fundarherbergið, ráðstefnusalinn, mötuneytið eða kaffistofuna. Fjöldi lita, ýmsar tegundir áklæða og margskonar útfærslur gefa nær ótakmarkaða möguleika.

[5] **Öllum stólum hjá Pennanum fylgir 7 daga reynslutími og 5 ára ábyrgð að lágmarki.**

Penninn

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000, **Reykjavík**
Penninn-Bókval, Hafnarstræti, 91-93, sími 461 5050, **Akureyri**
Penninn TRS, **Selfossi** • Penninn, **Keflavík** • Bjarg, **Akranesi**
Penninn, **Vestmannaeyjum** • Penninn, **Ísafirði**
**www.penninn.is**



KRINGLUKRÁIN UM HELGINA



• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878

Pizzeria Bar & Grill

Hljómsveitin TILÞRIF um helgina

www.kringlukrain.is

Restaurant Kringlukráin – á góðri stund í mat og drykk



**Viltu taka þátt í skemmtilegu starfi fyrir ungt fólk á aldrinum 14-20 ára.**

*Leiklist
*Hljómsveit
*Kór
*Guðfræðihópur



Starfið ber yfirskriftina KMS og ef þú vilt taka þátt í þessu skemmtilega listastarfi, skaltu koma í safnaðarheimili Áskirkju sem er við Vesturbrún 30, fimmtudagana 20. og 27. janúar kl. 17:00 og tilkynna þáttöku.
Á þessari önn verður settur upp söngleikur og farið í helgarferð í sumarbúðirnar í Vatnaskógi. Frekari upplýsingar veitir Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur í síma 822-8865 eða gegnum netfangið midborgarprestur@kirkjan.is. Þáttakendur þurfa aðeins að greiða hluta af ferðakostnaði í Vatnskóg.

Þjóðkirkjan











## FRÉTTIR AF FÓLKI

Frammistaða Wesley Snipes í myndinni New Jack City, sem kom út árið 1991, kveikti áhuga leikarans Jamie Foxx á því að ná frama í Hollywood. Eftir að hafa séð myndina var Foxx sannfærður um að þeldökkir leikarar gætu hæglega náð betri árangri en hvítir í kvikmyndaborginni. Foxx, sem fékk nýverið Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni Ray, segir að New Jack City hafi verið þeldökk útgáfa af hinni sígildu mynd The Godfather.




**Stjórn á blóðþrýstingi**

LH-drykkurinn er gerður úr undanrennu sem sýrð er með venjulegum mjólkursýrugerli, *Lactobacillus helveticus*. Hann hefur þá eiginleika að geta klofið mjólkurprótein í litlar próteineiningar, lífvirk peptíð. Þessi peptíð geta hjálpað til við stjórn á blóðþrýstingi. Sjá nánar á **www.ms.is**




Náttúruleg hjálp við stjórn á blóðþrýstingi


■ FÓLK

# Kylie horfir enn á aðra karlmenn

Kylie Minogue segist enn horfa á aðra karlmenn þó hún sé í sambandi með franska leikaranum Olivier Martinez. Poppstjarnan sem er orðin 36 ára gömul, var spurð í ástralska útvarpinu hvort hún kíkti enn á aðra menn. „Ef maður gengur fram hjá mér get ég ekki annað en tekið eftir honum þó það fari ekkert lengra en það. Þegar eitthvað nær athygli þinni þó þú sért að horfa annað þá ertu ekki beinlínis að horfa á það," sagði hún og hló.

Kylie sagði einnig í viðtalinu að hún hefði eytt hátíðunum í fríi með „Ollie" í París og hefði flogið heim rétt eftir áramót til þess að eyða tíma með fjölskyldunni. „Ég hef eytt talsverðum tíma í París síðustu mánuði og við Ollie förum í ferðalag með vinum hans. Ég neyddist til þess að tala frönsku. Þau hrósuðu mér í lok ferðarinnar og sögðu að franskan mín færi batnandi."

Kylie segist líka vel í París vegna þess að „það skiptir ekki máli hvar maður sé í París, það er alltaf rómantískt og fallegt". ■



**KYLIE MINOGUE** Segist enn kíkja á aðra menn þó hún sé í sambandi með franska leikaranum Olivier Martinez.






# Hrífandi kvikmynd

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Opnunarmynd frönsku kvikmyndahátíðarinnar í Háskólabíói er Un long dimanche de fiançailles eða Langa trúlofunin. Leikstjóri Amelié, Delicatessen og Borgar hinna týndu barna færir okkur hér nýjasta afsprengi sitt. Þrjú ár eru síðan hann gladdi mörg hjörtu með Amelié og eftirvæntingin því mikil. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók eftir Sebastien Japrisot frá árinu 1994. Hún fjallar um unga konu, Mathilde, leikna af Audrey Tautou. Myndin gerist á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar og hafði unnusti hennar verið dæmdur fyrir herrétti á meðan stríðinu stóð. Hann var ásamt fjórum mönnum dæmdur til dauða fyrir að veita sjálfum sér sár til að komast hjá bardaga. Mathilde fær aldrei sönnun fyrir því að pilturinn sé látinn og er staðráðin í að finna ást lífs síns. Á meðan á leitinni stendur kemst hún í kynni við margvíslegar skemmtilegar persónur.

Myndin er að hluta til ansi blóðug eins og búast við af stríðsmynd. Jean-Pierre Jeunet hefur tekist einstaklega vel að sýna hroðann sem stríði fylgir á sem raunverulegastan hátt. Einnig er frábært að sjá hversu vel honum tekst að fanga tíðarandann og finnst manni eins og myndin sé í raun frá þessum tíma. Þó svo að myndin sé blóðug að hluta til er hún einnig gríðarlega falleg eins og flestar myndir Jeunet. Myndir hans eru oft svo fallegar að hver einasti rammi er listaverk. Þessi mynd er sennilega tekin með gulri linsu sem gefur henni einstakan gamaldags blæ.

Það sérstaka við myndirnar hans Jeunet er að þó svo að þær fjalli um jafn hryllilegan atburð og stríð nær hann alltaf að lauma mörgum húmorískum atriðum í þær. Þetta gerir hann með frábærri persónusköpun og litlum hnyttnum atriðum. Þessi mynd er engin undantekning að því leyti og margoft fær hann áhorfendur til þess að skella upp úr. Sagan í Un long dimanche de fiançailles er einstaklega falleg en eilítið klisjukennd. Það er ekki hægt að segja að söguþráðurinn sé einhver snilld en það eru litlu hlutirnir sem bjarga honum; bréfin sem Mathilde finnur frá hermönnunum, karakterarnir sem hún hittir á ferðum sínum og samband hennar við foreldra sína. Myndin er vel leikin að öllu leyti og greinilegt er að Jeunet á nokkra uppáhaldsleikara því marga hefur maður séð áður í hans myndum. Umgjörðin og sjónræni hlutinn eru samt það besta við myndina og allir þeir sem hafa áhuga á öðruvísi og fallegum myndum ættu að kíkja á þessa perlu.

Borghildur Gunnarsdóttir



**UN LONG DIMANCHE DE FIANÇAILLES / LANGA TRÚLOFUNIN**

**LEIKSTJÓRI:** JEAN-PIERRE JEUNET

**LEIKARAR:** AUDREY TAUTOU, GASPARD ULLIEL, JEAN-PIERRE BECKER OG DOMINIQUE BETTENFELD.

**NIÐURSTAÐA:** Þessi fallega saga er vel leikin að öllu leyti og greinilegt er að Jeunet á nokkra uppáhaldsleikara því margir hafa áður sést í hans myndum. Umgjörðin og sjónræni hlutinn eru samt það besta við myndina og allir þeir sem hafa áhuga á öðruvísi og fallegum myndum ættu að kíkja á þessa perlu.

■ TÓNLIST

# Óvæntir tónleikar

Tónlistarmaðurinn Beck hélt óvænta tónleika á litlum stað í Los Angeles á dögunum fyrir framan aðeins 250 manns. Þar spilaði hann efni af væntanlegri plötu sinni sem enn hefur ekki fengið nafn.

Á meðal nýrra laga sem hann tók voru Guero, Hell Yes og Epro. Upptökur á plötunni hafa staðið yfir í Los Angeles og á hún að koma út í mars. Upptökustjórar eru The Dust Brothers og Tony Hoffer. ■



**BECK** Tónlistarmaðurinn Beck hélt óvænta tónleika fyrir framan 250 manns í Los Angeles á dögunum.










KVIKMYNDIR

# Carter þjálfari á toppinn

Kvikmyndin Coach Carter, með Samuel L. Jackson í aðalhlutverki, fór beint á topp bandaríska aðsóknarlistans um síðustu helgi, sína fyrstu viku á lista. Alls halaði hún inn tæpa 1,5 milljarða króna í miðasölunni.

Þar með sló hún gamanmyndina Meet the Fockers úr efsta sætinu þar sem hún hafði trónað í þrjár vikur.

Coach Carter er byggð á sannri sögu um körfuboltaþjálfara hjá háskólaliði sem bannaði leikmönnunum að keppa svo þeir gætu einbeitt sér betur að náminu. ■


**Á FRUMSÝNINGU** Samuel L. Jackson og Ashanti, sem bæði leika í Coach Carter, ásamt hinum raunverulega Ken Carter, á frumsýningu Coach Carter í Hollywood. AP/MYND












# VIÐ TÆKIÐ

## Þjóð á gelgjuskeiði

**EDDU JÓHANNSDÓTTUR** FANNST FRÍSKANDI AÐ HEYRA SKOÐANIR ÚTLENDINGA Á LANDI OG ÞJÓÐ

Útlendingum finnst Íslendingar ekki eins æðislegir og Íslendingum finnst Íslendingar. Það er samt allt í lagi. Þó gestsaugað geti verið glöggt sér það ekki endilega allt í réttu ljósi. Það var samt margt til í því sem útlendingarnir sögðu í myndinni How do you like Iceland. Við erum auðvitað hálf hallærisleg í barnslegri lönguninni til að vera marktæk á heimsvísu. Hvernig á líka annað að vera? Þjóð sem var hér um bil útdauð fyrir hálfri annarri öld hlýtur að teljast ung þjóð og því eðlilegt að við séum enn að slíta barnsskónum. Ég er viss um að þegar gelgjuskeiðinu lýkur verðum við hin frambærilegustu og munum jafnvel standa jafnfætis öðrum menningarþjóðum. Þangað til getum við æft okkur í að vera hógværari og tóna okkur aðeins niður. Nokkuð var vegið að íslenskum karlmönnum í þættinum og auðvitað ekki hægt að alhæfa um þá frekar en annað. Hins vegar er eitthvað „defekt“ við markaðinn hér á landi, sérstaklega þegar fólk er komið af léttasta skeiði. Ég þekki ótrúlega margar vel menntaðar og glæsilegar konur sem finna ekki íslenskan karl við hæfi. Þær fara ekki að dæmi Snæfríðar að taka þann versta frekar en þann næstbesta, heldur velja að vera einar og halda í kröfuna um myndarlega, klára, skemmtilega og fágaða karla, eins og það sé til of mikils mælst. Þær segja mér hins vegar að ekki sé kvikindi á sveimi og fátt í stöðunni annað en að hefja stórtækan innflutning til landsins á vel völdum körlum.



Íslensk náttúra er stolt okkar Íslendinga, en útlendingar telja okkur litla náttúruverndarsinna.

Hvað sem öllu því líður var myndin áhugaverð og þó það geti verið hollt fyrir alla að skoða naflann á sér af og til er engin ástæða fyrir þjóðina að leggjast í allsherjar naflaskoðun eða pælingar um það hvað öðrum finnst.



**20.50** *Gaman*

**Scrubs. Læknaneminn J.D. Dorian er ansi sniðugur og lendir í fyndnum atvikum eftir því.**



**20.00** *Söngur*

**American Idol. Nú er leitin hafin að næstu poppstjörnu Bandaríkjanna þar sem Paula, Randy og Simon sitja í dómarasætinu.**



**21.30** *Ferðalag*

**The Simple Life 2. Paris Hilton og Nicole Richie ferðast yfir Bandaríkin þver og endilöng til að lifa eins og venjulegt fólk.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Fræknir ferðalangar (22:26)** (Wild Thornberries)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Verksmiðjulíf (2:6)** (Clocking Off IV) Breskur myndaflokkur sem gerist meðal verksmiðjufólks í Manchester.
**20.50** **Nýgræðingar (66:68)** (Scrubs III) Gamanþáttaröð um læknanemann J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**21.15** **Launráð (63:66)** (Alias III) Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Skrifstofan (2:2)** (The Office: Specials) Breskur grínþáttur. Það er líf og fjör í jólaboðinu á skrifstofunni. David Brent kemur með dömu með sér sem er bæði bráðhugguleg og næstum eins greind og hann.

**23.15** Af fingrum fram **0.00** Körfuboltakvöld **0.15** Kastljósið **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** You Are What You Eat (1:8) (e) **13.10** Jag (24:25) (e) **13.55** The Block 2 (9:26) (e) **14.50** Miss Match (15:17) (e) **15.35** Bernie Mac 2 (15:22) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons**
**20.00** **American Idol 4** Leitin að næstu poppstjörnu Bandaríkjanna er hafin. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.45** **Jag (21:24)** (Tribunal) Harmon Rabb er fremstur í flokki í lögfræðingasveit flotans. Harm og félagar glíma við erfið mál eins og morð, föðurlandssvik og hryðjuverk.
**21.30** **Silent Witness 8 (1:8)** (Þögult vitni) Sakamálaþættir um meinafræðinginn Sam Ryan. Hún er jafnan hörð í horn að taka og er tilbúin að tefla á tvær hættur til þess að komast til botns í málum. Aðalhlutverkið leikur Amanda Burton. Bönnuð börnum.
**22.20** **Silent Witness 8 (2:8)** (Þögult vitni)

**23.10** Convergence (Stranglega bönnuð börnum) **0.50** Trapped in Paradise **2.40** Fréttir og Ísland í dag **4.00** Ísland í bítið (e) **5.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**17.30** Þrumuskot – ensku mörkin (e)

**18.30** **Fólk ñ með Sirrý (e)**
**19.30** **According to Jim (e)** Jim Belushi fer með hlutverk hins nánast óþolandi Jims.
**20.00** **Borðleggjandi með Völla Snæ** Völundur býr sem kunnugt er á Bahamaeyjum þar sem hann rekur veitingastað og galdrar fram suðræna og seiðandi rétti - með N-Atlantshafslegu yfirbragði.
**20.30** **Yes, Dear** Systurnar Kim og Christine eru eins ólíkar og systur geta verið!
**21.00** **Still Standing** Miller fjölskyldan veit sem er að rokkið blífur, líka á börnin.
**21.30** **The Simple Life 2** Paris Hilton leggur af stað út í hinn stóra heim, ásamt vinkonu sinni Nicole Ritchie.
**22.00** **CSI: Miami** Hópurinn rannsakar auðmenn sem eiga flugvöll eftir að skrúfuflugvél hrapar á strönd í Miami.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** The Bachelorette (e) **0.15** Helena af Tróju (e) **1.05** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Joe Somebody **10.00** Josie and the Pussycats **12.00** Swingers **14.00** Josie and the Pussycats **16.00** Joe Somebody **18.00** Arresting Gena **20.00** X Change (Bönnuð börnum) **22.00** The Forsaken (Bönnuð börnum) **0.00** Dracula 2001 (Bönnuð börnum) **2.00** Scream 2 (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Forsaken (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

**19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna og tilveruna (e) **21.30** Joyce Meyer **22.00** 700 klúbburinn **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Kvöldljós (e) **1.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. Wag the Dog **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

**10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

**CNN**

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** Global Office **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

**EUROSPORT**

**12.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **13.15** Biathlon: World Cup Antholz Italy **15.00** Snooker: Welsh Open Newport Wales **16.30** Alpine Skiing: World Cup Zagreb Croatia **17.45** Skeleton: World Cup Torino Italy **18.15** Biathlon: World Cup Antholz Italy **19.15** Snooker: Welsh Open Newport Wales **22.00** Rally: World Championship Monte Carlo Monaco **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Trial: Indoor World Championship Sheffield **23.45** Tennis: Tennis Stories

**BBC PRIME**

**7.35** Blue Peter Flies the World **8.00** The Best **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Diet Trials **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Captain Abercromby **14.45** The Story Makers **15.05** Blue Peter Flies the World **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Diet Trials **18.30** EastEnders **19.00** Keeping up Appearances **19.30** Yes Minister **20.00** Clocking Off **20.55** Lewis Carroll – Curiouser & Curiouser **21.45** Mastermind **22.15** The League of Gentlemen **22.45** Two Thousand Acres of Sky **23.35** Ruby Wax Meets **0.05** Great Railway Journeys of the World **1.00** Kingdom of the Ice Bear **2.00** Modcon **2.30** Modcon **3.00** Trouble At the Top **3.40** Personal Passions **4.00** Follow Me **4.30** Kids English Zone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**16.00** Fairy Penguins **17.00** Battlefront: the Last Strong Hold **17.30** Battlefront: D-day **18.00** Explorations: Vision – Seeing Is Believing **19.00** Totally Wild **19.30** Monkey Business **20.00** Fairy Penguins **21.00** Built for the Kill: Shark **22.00** Stalking Leopards **23.00** Battlefront: Battle of Palau **23.30** Battlefront: Mount Belvedere **0.00** Built for the Kill: Shark **1.00** Stalking Leopards

**ANIMAL PLANET**

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's My Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** African Bush Rescue **19.30** Escape the Elephants **20.00** Untamed Earth **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets **1.00** African Bush Rescue **1.30** Escape the Elephants **2.00** Untamed Earth **3.00** Venom ER **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

**DISCOVERY**

**16.00** Hooked on Fishing **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Racing Car is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Forensic Detectives **21.00** FBI Files **22.00** FBI Files **23.00** Forensic Detectives **0.00** First World War **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Hooked on Fishing **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Crowded Skies

**MTV**

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Base Chart **19.00** Newlyweds **19.30** Globally Dismissed **20.00** Boiling Points **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Superock **0.00** Just See MTV

**VH1**

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Jackson Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** The Story of Michael Jackson **14.30** Fabulous Life Of **15.00** Classic Michael **15.30** Janet Jackson Rise & Rise Of **16.30** Best of Janet **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Michael Jackson Fanclub **19.00** VH1 Classic **19.30** Fabulous Life Of **20.00** Michael Jackson News Story **21.00** Janet Jackson Rise & Rise Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CARTOON NETWORK**

**7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom



## HRÓSIÐ

*...fær Skúli Einarsson, formaður Matsveinafélags Íslands, fyrir að láta ekki auglýsingu frá 10-11 yfir sig ganga hljóðalaust. Í auglýsingunni segir „Guð gaf okkur lambakjötið, en djöfullinn gaf okkur kokkana“. Skúli hefur mótmælt þessu og segist ekki vera getinn af djöflinum.*



**Lárétt:** 1 skordýr, 6 hjúpur, 7 káfa, 8 átt, 9 dýrahljóð, 10 ofna, 12 þykir vænt um, 14 mar, 15 ekki, 16 guð, 17 ílát, 18 fótabúnaður.

**Lóðrétt:** 1 tala mikið, 2 fugl, 3 öfugur tvíhljóði, 4 kaupstaður, 5 slár, 9 dvelja, 11 umbylting, 13 vörumerki, 14 rám, 17 rykkorn.

**Lausn:**

**Lárétt:** 1 maurar, 6 ára, 7 ká, 8 sa, 9 urr, 10 óna, 12 ann, 14 haf, 15 ei, 16 ás, 17 ask, 18 skór.
**Lóðrétt:** 1 mása, 2 ara, 3 ua, 4 akranes, 5 ráf, 9 una, 11 rask, 13 nike, 14 hás, 17 ar.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Evrópusambandið.
2. Björgólfur Thor Björgólfsson.
3. Danir.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

## AÐ MÍNU SKAPI

**ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR LEIKKONA**

# *Underground, Furðulegt háttalag hunds og Jerúsalem*

**Tónlist** Tónlist Gorans Bregovic úr myndinni *Underground* er reglulega í spilaranum hjá mér og er rosa flott tónlist. Annars hlusta ég mikið á útvarp og er hálf ónýt eftir að Skonrokk hætti. Það var stöð sem ég hlustaði mikið á.

**Bók** *Furðulegt háttalag hunds um nótt* eftir Mark Haddon er dásamlega einlæg og skemmtileg bók. Einnig er *An Evil Cradling* eftir Írann Brian Keenan ógleymanleg og í miklu uppáhaldi. *Ilmurinn* eftir Patrick Süskind er klassík sem er alltaf gaman að lesa aftur og aftur. Annars er ég nú mikill bókaormur og gæti endalaust þulið upp bækur sem eru í uppáhaldi.

**Bíómynd** *Alfie* með Jude Law var bara hin ágætasta afþreying og ekki slæmt að hafa svona augnakonfekt í aðalhlutverki. *Delicatessen* í leikstjórn Jean-Pierre Jeunet er mikið uppáhald. Einnig er *Jóni Oddi og Jóni Bjarna* alltaf skellt í tækið þegar ég er lasin, þannig að ég hef horft á hana svona 1-2 sinnum á ári síðastliðin 10 ár.

**Borg** *Jerúsalem* heillaði mig upp úr skónum þegar ég var á ferð um Ísrael fyrir fjórum mánuðum. Borgin er gullfalleg og hvít, það er allt svo hvítt þar. Einnig er auðvitað London í uppáhaldi þar sem ég bjó í nokkur ár og kunni mjög vel við hana. Endalaus ævintýri á hverju horni þar.

**Búð** *Primark* í London er algjör snilld og þar versla ég alveg helling í hvert sinn sem ég fer. Ég held að ég hefði varla getað komist í gegnum skólann í London ef ég hefði ekki haft Primark við höndina. Einnig er mjög flott búð sem heitir *Beyond Retro* og er í hliðargötu á Brick Lane, þar er hægt að finna gamla og flotta kjóla.

**Verkefni** Þessa dagana á hug minn allan Saumastofan 30 árum seinna eftir Agnar Jón sem við frumsýndum síðasta sunnudag á litla sviði Borgarleikhússins. Leikritið okkar er byggt á gömlu saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson sem sló í gegn fyrir 30 árum síðan. Saumastofan 30 árum seinna er mikill gleðigjafi og hvet ég alla til að skella sér í leikhúsið og sjá sýninguna.






FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HELGA VALA HELGADÓTTIR** Er farin af Rás 2 yfir á nýja útvarpsstöð sem hefur gengið undir nafninu Gufan.



**ILLUGI JÖKULSSON** Útvarpsstjórinn vildi ekkert tjá sig um nýju útvarpsstöðina við Fréttablaðið.



**INGVI HRAFN JÓNSSON** Hefur verið orðaður við starf á Gufunni.

HELGA VALA HELGADÓTTIR: AF RÁS 2 YFIR Á „GUFUNA“

# Starfsfólk talmálsútvarps þegir

Helga Vala Helgadóttir hefur verið ráðin til starfa á nýrri útvarpsstöð, í eigu 365 ljósvakamiðla, sem hefur gengið undir vinnuheitinu Gufan.

Helga Vala, sem áður var einn af umsjónarmönnum Spegilsins á Rás 2, er nýjasti starfsmaður stöðvarinnar en áður höfðu þau Hallgrímur Thorsteinsson, Sigurður G. Tómasson, Ragnheiður G. Jónsdóttir og útvarpsstjórinn Illugi Jökulsson ráðið sig þar til starfa. Þáttur Helgu Völu verður á dagskrá milli klukkan 15 og 18 alla virka daga. Um verður að ræða þungavigtarþátt þar sem áhersla verður lögð á fréttatengt efni.

Helga Vala vildi lítið tjá sig um stöðina og málefni tengd henni við Fréttablaðið í gær. Sömu sögu var að segja af öðrum starfsmönnum hennar. Svo virðist því sem stöðin hafi komið á fjölmiðlabanni hjá starfsfólki eins og hingað til hefur einungis tíðkast með keppendur í Idol.

Ingvi Hrafn Jónsson hefur einnig verið nefndur til sögunnar sem einn af starfsmönnum stöðvarinnar. Ingvi Hrafn lýsti því yfir í Fréttablaðinu 5. janúar að þáttur hans, Hrafnaþing, yrði einn af dagskrárliðunum og sagði meðal annars: „Samningurinn minn við Útvarp Sögu rann út um áramót og ég mun hefja störf á nýju stöðinni á næstu dögum.“

Fréttablaðið hefur hins vegar heimildir fyrir því að Ingvi Hrafn hafi ekki setið undirbúningsfundi með öðrum starfsmönnum hinnar væntanlegu útvarpsstöðvar.

„Þú verður að spyrja Illuga um stöðuna. Ég hef ekki enn hitt neinn enda í miklum önnum við að undirbúa Langá fyrir sumarið,“ sagði Ingvi Hrafn við Fréttablaðið í gær en bætti við að það hefði verið rætt að Hrafnaþing færi í loftið að nýju. „Ég hef ekki enn hitt útvarpsstjórann en ef stöðin fer í loftið fer ég kannski með henni. Það getur vel farið svo að leiðir okkar liggi saman.“

Illugi útvarpsstjóri vildi lítið tjá sig um málið þegar leitað var til hans í gær og sagði að það myndi skýrast á næstu vikum. Stefnt er að því að útvarpsstöðin hefji útsendingar eftir þrjár vikur eða svo.

freyr@frettabladid.is
kristjan@frettabladid.is




## BÆKUR

# Sýningar í Þýskalandi og Borgarfirði

Leikritið Blái hnötturinn virðist njóta mikilla vinsælda um þessar mundir. Auk þess að vera sýnt í barnaleikhúsi í Kanada í næsta mánuði hafa tveir áhugamannaleikhópar tekið það til sýninga.

Annars vegar er það leikhópur í borginni Bad Kreuznach í Þýskalandi sem spreytir sig á verkinu þessa dagana og hins vegar er leikritið sýnt á Brún í Bæjarsveit í Borgarfirði. „Það er metnaðarfull sýning,“ segir Andri Snær Magnason, höfundur leikritsins. „Þar eru sex persónur sem eru „fljúga“ og þar er alvöru foss og alvöru rigning,“ segir hann og er greinilega yfir sig hrifinn af framtakinu. Andri veit minna um uppsetningu leikritsins í Þýskalandi en er engu síður ánægður með að verkið sé að fá góðar viðtökur í öðrum löndum.



**BLÁI HNÖTTURINN** Leikritið Blái hnötturinn var á sínum tíma sýnt í Þjóðleikhúsinu við góðar undirtektir.

Það virðist því stefna í að leikritið Blái hnötturinn muni fara jafnvíða og samnefnd bók, sem þegar hefur komið út í tólf löndum. Á meðal þeirra eru Kórea, Taíland, Frakkland og Spánn. ■



STÓRÚTSALA
30-90% AFSLÁTTUR*
MÚSÍK
1.499kr.
999kr.
1.299kr.
1.499kr.
299kr.
799kr.
999kr.
499kr.
799kr.
DVD
999kr.
999kr.
999kr.
LEIKIR
999kr.
999kr.
1.499kr.
999kr.
999kr.
999kr.
999kr.
Birt með fyrirvara um ritvillur og myndbrengl - TURNINN
* Af afsláttarvörum
10% afsláttur af öðrum vörum við kassa
S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )
LEIKIR • MÚSÍK • DVD • LEIKIR • MÚSÍK • DVD • MÚSÍK • DVD • LE
Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: 585 8330, dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR, félag laganema við Háskóla Íslands.




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## Hugrekki

Við erum svo oft bundin af því að langa til að gera svo margt en þora ekki. Það eru svo margir sem lifa ófullnægðu lífi vegna þess að þeir hafa ekki látið drauma sína rætast. Alltof margir hugsa sem svo: „Mig langar en ég get ekki af því að...“ Þetta er yfirleitt rangt. Ástæðan er oftast einfaldlega sú að við erum hrædd.

**ÞETTA** er eins og að sitja um nótt við varðeld úti í skógi. Allt í kring er myrkur og óvissa. Öðru hvoru heyrist eitthvert hljóð en maður veit ekki hvað það er. Hræðilegast er draugalegt ýl sem kveður við öðru hvoru. Maður óttast að það sé eitthvað hræðilegt en maður veit það ekki. Það er notalegt að sitja við varðeldinn en ekkert sérstaklega spennandi til lengdar. Mann langar að gera svo margt annað. En maður getur það ekki vegna þess að maður er hræddur. Og maður fer að róa sjálfan sig með því að finna ótal ástæður fyrir því að gera ekki neitt. Maður fer jafnvel að kenna skapara sínum um að hafa komið manni fyrir þarna og líka öðrum fyrir að koma ekki og bjarga manni.

**EF** maður mundi láta verða af því að standa á fætur, labba frá öryggi varðeldsins og stíga í óttann mundi margt koma skemmtilega á óvart. Maður mundi komast að því að það var ekkert að óttast. Hljóðin voru bara trjágreinar sem blöktu í vindinum. Og ýlið var bara ugla sem flýgur burt þegar maður nálgast. Maður yrði frjáls.

**ÞÚ** getur gert það sem þú vilt. Þú getur látið alla þína drauma rætast. Þú getur orðið það sem þú vilt. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því nema þú. Það eina sem þú þarft er hugrekki. Hættu að hlusta á þínar eigin fortölur. Gerðu það sem þig hefur alltaf langað til að gera. Stígðu inn í óttann þinn. Og þú getur verið viss um að það er dýrmæt lexía falin þar fyrir þig. Óttinn hylur fjársjóð.

**HUGREKKI** er ekki óttaleysi. Hugrekki er að stíga fram þótt maður sé hræddur. Davíðssálmar eru gott dæmi og hollt nesti ef maður þarf að ganga frá einhverjum varðeldi og inn í óvissu. Höfundur sálmanna er skíthræddur en talar í sig kjark í sífellu. Og þannig fetar hann sig áfram og nær markmiði sínu.

**ÞÚ** ert guðs barn. Guð skapaði þig ekki til að lifa í eilífum ótta og vonleysi eins og hræddur héri, heldur til að njóta lífsins og bera höfuðið hátt. Guð setur þig ekki í pattstöðu. Hann gaf þér sjálfstæðan vilja. Þú ert þinn eigin bjargvættur.





